# BARNIÐ INNI Í MR. BEAN

Breski gamanleikarinn Rowan Atkinson snýr aftur sem hinn óborganlegi Mr. Bean í nýrri mynd sem frumsýnd er um helgina. „Fékk innblástur frá Jacques Tati“.



28







FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. apríl 2007 — 95. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Fata Morgana



Myndlistarmennirnir Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Guðrún Benónýsdóttir sýna í Nýlistasafninu.

MENNING 40

### Alþjóðavæðing á eigin forsendum

„Alþjóðavæðing fjármagnsins og allt talið um hana snýst nefnilega að verulegu leyti um völd,“ segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 10

### Vínið tekur netið í sína þjónustu



Anna Brynja Baldursdóttir sér um vínþátt á nýrri íslenskri netsjónvarpsstöð.

FÓLK 54

### Tap fyrir Póllandi



Alfreð Gíslason var óánægður með sína menn sem töpuðu fyrir Pólverjum í gær.

ÍÞRÓTTIR 48

### VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI** Suðvestanátt og rigning eða slydda við suður- og vesturströndina. Annars staðar þykknar upp með úrkomu snemma kvölds. Hitinn 1-3 stig fyrir sunnan en vægt frost norðan til.

VEÐUR 4


Árangur áfram - ekkert stopp



XB 2007

framsokn.is

Framsókn




**X-FACTOR** Færeyski hjartaknúsarinn Jógvan Hansen stóð í gær uppi sem sigurvegari X-Factor, og skaut þar með ref fyrir rass þeim ríflega þúsund þátttakendum sem skráðu sig til leiks síðasta haust. Mikið var um dýrðir í Vetrargarðinum í Smáralind þegar Jógvan atti kappi við systradúettinn Hara frá Hveragerði í úrslitaþættinum. Jógvan uppskar mikið lófatak áhorfenda þegar ljóst var að hann hafði borið sigurorð af systrunum Rakel og Hildi Magnúsdætrum með yfir 70 prósent atkvæða. Nýtt lag, Hvern einasta dag, var sérsamið fyrir þáttinn af Óskari Páli Sveinssyni og Stefáni Hilmarssyni. Þrátt fyrir að texti lagsins væri á íslensku fór Jógvan létt með flutninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mörg kosningaloforð svikin á tímabilinu

**Mörg þeirra loforða sem stjórnarflokkarnir gáfu fyrir síðustu þingkosningar hafa ekki verið efnd. Fréttablaðið skoðaði ítarlega efndir nokkurra kosningaloforða.**

**STJÓRNMÁL** „Ríkisstjórnarflokkarnir virðast ætla að láta á það reyna hvort maðurinn lifi af tannleysi,“ segir Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, um það kosningaloforð Framsóknarflokksins fyrir kosningarnar 2003 að „sjúkratryggingar taki sambærilegan þátt í kostnaði vegna tannviðgerða og annarrar heilbrigðisþjónustu“. Það er meðal ýmissa stefnumála ríkisstjórnarflokkanna sem ekki hafa gengið eftir.

Ítarlega er fjallað um stefnumál, ályktanir og loforð stjórnarflokkanna fyrir síðustu alþingiskosningar í Fréttablaðinu í dag.

Tuttugu útvöld loforð og stefnumál eru skoðuð og því svarað með skýrum hætti hvort þau hafi gengið eftir eða ekki. Auk þess er viðbragða leitað hjá fólki sem tengist stefnumálunum hverju sinni.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins skömmu fyrir kosningarnar 2003 var meðal annars ályktað um að einkarétt ur á póstdreifingu afnuminn og afstaða Sjálfstæðisflokksins í þjóðlendumálinu svokallaða væri skýr um að „þinglýstar eignarheimildir“ bæri að virða. Guðný Sverrisdóttir, formaður Félags landeigenda, segir augljóst að ekki hafi verið staðið við ályktunina um þjóðlendumálin. „Við getum farið yfir hæstaréttardómana sem féllu vegna jarða í Austur-Skaftafellssýslu í fyrra. Þar tel ég að þinglýstar jarðir hafi verið gerðar að þjóðlendum. Þar á ég við jarðirnar Fjall, Breiðamörk og hluta Stafafells í Lóni.“

Framsóknarflokkurinn talaði fyrir því að afnema verðtryggingu á lánum til skemmri tíma en tuttugu ára, en það hefur ekki verið efnt, frekar en loforð um að hætt verði að krefjast ábyrgðar þriðja aðila á námslánum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá hugðust sjálfstæðismenn leggja ÁTVR niður „þegar í stað“ og einnig færa dómstólum vald til að refsa brotamönnum með samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar. Hvorugt hefur verið gert.

- mh / þsj /sjá síðu 32

Göngugarpar í Gvæjana:

## Lifðu á loðnum risakögulóm

**FRANSKA GVÆJANA** **Tveir franskir göngugarpar þraukuðu í sjö vikur í frumskógum Frönsku Gvæjana með því að leggja sér til munns loðnar risakögulær. Einnig átu þeir félagar tvær skjaldbökur, ýmis minni skordýr og nokkur fræ.**

**Mennirnir brustu í grát þegar björgunarsveitir fundu þá nú í vikunni. Annar þeirra hafði líst um tuttugu kíló og misst alla tilfinningu í tungunni, eftir að hafa bitið í eitraða og hráa könguló.**

**- kóþ**




Opið 10–18 í dag

Kringlan

ÍSLENSKA ER KOSNINGAMÁL!

XF Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

**SPURNING DAGSINS**



*Óli, spiluðuð þið kross á spjaldinu í tilefni dagsins?*

„Við erum lítið fyrir boð og bönn þannig að við leyfðum bæði upp, niður og á ská.“

Óli Gneisti Sóleyjarson stýrði bingói Vantrúarhópsins sem haldið var í trássi við lög á Austurvelli í gær, föstudaginn langa, til að mótmæla helgidagalöggjöf Þjóðkirkjunnar.

Dæmdur í fangelsi fyrir vopnað rán, þjófnað og að hóta lögreglumönnum:

# Bað um lakkrís og dró upp hamar

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna, fyrir vopnað rán í söluturni, þjófnað úr skartgripaverslun og brot gegn valdstjórninni fyrir að hóta lögreglumönnum með hafnaboltakylfu.

Maðurinn gekk með hafnaboltakylfu á lofti að lögreglumönnum við skyldustörf í mars í fyrra og segir í dómnum að háttsemin hafi verið „til þess fallin að vekja með lögreglumönnunum ótta um líf sitt og heilbrigði“.

Í lok maí í fyrra braust maðurinn inn í skartgripaverslun á Skólavörðustíg með því að brjóta rúðu og stal þaðan demantsarmbandi og hvítagullshring með demanti, samtals að verðmæti 370 þúsund krónur.

Seinna sama dag fór hann inn í söluturn á Lækjartorgi og bað um lakkrís og sígarettur, dró því næst upp klaufhamar og skipaði afgreiðslustúlkunni að afhenda sér tíu þúsund krónur. Stúlkan lét hann hafa fimm þúsund krónur og lét hann sig þá hverfa.

Við ákvörðun dómsins var litið til þess að maðurinn átti engan sakaferil og játaði öll brot sín greiðlega, utan þess síðasta, sem hann neitaði þó ekki, heldur kvaðst ekkert muna eftir því sökum lyfja- og áfengisneyslu. Hann var einnig dæmdur til að greiða tæpa hálfa milljón í sekt fyrir skartgripina sem ekki hafa komið í leitirnar og skemmdir á versluninni.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. **- sh**



**GAMLA SKIPTISTÖÐIN VIÐ LÆKJARTORG** Maðurinn rændi söluturn í húsinu vopnaður klaufhamri.

Pressuleikur í fótbolta:

## Ómar mætir Samúel Erni

**LÍKNARMÁL Pressuleikur fjölmiðlafólks og frambjóðenda fer fram í Egilshöll klukkan þrjú í dag. Miðinn kostar þúsund krónur og andvirði miðasölunnar rennur óskipt til Blátt áfram, CP samtakanna og Umhyggju – félags til stuðnings langveikum börnum.**

**Meðal liðsmanna fjölmiðlafólks eru Hemmi Gunn, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Auðunn Blöndal og Ómar Ragnarsson. Í liði frambjóðenda eru meðal annarra Ágúst Ólafur Ágústsson, Jónína Bjartmarz, Samúel Örn Erlingsson og Ellert B. Schram. Fyrir leik og í hléi troða þekktir skemmtikraftar upp. - sh**



**ROKKAÐ Á ÍSAFIRÐI** Þegar haft var samband við Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Ísafjarðar, var á hann á leið til byggða á snjósleða til að geta tekið þátt í rokkhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/BB.IS

Rokkhátíð alþýðunnar:

## Aldrei fór ég suður á síðustu stundu

**ÍSAFJÖRÐUR Vestfirska tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar hófst á Ísafirði í gærkvöldi.**

**„Þetta var allt á síðustu stundu en með hjálp góðra manna tókst þetta,“ sagði Hálfdán Bjarki Hálfdánarson, rokkstjóri hátíðarinnar.**

**Hátíðin stendur yfir í tvo daga að þessu sinni, í stað eins áður.**

**Um fjórtíu atriði eru á dagskránni og segja forsvarsmenn hennar gríðarlegan fjölda mættan til að taka þátt í hátíðarhöldunum.**

**Sem fyrr er frítt inn á alla viðburði hennar en enginn tónlistarmannanna og fæstir starfsmannanna taka eyri fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi til að gestir geti notið tónlistarinnar sem best. - kdk**

# Fátækir verða verst úti vegna veðurfars

**Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál hefur verið samþykkt eftir átakafund í Brussel. Fátækari ríki standa illa að vígi ef fram fer sem horfir. Alþjóða Rauði krossinn hvetur ríku löndin til að bregðast við.**

**UMHVERFISMÁL** Hungursneyð og þurrkar verða í fátækari ríkjum heims og stórflóð og aurskriður verða víða um Asíu, ef ekki verður gripið í taumana varðandi hlýnun jarðar. Hinir bágstöddustu verða helst fyrir barðinu á loftslagsbreytingunum og á það einnig við um bágstadda í ríkum löndum.

Um þetta urðu vísindamenn og stjórnarerindrekar 120 ríkja loks sammála eftir langa nótt samningaviðræðna í Brussel í gærmorgun.

„Þessi skýrsla staðfestir það sem óttast hefur verið mest, að þeir sem höllustum fæti standa í fátækustu löndum heims, svo sem aldraðir, sjúkir og fátækir, eru í mestri hættu vegna loftslagsbreytinga,“ segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. Alþjóða Rauði krossinn gaf frá sér yfirlýsingu um skýrsluna og hvetur þar ríkisstjórnir heims til að fjárfesta í nauðvörnum til að aðstoða fátækari ríki og veikburða.

Sú 1.572 blaðsíðna skýrsla sem samþykkt var í gær í Brussel var unnin af Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum og er sú sama og kynnt var fyrir tveimur mánuðum. Þá vakti hún mikla eftirtekt.

Vísindamennirnir sem sömdu skýrsluna máttu glíma við stjórnarerindreka ýmissa stærri iðnríkja sem vildu gera minna úr niðurstöðunum. Voru erindrekarnir sakaðir um að vilja „útvatna“ skýrsluna. Þeir kröfðust þess sumir að fá að umorða og þurrka út nokkrar lykilsetningar skýrslunnar.

Vísindamönnunum varð heitt í hamsi og hétu nokkrir því að koma aldrei aftur nálægt slíkum málamiðlunum. Meðal þess sem fjarlægt var úr endanlegri útgáfu var skýringarmynd sem sýndi ógnvænleg áhrif hækkunar meðalhitastigs um 1,8 gráður. Að sögn Associated Press-fréttastofunnar var þó lítið deilt um vísindalegan grunn skýrslunnar.

Þrátt fyrir að nokkuð hafi verið dregið úr þunga niðurstaðna með þessum málamiðlunum sendir skýrslan „mjög, mjög skýra vísbendingu“ til ríkisstjórna heimsins, sagði Yvos de Boer, yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum.

**klemens@frettabladid.is**



NORDICPHOTOS/AFP

### NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR

- Hækki hitastig um 1,5 til 2,5 gráður eykst hætta á að 20 til 30 prósent allra plöntu- og dýrategunda á jörðinni þurrkist út.
- 75 til 250 milljónir Afríkubúa gætu þurft að glíma við vatnsskort fyrir árið 2020.
- Bráðnun jökla gæti aukist og þar með dregið úr vatnsorku þeirra landa sem styðjast við jökulvatn, þeirra á meðal er vitanlega Ísland.
- Uppskera gæti aukist um 20 prósent í Austur- og Suðaustur-Asíu. Á móti gæti hún minnkað um 30 prósent í Mið- og Suður-Asíu.

Réttarhöld í SA-Tyrklandi:

## Kúrdískir bæjarstjórar ákærðir

**TYRKLAND, AP** Tyrkneskur saksóknari fór fram á það fyrir rétti á þriðjudag að yfir fimmtíu bæjarstjórar, sem eru Kúrdar, yrðu fangelsaðir fyrir meintan stuðning við aðskilnaðarhreyfingu Kúrda með því að biðja forsætisráðherra Danmerkur að heimila kúrdískri sjónvarpsstöð, sem sendir út frá Danmörku, að starfa áfram.

Saksóknarinn sagði í lokaræðu sinni í réttarhaldinu að 53 bæjarstjórar skyldu dæmdir í allt að fimmtán ára fangelsi hver fyrir að hafa gerst sekir um virkan stuðning við hryðjuverkasamtök. Hann bað réttinn að sýkna þrjá aðra bæjarstjóra sem einnig voru ákærðir. Að beiðni verjenda var dómsuppkvaðningu frestað til 8. maí. **- aa**

Hátíðisdagar álagsdagar:

## Fjölmennt í Kvennaathvarfi

**FÓLK „Það hefur verið gríðarlega mikið að gera hjá okkur núna,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.**



**SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**

**Hún segir hátíðisdaga oft geta verið mikla álagsdaga. Erfitt sé þó að koma auga á ákveðið mynstur í þeim efnum hjá Kvennaathvarfinu.**

**„Stundum eru hátíðisdagar afar slæmir hérna hjá okkur en stundum er afar rólegt yfir þegar þá ber að. Nú er mikið af fólki hérna en við reynum bara að gera okkur glaðan dag hér á bæ með hefðbundnu páskaeggjaáti fyrir börnin og fleira í þeim dúr,“ segir Sigþrúður. - kdk**

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 10. apríl. Afgreiðsla og smáauglýsingadeild blaðsins er opin í dag frá klukkan 11 til 16. Afgreiðsla og smáauglýsingadeild blaðsins er lokuð á morgun, páskadag, og á annan dag páska.

**NORÐUR-KÓREA**

### Bankareikningar þíddir

Bandaríkjamenn ætla að koma milljónum dollara á „frystum“ bankareikningum Norður-Kóreumanna í hendur eigendanna. Peningarnir liggja frystir vegna efnahagsþvingana. Endurheimt þessa fjár var meðal skilyrða Kóreumanna fyrir kjarnorkuafvopnun.

**DÓMSMÁL**

### Stal tölvu og iPod

Sautján ára piltur var á mánudag dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela fartölvu, iPod og fjórum DVD-mynddiskum úr herbergjum á sameiginlegri heimavist Menntaskólans og Verkmenntaskólans á Akureyri í október í fyrra.



**KÓREUMAÐUR Á ÞJÁNINGARSTÍG** Margir Suður-Kóreumenn eru í Jerúsalem á píslargöngu. NORDICPHOTOS/AFP

Pínu Krists minnst um víða veröld á föstudaginn langa:

# Þúsundir gengu í Jerúsalem

**TRÚARBRÖGÐ, AP** Pílagrímar um víða veröld fetuðu í fótspor Jesú Krists í gær og endurléku píslarsögu Nýja testamentisins. Þúsundir pílagríma lögðu leið sína alla leið á söguslóðirnar sjálfar, til Jerúsalemborgar.

Þvílík var aðsóknin að borgaryfirvöld í Jerúsalem útdeildu hverjum kristnum söfnuði sinn afmarkaða tíma á frægum stöðum í gömlu borginni, sérstaklega á fjórtán sögustöðum Píslarstígsins.

Skærur hafa orðið á þessum stöðum milli kristinna manna, sem hafa deilt um forgang að þeim.

Pílagrímarnir komu meðal annars frá Bandaríkjunum, Indlandi, Suður-Kóreu, Rússlandi og Filippseyjum.

Verslunareigendur sögðu í viðtali við AP-fréttastofuna að asískir og afrískir ferðamenn væru hlutfallslega flestir, en Evrópubúar héldu sig enn fjarri.



**PÓLVERJAR ENDURLEIKA PÍSLARSÖGUNA** Um 100.000 bændur og munkar söfnuðust saman í Kalwaria Zebrzydowska í gær og brugðu sér í búninga. NORDICPHOTOS/AFP

Ferðamenn hurfu að mestu frá Jerúsalemborg þegar átök hófust að nýju milli Palestínumanna og Ísraela í september árið 2000. Þá herjuðu sjálfsmorðssprengjumenn á borgina. Síðustu misseri hefur ferðamönnum fjölgað á nýjan leik. **- kóþ**



Opið í Skútuvogi á Annan í páskum frá kl. 10-21

10stk Páskaliljur 690



Páskagreinar **599**



Páskaliljur í potti **299**
Potthlíf fylgir ekki

# Gleðilega páska

Allar páskavörur! 30% afsl.








**Kaffi Garður**
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið **490.kr**
Gildir í skútuvogi

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

**GENGIÐ 04.04.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 66,42 | 66,74 |
| Sterlingspund | 131,2 | 131,84 |
| Evra | 88,76 | 89,26 |
| Dönsk króna | 11,908 | 11,978 |
| Norsk króna | 10,857 | 10,921 |
| Sænsk króna | 9,511 | 9,567 |
| Japanskt jen | 0,5584 | 0,5616 |
| SDR | 100,45 | 101,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,8434

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Írönsk stjórnvöld hafna ásökunum bresku sjóliðanna fimmtán um illa meðferð:

# Sjóliðarnir saka Írana um harðræði

**LONDON, AP** Bresku sjóliðarnir fimmtán sem var sleppt á miðvikudag eftir tvær vikur í haldi Írana, segjast hafa verið beittir harðræði á meðan á vistinni stóð. Þá drógu þeir til baka játningu sína þess efnis að þeir hafi gerst sekir um að fara í leyfisleysi inn í íranska lögsögu. Íranar segja ásakanirnar hreinan tilbúning og áróður.

Sjóliðarnir héldu blaðamannafund í gær og lásu þar sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir sögðust hafa þurft að sæta handahófskenndum yfirheyrslum, þeir hafi verið bundnir og vistaðir í einangrun með bundið fyrir augun.



**HEIMTIR ÚR HELJU** Nokkrir sjóliðanna svöruðu spurningum á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / AFP

Þeir fullyrða að þeir hafi dvalið í litlum steinklefum, sofið á teppahrúgum og hafi verið látnir óttast aftöku þegar þeim var stillt upp við vegg á meðan íranskir hermenn hlóðu vopn sín.

Þeir segja jafnframt að þeim hafi verið veittir afarkostir, þeir yrðu að játa að hafa farið í heimildarleysi inn í íranska landhelgi, ella yrði þeim haldið föngnum.

Íranar sendu frá sér tilkynningu skömmu síðar þar sem þeir sögðu fullyrðingar bresku sjóliðanna uppspuna. Tilgangur hennar væri að hylma yfir mistök breska hersins. Sviðsettir blaðamannafundir myndu ekki breiða yfir þá staðreynd að sjóliðarnir hefðu farið ólöglega inn í íranska landhelgi. - sh

Átak í Kringlunni eftir páska:

# Lögreglumenn leita hnuplara

**LÖGREGLUMÁL Viðskiptavinir Kringlunnar mega eiga von á því að óeinkennisklæddir lögreglumenn leynist á meðal þeirra nú eftir páska. Þá hefst herferð gegn búðahnupli sem öryggisgæsla Kringlunnar stendur að í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.**

**Alla jafna er um helmingur þeirra sem staðnir eru að hnupli í Kringlunni krakkar að stela sér sælgæti.**

**Þó eru þjófarnir eins misjafnir og þeir eru margir og er sá elsti sem gómaður hefur verið upp á síðkastið í Kringlunni hálfníræð kona.** - sh



**BINGÓBLÍÐA** Nokkrir létu sjá sig á helgasta degi ársins til að freista gæfunnar í bingóspili. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Íslenskir trúleysingjar:

# Brutu lögin með bingóspili

**TRÚMÁL** Vefritið Vantrú, málgagn trúleysingja á Íslandi, stóð fyrir bingói í blíðskaparveðri á Austurvelli í gær, föstudaginn langa, til að mótmæla helgidagalöggjöf ríkisins. Lögregla skarst ekki í leikinn þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um það í lögum að ólöglegt sé að skipuleggja bingó á opinberum stað á helgidegi.

Listsýningar, leikhús og bíó eru leyfileg á helgustu dögunum en ekki skemmtanir á borð við dansleiki, opinberar sýningar, happdrætti, bingó og önnur skipulögð spilamennska. Lögin eiga að tryggja trúuðum frið til helgihalds. - sh

Þyrla sótti vélsleðamann:

# Bakmeiðsl eftir fall af hengju

**SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, var kölluð út á skírdag til að sækja slasaðan vélsleðamann nærri Hágöngum á hálendinu. Maðurinn hafði farið fram af hengju á sleðanum og kenndi sér meins í baki.**

**Sleðasveitir frá Hellu og Hvolsvelli voru fyrst kallaðar út en vegna þess að um bakmeiðsli var að ræða var kallað á þyrlu til að flytja manninn.**

**Maðurinn var fluttur á Landspítalann í Fossvogi og reyndist talsvert slasaður, þó ekki mjög alvarlega.** - sh

# Nágranni með kött bolaði hundi burt

**Eigandi gamals hunds á Sólvallagötu neyddist til að gefa dýrið frá sér vegna kröfu frá konu í þríbýlishúsinu þar sem hann býr. Hann segir fáein skref frá götunni hafa gert gæfumuninn. Hundurinn er kominn í fóstur úti á landi.**

**FÓLK** „Ég er með sérinngang, sem hefði átt að duga mér til að hafa hundinn, en af því að ég þarf að ganga yfir lóðina til þess að fara að þessum sérinngangi varð hundurinn að fara,“ segir Hallgrímur V. Jónsson, sem býr í þríbýlishúsi á Sólvallagötu.

Hallgrímur keypti kjallaraíbúð á Sólvallagötu milli jóla og nýárs og hefur verið að gera íbúðina upp. Með Hallgrími flutti í húsið labradorhundurinn Tinni, sem hann hefur átt í níu og hálft ár.

Á miðhæðinni búa hjón en efsta hæðin er í eigu

> Ég gat ekki hugsað mér það að hann yrði bara tekinn einn daginn og svæfður.

konu sem þar býr. Báðir þessir nágrannar Hallgríms halda ketti. Hjónin á miðhæðinni fyrir sitt leyti samþykktu Tinna en konan á efstu hæðinni vildi hundinn burt.

„Hún sagði að hann hefði skitið í garðinn en það var bara fyrirsláttur. Ég fer alltaf með hundinn burt til þess. Það heyrist aldrei gelt í þessum hundi og hann er ekki fyrir neinum,“ fullyrðir Hallgrímur.

Þar sem ekki lá fyrir samþykki allra íbúa hússins krafðist umhverfissvið Reykjavíkur þess að Hallgrímur fyndi hundinum nýjan samstað. Hallgrími fannst borgarkerfið alfarið draga taum nágranna hans og reyndi að biðja Tinna griða svo hann fengi notið samvista við þennan vin sinn síðustu æviár hundsins. Kerfinu varð þó ekki haggað.



**TINNI** Veiðihundurinn sem fær ekki að eyða ævikvöldinu með lífsförunaut sínum. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Ég var að vinna við að mála austur á Flúðum og þar var mikill gæðadrengur sem hafði áhuga á hundinum og sem ég treysti. Svo ég ákvað bara að hann skyldi fá hundinn. Ég gat ekki hugsað mér það að hann yrði bara tekinn einn daginn og svæfður,“ segir Hallgrímur.

Að sögn Hallgríms er Tinni gríðarvel upp alinn hundur. „Það sýnir hversu mikill



**HALLGRÍMUR V. JÓNSSSON** Aðeins fáein skref eru af götunni inn á heimili Hallgríms á Sólvallagötu en það var nóg til þess að hann varð að gefa hundinn frá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

gæðahundur þetta er að hann er búinn að aðlagast nýja húsbóndanum á hálfum mánuði. Enda hefur hann fengið þúsund tíma þjálfun sem veiðihundur. Tinni er alvöru hundur,“ segir Hallgrímur, sem kveðst eiga langt í land með að sætta sig við orðinn hlut:

„Tinni er einfaldlega partur af mér og ég sakna hans mikið. Ég hef ekki upplifað erfiðari tíma. Ég er enn að kíkja eftir hvort það fari ekki vel um hann á gólfinu í bílnum.“

gar@frettabladid.is

Móðir ábyrg vegna áreksturs:

# Lánaði 14 ára dóttur sinni bíl

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi hafði afskipti af fjórtán ára stúlku í fyrradag þar sem hún sat undir stýri og hafði ekið á kyrrstæðan bíl. Átta ára frændi hennar var með henni í bílnum. Móðir stúlkunnar hafði lánað dótturinni bílinn „til að fara á rúntinn í góða veðrinu“, að sögn varðstjóra lögreglu, og vissi hún vel að sá átta ára var með í för. Móðirin ber refsiábyrgð af atvikinu, auk þess sem barnaverndaryfirvöldum verður líklega gert viðvart.

Að sögn varðstjóra mun þetta ekki í fyrsta skipti sem hann kynnist svona athæfi. Hann hafi fyrir nokkrum misserum stöðvað fjórtán ára stúlku undir stýri á Ísafirði, með ölvaða foreldra sína og sjö ára bróður í bílnum. - sh

Sökk í krapa á Fjarðarheiði:

# Köldum karli náð úr krapa

**BJÖRGUN Karlmaður sökk í krapa og festist á Fjarðarheiði í fyrradag. Hann hafði farið við annan mann á heiðina, á vélsleða og gönguskíðum.**

**Björgunarsveitir voru kallaðar út en þegar þær bar að garði hafði samferðamaður hans getað hjálpað honum að komast upp á vélsleðann. Björgunarsveitarmaður í þurrbúningi kom skíðaskel út að vélsleðanum og kom honum því næst á þurrt sem sjúkrabíll beið hans. Manninum heilsast ágætlega eftir atvikið.** - sh

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Árekstur á Kárahnjúkavegi

Tveir stórir flutningabílar skullu saman á Kárahnjúkavegi í gærmorgun í þykkri þoku við Eyjabakkaafleggjarann. Að sögn lögreglu var áreksturinn harður en ökumenn sluppu við meiri háttar meiðsl.






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Páskahelgin fram undan**

Í dag má búast við úrkomu og talsverðum vindi við suður- og vesturströndina. Einnig þykknar upp á Norðurlandi og undir kvöld verður einhver úrkoma í öllum landshlutum. Hitastigið breytist lítið og yfir landið í heild verður hitinn um eða yfir frostmarki. Á páskadag má svo búast við áframhaldandi úrkomu um allt land.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Austan 10-15 m/s, hvessir þegar líður á daginn. Hiti 2-5 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 11°C skýjað | London | 16°C hálfskýjað | Eindhoven | 14°C léttskýjað |
| Billund | 9°C léttskýjað | París | 17°C heiðskýrt | Basel | 18°C hálfskýjað |
| Osló | 8°C léttskýjað | Frankfurt | 10°C skýjað | Alicante | 18°C skúrir |
| Stokkhólmur | 6°C skýjað | Friedrichshafen | 20°C skýjað | Róm | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 10°C skýjað | Berlín | 11°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



## AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Laugardagur 7. apríl
opið 11-18

Páskadagur 8. apríl
LOKAÐ
Smárabíó opið

Annar í páskum 9. apríl
LOKAÐ

| | |
|---|---|
| Smárabíó | opið |
| Hagkaup | opið 12-18 |
| Nóatún | opið 11-20 |
| Adesso | opið 13-18 |
| Pizza Hut | opið 12-21 |
| Subway | opið 12-18 |
| Energia | opið 13-18 |
| Friday's | opið frá kl 16 |
| Ísinn | opið 11-18 |
| Nammi.is | opið 11-18 |

# PÁSKAR
## Í SMÁRALIND



### VELDU TÖFF RAFRÆNT GJAFAKORT FYRIR FERMINGARBARNIÐ

Stundum getur verið vandasamt að velja réttu gjöfina handa fermingarbarninu. Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því þá getur unglingurinn sjálfur valið það sem hann langar í. Þú færð kortið ásamt flottum gjafakassa á þjónustuborði Smáralindar.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér viðeigandi að halda uppistandskeppni á föstudaginn langa?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Angrar veggjakrot þig?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Starfsmaður á leikskóla í Mosfellsbæ sem sagt var upp eftir langvarandi veikindi:

# Segir uppsögn vera ólögmæta

**DÓMSMÁL** Rúmlega fimmtug kona í Mosfellsbæ hefur stefnt bænum fyrir meinta ólögmæta uppsögn hennar úr starfi á leikskóla.

Í stefnu konunnar kemur fram að hún hafi ráðið sig í fullt starf á leikskóla í Mosfellsbæ í ágúst 2003 fyrir tæplega 116 þúsund króna mánaðarlaun auk 10 prósenta persónuálags. Hún hafi bæði starfað sem leiðbeinandi og við ræstingar.

Konan segir að í september 2004 hafi hún veikst alvarlega í kviðarholi auk þess að þjást af liðagigt og festumeinum. Hún hafi verið meira og minna veik fram í byrjun maí 2005 er hún hafi farið í skurðagerð.

Konunni var sagt upp störfum í febrúar 2005, um hálfu ári eftir að hún veiktist. Konan telur að ólöglega hafi verið staðið að uppsögninni, meðal annars hafi hvorki ástæða hennar ekki verið tilgreind né hafi henni verið gefin viðvörun. Alls telur hún fimm mánaðarlaun ógreidd og krefst 757 þúsund króna.

Mosfellsbær hefur hafnað kröfum konunar. Bærinn telur að hún hafi sjálf látið af störfum en því mótmælir hún harðlega. Hún skorar á bæinnn að framvísa öllum þeim læknisvottorðum sem hún hafi skilað inn á meðan veikindinum stóð. **- gar**



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Starfsmaður leikskóla stefnir bæjarstjóranum fyrir hönd bæjarins vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslendingar og Indverjar:

# Rannsaka jarðskjálftaspár

**VÍSINDI Íslenskir og indverskir jarðvísindamenn munu vinna saman að undirbúningi og þróun langtímaverkefnis í jarðskjálftarannsóknum á næstu árum. Sendiherra Íslands á Indlandi, dr. Gunnar Pálsson, og ráðuneytisstjóri vísindamálaráðuneytis Indlands, dr. T. Ramasami, undirrituðu á fimmtudag viljayfirlýsingu um þetta.**

**Veðurstofa Íslands mun annast samstarfið fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og tengjast Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri verkefninu. Einkum verður skoðað hvernig spá megi fyrir um jarðskjálfta. - sh**

Stakk lögreglu af á reiðhjóli:

# Handleggsbraut lögregluþjón

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þurfti að hafa afskipti af karlmanni um fertugt í Breiðholti í gær. Hann var kominn að húsi konu sem hefur ítrekað þurft að kalla til lögreglu vegna ónæðis og ofsókna mannsins.

Lögreglumenn hugðust handtaka manninn en sá hafði aðrar fyrirætlanir. Hann hljóp undan lögreglumönnum, stökk á bak reiðhjóli sínu og ætlaði að flýja réttvísina. Lögreglumaður vildi stöðva för hans en hjólreiðamaðurinn lét sér ekki segjast og hjólaði á lögregluþjóninn. Lögreglumaðurinn skall því í götuna og handleggsbrotnaði. Ólátamaðurinn var handtekinn og á yfir sér kærur fyrir að ráðast á lögreglumann. Einnig verða ásakanir konunnar um ofsóknir rannsakaðar. **- kdk**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Á ofsahraða á Ísafirði

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði í fyrrakvöld ökumann sem ók á ofsahraða, 126 kílómetra hraða, innanbæjar þar sem hámarkshraðinn er 60 kílómetrar á klukkustund. Maðurinn var sviptur ökuréttindum á staðnum.

### Vélhjólamaður beinbrotnaði

Vélhjól og jepplingur lentu í hörðum árekstri á Réttarholtsvegi í fyrradag. Ökumaður vélhjólsins kastaðist af hjólinu og þurfti að flytja hann á slysadeild. Hann reyndist beinbrotinn víða, en hlífðargalli og hjálmur komu í veg fyrir frekari meiðsl.

### Hljóp úr bílnum og faldi sig

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði fjóra ökumenn fyrir ölvunarakstur aðfaranótt fimmtudags. Einn þeirra reyndi að flýja lögreglu á hlaupum og faldi sig við Klettháls. Lögreglumenn áttu þó ekki í miklum erfiðleikum með að finna manninn.

# Veitingamenn svara ekki Neytendastofu

**Nokkrir veitingamenn hafa ekki svarað fyrirspurn Neytendastofu um hvers vegna verð hafi ekki lækkað í samræmi við virðisaukalækkun. Sjötíu mötuneyti fengu einnig bréf. Matur eldri borgara lækkaði um tæp fimm prósent.**

**NEYTENDAMÁL** Nokkrir veitingamenn hafa enn ekki svarað fyrirspurnum Neytendastofu um verðlagsbreytingar vegna lækkunar virðisaukaskatts 1. mars.

Eftir fjölda ábendinga frá almenningi sendi Neytendastofa tæplega eitt hundrað bréf til veitingamanna þann 16. mars. Í bréfunum var beðið um skýringar á því af hverju verðlækkun hefði ekki komið fram að fullu. Veitingamönnum var gefinn svarafrestur til 26. mars.

Margir þeirra sem svarað hafa segjast víst hafa lækkað og skýra umkvartanir almennings með seinagangi sem hafi orðið á verðlækkunum. „Mörg veitingahúsanna virðast því miður ekki hafa lækkað strax,“ segir Anna Birna Halldórsdóttir hjá Neytendastofu.

Anna segir að nú sé verið að sannreyna svör veitingamannanna með því að miða þau við verðkannanir sem Neytendastofa gerði í október í fyrra og febrúar á þessu ári. „Þannig að þetta er ansi mikil vinna í kringum þetta,“ segir hún. Að auki sé verið að vinna úr svörum um sjötíu mötuneyta.

Erna Hauksdóttir hjá Samtökum ferðaskrifstofunnar segir um tafir á svörum veitingamanna að Samtökin hafi mælst til þess að þeir „taki þátt í því sem ætlast er til,“ en ekki sent út formlega hvatningu. Hún búist við því að þeir svari allir að lokum.

Samkvæmt könnun ASÍ hafa lágvöruverslanir sýnt fordæmi í verðlækkunum og lækkun virðisaukaskatts hefur skilað sér út í vöruverðið í góðu samræmi við væntingar sem gerðar voru.



**ÚTI AÐ BORÐA** Neytendur hafa verið duglegir við að senda sínum umboðsmönnum ábendingar og á tímabili var Neytendastofa „að drukkna í ábendingum,“ að sögn starfsmanns. Veitingamenn eru ekki jafn duglegir að svara fyrirspurnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir að þetta komi ekki á óvart. „Þetta er staðfesting á tilfinningu okkar. Vandamálið er einkum og sér í lagi veitingahús og mötuneyti en við gerum okkur vonir um að veitingamenn hafi séð að sér og lækkun komi fram þegar Hagstofan birtir mælingu sína í þessum mánuði,“ segir hann.

Matvöruverð í mötuneytum þjónustumiðstöðvar eldri borgara í Reykjavík lækkaði um 4,4 prósent upp í tæp 4,7 prósent um síðustu mánaðamót en aðrar veitingar, til dæmis kaffi og brauð, lækkuðu um sjö prósent að meðaltali.

Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs, segir að Hagstofan hafi gert ráð fyrir 6,1 prósents lækkun á hráefnisverði frá 1. mars. Hráefniskostnaður sé hins vegar bara hluti af matarverðinu og því hafi verið lækkað minna á félags- og þjónustumiðstöðvum eldri borgara.

**klemens@frettabladid.is, ghs@frettabladid.is**


# Afmælishátíð

**KOLAPORTIÐ** fagnar 18 ára afmæli sínu um helgina

**OPIÐ 11-17**



**Öll börn* fá gefins trúðaís á mánudaginn**

*12 ára og yngri

emmessís

**Afmælisafsláttur af mörgum vörum**

**KOLAPORTIÐ**

**- opið laugardag og mánudag**


Íslenskur skiptinemi lýsir reynslu sinni af vatnavöxtum í Santa Fe í Argentínu:

# Fátækir hagnast á flóðunum

**ARGENTÍNA** Spáð er að rigni á nýjan leik um helgina í Santa Fe, Argentínu, en þar hafa minnst sjö drukknað í miklum vatnavöxtum fyrstu dagana í apríl. 38.000 manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín.

„Flóðin hafa næstum einungis áhrif á fátækt fólk hér í Santa Fe,“ segir Sigurður Rúnar Birgisson, sem er í skiptinámi þar.

Skóli Sigurðar hefur skotið skjóli yfir fjölskyldur sem misst hafa heimili sín og hefur kennsla því fallið niður. Kennarar mæta þó til vinnu og aðstoða þá bágstöddu.



**SIGURÐUR RÚNAR BIRGISSON**

„Mikið af fólkinu er svo fátækt að það hagnast í raun á flóðinu. Ríkisstjórnin veitir þeim húsaskjól, mat og jafnvel peninga, svo fólkið stendur eftir með meira en það hafði áður. Margir heimilislausra berjast samt sem áður við hungrið og hafa reynt að ræna matvöruverslanir,“ segir hann.

Sigurður býr í millistéttarhverfi og þar stafar lítil hætta af flóðunum. „Athyglisvert er að verða vitni að því að stór meirihluti þeirra sem hefur orðið fyrir barðinu á flóðinu er fátækt fólk. Hjá hinum gengur lífið bara sinn vanagang, því þeirra hverfi eru reist á hærri grunni en fátækrahverfin. Þeir halda því áfram að fara út að borða og í leikhús,“ segir Sigurður. „Sagt er að allir séu jafnir fyrir guði, en að upplifa svona fær mann til að spyrja sig hvort svo sé í raun og veru.“ **- kóþ**



**HUNDUR Í SJÁLFHELDU** Einn Argentínumaður drukknaði þegar hann reyndi að bjarga hundi sínum í Santa Fe fyrir einni viku síðan. NORDICPHOTOS/AFP







**Helgafellsbyggingar ehf.**
Völuteig 8
270 Mosfellsbæ
Sími 575 6800 / 840 6801
hannes@helgafell.is

**HELGAFELL**
Athyglisverður staður

Fiton/SÍA


VANTAR ÞIG VANA IÐNAÐARMENN?
Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins
Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?
VOOT
STARFSMANNAMIÐLUN
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS








'07 70ÁR Á FLUGI


GEFÐU FERÐALAG Í FERMINGARGJÖF
Það er bæði þroskandi og gaman að sjá sig um í heiminum. Gjafabréf frá Icelandair, full greiðsla eða innborgun upp í flugfargjald, er fermingargjöf sem opnar nýjar leiðir.
+ Pantaðu fermingargjöfina á icelandair.is/gjafabréf
Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.


Nýtt lestarhraðamet slegið á nýju spori milli Parísar og Strassborgar:

# TGV-lest fór í 575 km hraða

**FRAKKLAND, AP** Frönsk TGV-hraðlest með sérefIda vél og stærri hjól en slíkar lestar renna almennt á setti nýtt hraðamet fyrir hefðbundnar teinalestir á þriðjudag, er hún komst í 574,8 km hraða á klukkustund á nýju hraðlestarspori á milli Parísar og Austur-Frakklands.

Hin svarta og krómlitaða lest, sem samanstóð af þremur tveggja hæða farþegavögnum á milli tveggja eimreiða með samtals 25.000 hestafla vélum, bætti fyrra met umtalsvert, en það var 515,3 km/klst og sett af fyrri kynslóð TGV-lestar árið 1990. Nýja metið náði þó ekki hraðametinu sem japönsk segulsviðsspors-hraðlest setti árið 2003, en það var 581 km/klst. Slíkar lestar svífa á rafsegulsviðspúða og snerta aldrei teinana.



**METLESTIN** Methraðlestin, sem kölluð var V-150, á brautarstöðinni í Reims. Methraðinn er sýndur með stolti á skiltinu. NORDICPHOTOS/AFP

Methraðanum var náð á nýja hraðlestarsporinu milli Parísar og Strassborgar, er lestin var komin um 200 km austur af höfuðborginni.

„Ég er stoltur af að hafa náð takmarkinu,“ sagði lestarstjórinn Eric Pieczac.

Árangurinn bætir ímynd franskrar hraðlestaframleiðslu, sem getur gagnast henni vel í samkeppninni um útflutning á slíkri tækni, ekki síst til Kína. **- aa**

Verkalýðshreyfingin fundar:

## Skoða launamál Indónesa

**VINNUMARKAÐUR** Fulltrúar samstarfsnefndar verkalýðshreyfingarinnar átti fund með fulltrúum austurríska verktakafyrirtækisins Va Tech á miðvikudag vegna launakjara þrjátíu Indónesa á Kárahnjúkum. Grunur leikur á að Indónesarnir þrjátíu sem eru starfsmenn indónesísks dótturfyrirtækis Va Tech fái greitt undir taxta.

Þorbjörn Guðmundsson, formaður nefndarinnar, segir að vinnuveitandinn hafi ekki lagt fram nægjandi upplýsingar. Eftir fundinn hafi nefndarmenn upplýst fulltrúa Landsvirkjunar um stöðu málsins. Þorbjörn segir að frekari frestur hafi ekki verið veittur.

Hjörtur Nielsen, umboðsmaður Va Tech á Íslandi, vonast til að málið skýrist fljótlega. **- ghs**


**KRAKKARNIR SKEMMTA SÉR** Mikill fjöldi fólks naut útiverunnar í Hlíðarfjalli í gær enda veður gott og skíðafærið líka. FRÉTTABLAÐIÐ/INDÍANA

# Páskafjör í Hlíðarfjalli

**Páskarnir hafa farið vel af stað á Akureyri. Mikið er um gesti í bænum og af nógu að taka. Opið verður í Hlíðarfjalli alla páskana. Mikil stemning var í fjallinu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að.**

**ÚTIVIST** „Veðrið er búið að vera ljómandi fínt og veðurspáin hefur skánað mikið frá því sem hún var fyrir tveimur dögum,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, framkvæmdastjóri Skíðastaða. Opið verður yfir alla páskana í Hlíðarfjalli og samkvæmt Guðmundi Karli eru allar lyftur í gangi og færið ágætt.

Páskahátíðin hefur farið vel af stað á Akureyri. Mikill fjöldi gesta er í bænum og hefur umferðin gengið áfallalaust fyrir sig. Lögreglan segir erfitt að segja til um fjölda gesta en flestar ef ekki allar orlofsíbúðir séu í notkun og þétt setið um gistirými.

Guðmundur Karl segir veðurspána ágæta. „Veðurspáin er ekki alslæm. Hann er að snúast í austan- frekar en sunnanátt og eru það bestu veðurfarsáttirnar hérna í Eyjafirðinum,“ segir Guðmundur og bætir við að skíðaiðkendur láti veðrið ekki stöðva sig. „Hér í Hlíðarfjalli varð allt fullt strax um tíuleytið í morgun enda er gott veður afstætt. Hér er alltaf líf og fjör og um að gera fyrir alla að skella sér á skíði eða snjóbretti og eiga góðan dag með fjölskyldunni í góða veðrinu. Það verður af nógu að taka hér í fjallinu. Í dag, laugardag, munu frambjóðendur Norðausturkjördæmis reyna fyrir sér í skíðakunnáttu þar sem tveir fyrrverandi skíðamenn, Kristján Möller og Kristján Júlíusson, munu etja kappi á milli sín og munu örugglega fá harða keppni frá Valgerði Sverrisdóttur, sem er ættuð frá Grenivík og hefur líklega oft rennt sér niður Kaldbak. Steingrímur J. Sigfússon er einnig mikill íþróttamaður svo það verður spennandi að sjá hvernig þetta fer,“ segir Guðmundur Karl og bætir við að einnig verði keppt í svokölluðu Skíðastaðatrimmi þar sem flugmiðar og páskegg verða í verðlaun. „Fyrst og fremst munu þó gestir geta rennt sér og notið útiverunnar með fjölskyldunni hér í fjallinu.“

Umfangsmikil dagskrá verður á Akureyri og nágrenni um páskana og af nógu verður að taka.

**indiana@frettabladid.is**




**LÍF OG FJÖR** Páskahátíðin fór vel af stað á Akureyri og skíðabrekkurnar fylltust af fólki strax í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/INDÍANAN

# Hágæða Dupen rúm

## Tilvalin fermingargjöf

**verð frá 25.900-**

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*







| IMPERIAL | | |
|---|---|---|
| Stærð | Verð áður | **40% afsl.** |
| 90x200 | 67,080 kr. | **40,200 kr.** |
| 150x200 | 96,280 kr. | **58,900 kr.** |
| 180x200 | 119,880 kr. | **71,900 kr.** |




| DYNAMICA | | |
|---|---|---|
| Stærð | Verð áður | **20% afsl.** |
| 90x200 | 31,080 kr. | **25,900 kr.** |
| 120x200 | 43,080 kr. | **35,900 kr.** |
| 150x200 | 55,080 kr. | **45,900 kr.** |




| ORTOPEDICO | | |
|---|---|---|
| Stærð | Verð áður | **20% afsl.** |
| 90x200 | 58,680 kr. | **48,900 kr.** |
| 120x200 | 73,080 kr. | **60,900 kr.** |
| 150x200 | 87,480 kr. | **72,900 kr.** |
| 180x200 | 105,480 kr. | **87,900 kr.** |

Gildir til 14. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Brezku sjóliðarnir gátu haldið heim á skírdag.

## Farsæl lausn

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Yfirlýsing hins tæpitungulausa Mahmouds Ahmadinejad Íransforseta um að hann hefði ákveðið að „náða“ brezku sjóliðana fimmtán, sem lentu í haldi Írana tólf dögum fyrr, kom heiminum á óvart. Þessi brezk-íranska milliríkjadeila var farin að vinda ískyggilega mikið upp á sig og stjórnarerindrekar margra ríkja voru farnir að blanda sér í hana í von um að finna á henni farsæla lausn, en slík lausn virtist í órafjarlægð þar til á miðvikudaginn.

Þótt Ahmadinejad forseti hefði kynnt ákvörðunina um lausn fanganna sem „páskagjöf til brezku þjóðarinnar“ er þessi lausn deilunnar ótvírætt niðurstaða úr flóknum samningaviðræðum, sem þannig séð eru sigur fyrir erindrekana, ekki stóryrta forsetann í Teheran. Þessi óvænta lausn er reyndar einnig enn eitt merkið um það hversu óútreiknanlegur Ahmadinejad er sem stjórnmálamaður. Hann reyndi að láta líta svo út að hann og Byltingarverðir hans hefðu dregið tennurnar úr brezka ljóninu og hann hefði síðan af einskærum stórhug ákveðið að láta fangana lausa, sem annars hefðu auðveldlega getað fengið þunga dóma fyrir að hafa vaðið í fullum herklæðum í leyfisleysi inn í lögsögu Íslamska lýðveldisins Írans. Bretar héldu öðru fram; byltingarverðirnir hefðu vaðið inn í íraska lögsögu og handtekið sjóliðana þar í óafsakanlegri yfirgangsaðgerð.

*Það væri óskandi að það kumpánlega andrúmsloft, sem virtist ríkja á þessum kveðjufundi Íransforseta með brezku sjóliðunum, skilaði sér inn á samningafundi fulltrúa Írans og fulltrúa alþjóðasamfélagsins.*

Nú má það einu gilda hvoru megin hinnar óljósu landamarkalínu í Shatt-el-Arab-ósnum bátar sjóliðanna voru staddir, enda var það augljóslega ekki ætlun þeirra að troða Írönum um tær; þeir höfðu nýlokið við að skoða farm flutningaskips þarna á siglingaleiðinni vegna gruns um að það flytti bíla sem til stæði að smygla inn til Íraks. Til þessara starfa höfðu hermennirnir umboð bæði Sameinuðu þjóðanna og írösku ríkisstjórnarinnar í Bagdad.

Undarlegra er að í írönsku sjónvarpi voru birt myndbönd þar sem sjóliðarnir voru látnir fara með játningar á sekt sinni og benda á kort sem átti að sýna að þeir hefðu ótvírætt verið í íranskri lögsögu. Af stórhug sínum bað Ahmadinejad Tony Blair, forsætisráðherra Breta, að láta sjóliðana ekki gjalda játninganna, og kvaddi þá persónulega með handabandi – að sjónvarpsvélunum ásjáandi – áður en þeim var ekið í brezka sendiráðið í Teheran og þeir þannig afhentir brezkum yfirvöldum.

Það væri óskandi að það kumpánlega andrúmsloft, sem virtist ríkja á þessum kveðjufundi Íransforseta með brezku sjóliðunum, skilaði sér inn á samningafundi fulltrúa Íransstjórnar með fulltrúum alþjóðasamfélagsins. Ekki sízt þar sem kjarnorkumálin eru til umræðu, en þeirra vegna hafa Íranar nú með þrjózku sinni kallað yfir sig hertar refsiaðgerðir af hálfu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

LÚR BETRI HVÍLD
Komdu við í verslun okkar í Smáranum.
Við erum staðsett rétt fyrir ofan Smáralindina á horni Hlíðasmára og Smárahvammsvegs.

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 554 6969
Opið í dag
laugardag
11:00-16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bloggar á ný

Guðmundur Magnússon, blaðamaður, sagnfræðingur og rithöfundur, er tekinn að blogga á ný. Guðmundur var mjög öflugur að blogga fram eftir vetri en tók sér þá hlé, en skrifaði reyndar í millitíðinni pistla fyrir Krónikuna. Nú hefur hann tekið aftur upp bloggþráðinn, lesendum sínum eflaust til mikillar ánægju.

### Alþýðuflokksmenn á ferð

Stjórnmálamenn eru mistónelskir eins og gengur. Nú um páskana hefur verið nóg framboð af tónleikum og meðal tónleikagesta sem sést hefur til eru Alþýðuflokksmennirnir fyrrverandi Jón Baldvin Hannibalsson og Jakob Frímann Magnússon. Ekki voru þeir þó saman á ferð. Jón Baldvin, sem var formaður Alþýðuflokksins sáluga og ráðherra, var ásamt eiginkonu sinni Bryndísi Schram á tónleikum Blúshátíðar í fyrrakvöld. Jakob var hins vegar á tónleikum Sylvíu Nætur á Nasa á miðvikudagskvöld. Jakob er reyndar þekktari sem tónlistarmaður en stjórnmálamaður en hefur sýnt stjórnmálum áhuga og boðið sig fram í prófkjörum Alþýðuflokks og Samfylkingar en er nú ein af aðalsprautunum í Íslandshreyfingunni.



### Samfylking upp eða niður?

Þegar um mánuður er til kosninga fara leikar í kosningabaráttunni að æsast. Stjórnmálamenn fylgjast spenntir með könnunum eins og áhugamenn um stjórnmál gera auðvitað. Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, er bjartsýnn á að gengi flokksins fari batnandi, hann segir að landshlutakannanir Stöðvar tvö gefi þá vísbendingu. Í þeirri nýjustu, sem gerð var í Norðausturkjördæmi, var Samfylking komin yfir kjörfylgi, en það hefur hún verið í öllum könnunum undanfarið. Hvort það er vísbending um sterka stöðu leiðtoga Samfylkingarinnar í kjördæminu, Kristjáns Möller, eða að flokkurinn sé á uppleið kemur þá væntanlega í ljós í næstu könnunum sem birtast.



sigridur@frettabladid.is

# Alþjóðavæðing á eigin forsendum



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Alþjóðavæðing

Sú alþjóðavæðing fjármagnsins sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi hefur haft ýmsar hliðarverkanir, sumar góðar en aðrar slæmar. Ein sú allra versta er lítilmótleg afstaða gagnvart stórum fjárfestum sem fullyrt er að hafi líf okkar í hendi sér. Ef við gerum ekki allt sem þeir vilji þá fari þeir eitthvað annað. Því miður trúa margir þessu og grafa þannig undan eigin þori og sjálfstrausti okkar Íslendinga.

Svona var boðskapur álrisans Alcans til Hafnfirðinga fyrir íbúakosningar um stækkun álvers um seinustu helgi. Ef ekki fengist leyfi til að stækka álverið þá yrði því lokað fyrr eða síðar. Eflaust hafði þessi söngur sín áhrif en meirihlutinn hafnaði þó stækkuninni. Og er Alcan þá á förum? Það er ekki jafnljóst og áður. Þrátt fyrir allt hefur Alcan hag af álverinu í Straumsvík, nú eins og áður, enda þótt það verði ekki jafn risavaxið og fyrirtækið hefði viljað.

Alþjóðavæðing fjármagnsins og allt talið um hana snýst nefnilega að verulegu leyti um völd. Allt kapp er lagt á að stjórnvöld og almenningur séu meðvituð um það vald stórfyrirtækjanna sem fylgir ferðafrelsinu. Að með því hafi þau ráð okkar í hendi sér. Við heyrðum þennan söng í kringum íbúakosningarnar í Hafnarfirði; líka þegar íslenskir bankastjórar hóta því að bankarnir muni flýja land ef stjórnarstefnu sé ekki hagað samkvæmt vilja þeirra. Hin hliðin á þessu er svo undirgefnin sem stórfyrirtækjunum er sýnd af hálfu þeirra sem sárvantar fjármagn. Aldrei hefur maður séð sorglegri sjón en þegar fyrrverandi kommar í Neskaupstað drógu fána Alcoa að húni til að þakka auðmjúklega fyrir fjárfestinguna sem allranáðarsamlegast hafði veist þeim.

Miðað við allt þetta tal er ef til vill ekki kynlegt að fólk missi móðinn og finnist það vanmáttugt gagnvart alþjóðavæddum stórfyrirtækjum. Að sveitarstjórnarmenn geri hvað sem er til að fá þau til sín. Að íslensk stjórnvöld bjóði orku á niðursettu verði til að galdra auðhringa til landsins og séu strax farin að hugsa upp leiðir til þess að sniðganga vilja Hafnfirðinga, sem raunar er einnig vilji íslensku þjóðarinnar; 58 prósent Íslendinga vilja stóriðjustopp þótt fjórir af sex stjórnmálaflokkum taki ekki undir.

Það er því ekki að ófyrirsynju að margir Íslendingar verða furðu lítilsigldir þegar alþjóðlegt fjármagn á í hlut. Þar með er ekki sagt að sú afstaða sé á rökum reist. Vald stórfyrirtækja er að hluta ímyndað því fyrirtæki þurfa líka á góðu umhverfi að halda. Þau þurfa menntað starfsfólk, regluverk sem virkar og traust stjórnkerfi þar sem opinberir starfsmenn eru heiðarlegir. Samfélög sem bjóða upp á þetta eru eftirsóknarverð og því miður töluvert sjaldgæfara fyrirbæri en stórfyrirtæki í leit að góðri fjárfestingu.

Þess vegna leitar fjármagnið til landa með hátt menntunarstig þar sem hlúð er að velferð íbúanna. Þess vegna eru Norðurlönd eftirsótt af hvers konar fjárfestum enda þótt hægrimenn um allan heim hafi spáð gjaldþroti norræna velferðarkerfisins undanfarin 70 ár. Stórfyrirtæki sem eru í náð Bandaríkjastjórnar geta kannski aflað sér skyndigróða í Írak en það er ekki beinlínis eftirsóknarvert að reka starfsemi þar til lengdar.

Þess vegna er Alcan ekki á förum og þótt svo væri kemur fjármagn í staðinn. Um árabil var þjóðinni spáð efnahagskreppu ef Bandaríkjaher hyrfi hér úr landi – mikið til af sömu aðilum og vilja núna að við sýnum álrisum óskoraða undirgefni. Raunin varð önnur og þurfti ekki að koma á óvart. Íslendingar þrifust í þessu landi áður en Bandaríkjaher kom hingað og áður en álverin komu hingað. Það var líf í Hafnarfirði, á Húsavík og á Reyðarfirði. Við skulum ekki trúa blekkingarsöngnum um að einhverjir aðrir en við sjálf höfum við byggt upp okkar samfélag.

Núna líta margir fjárfestar hýru augu til Íslands og það er eðlilegt. En þeir munu ekki hætta því þótt við gerum samfélagið betra. Þótt við eflum menntun og velferð og stundum sjálfbæra orkuvinnslu. Þvert á móti munu tækifærin aukast ef við höldum áfram að bæta okkar samfélag og slökum hvergi á kröfum í umhverfis- eða velferðarmálum. Það er gæðastimpill á hinu íslenska velferðarsamfélagi að fjárfestar vilja koma hingað. Við eigum að vera stolt af því, en líka nógu stolt til að segja nei þegar tilboðin henta ekki. Og satt að segja eigum við betri stjórnmálamenn skilið en þá sem halda því fram að við eigum að vera viljalausir leiksoppar hins alþjóðavædda fjármagns.

# Öruggari framtíð fyrir alla

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur efnt til alþjóðaheilbrigðisdagsins 7. apríl ár hvert í rúma hálfa öld. Deginum er ætlað að vekja athygli á mikilvægum heilbrigðismálum sem snerta þjóðir heims. Í ár er hann tileinkaður alþjóðlegu heilbrigðisöryggi og er markmið hans að hvetja stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki til að fjárfesta í heilbrigði og stefna þannig að öruggari framtíð.

Á tímum alþjóðavæðingar með aukinni umferð og viðskiptum um veröld alla standa þjóðir heims frammi fyrir nýjum og alvarlegum ógnum sem taka ekki tillit til landamæra og hafa því áhrif á öryggi allra þjóða heims. Gamlir og nýir sjúkdómar geta hæglega borist á milli landa og ógnað öryggi okkar allra.

Ógnir við heilsu og öryggi eru margar og ólíkar. Þar á meðal skyndileg áföll sem hafa áhrif á heilsu og efnahag þjóða, s.s. nýir sjúkdómar, loftslagsbreytingar, sýkla-, eiturefna- og geislavopn og aðrar bráðar heilbrigðisógnir. Samvinna um auknar varnir og viðbrögð við þessum atburðum er brýn.

Engin ein heilbrigðisstofnun eða eitt land getur ráðið við ýmsa fyrirsjáanlega og ófyrirsjáanlega atburði sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims. Þess vegna leggur WHO mikla áherslu á samvinnu og samstarf innan og milli landa um skráningu og tilkynningarskyldu smitsjúkdóma og hættu vegna eitur- eða geislavirkra efna og myndar þannig öryggisnet um heiminn.

Alþingi samþykkti á nýafstöðnu þingi breytingar á sóttvarnalögum í samræmi við nýju alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Gildissvið sóttvarna hefur verið rýmkað og tekur það nú til allra heilbrigðisógna sem geta haft áhrif á þjóðir heims. Lögin taka ekki einungis til hættulegra smitsjúkdóma heldur einnig til heilsufarslegra afleiðinga af völdum eiturefna og geislavirkra efna. Jafnframt taka þau til óvenjulegra og óvæntra atburða, svo sem vegna náttúruhamfara sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar.

Með lögunum er kveðið á um að Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegri baráttu við slíkar heilbrigðisógnir og þá ábyrgð þurfum við að axla af fullri alvöru.

*Höfundur er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Lesa má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.*

# 50%




## **50% afsláttur** af símtölum til útlanda á páskadag og annan í páskum

Um leið og Síminn óskar landsmönnum gleðilegra páska er öllum viðskiptavinum Símans boðið að hringja með **50% afslætti** til útlanda á páskadag og á annan í páskum. Það skiptir engu máli hvort hringt er úr GSM frelsi, GSM áskrift eða úr heimasíma.



ENNEMM / SÍA / NM27157

Síminn

800 7000 - **siminn.is**



+ BETRI LEIÐ TIL AÐ HÆTTA

FÁÐU REYKLAUSA BÓK Í NÆSTU VERSLUN LYFJU

FRÍ BÓK

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 36812 03/07

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is



vodafone

Ævintýraleg símatilboð

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**




Vodafone live!

**Nokia 6085**

Krúttlegur með Bluetooth, myndavél, útvarpi, sterío heyrnartólum, styður minniskort og fæst í fleiri litum.

Ævintýraverð

**16.900 kr.**



Vodafone – Íslenska ánægjuvogin – Ánægðustu viðskiptavinirnir


## MAÐUR VIKUNNAR

# Rosalega kraftmikil og djörf

Þegar hvellurinn varð í Bergen í ársbyrjun 2004 og lýðnum varð ljóst að ófriður var á skrifstofum Listahátíðarinnar í Bergen hafði Bergljót Jónsdóttir gegnt starfi stjórnanda hátíðarinnar frá 1996, lengur en nokkur annar stjórnandi. Á tíu árum fyrir ráðningu hennar höfðu sex Norðmenn stýrt hátíðinni og allir setið þar skamma hríð. Síðan hún hvarf úr stóli hafa tveir gegnt starfinu. Þessi tíðu mannaskipti fyrir og eftir stjórnartíð hennar segja sína sögu. Af norskum blöðum er ljóst að Bergljót Jónsdóttir var í miklu áliti fyrir störf sín sem listrænn stjórnandi Listahátíðarinnar í Bergen. Hún setti stærstu og elstu listahátíð á Norðurlöndum ný viðmið og gerði hana gjaldgenga í röð fremstu listahátíða Evrópu. Eftir að hún hætti voru á kreiki sögur sem enn eru óstaðfestar um að hún hafi komið til álita sem stjórnandi Norsku þjóðaróperunnar í Osló og sem framkvæmdastjóri Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Osló. Mönnum þótti ekki annað koma til greina en stóru póstarnir í norsku menningarlífi. Það orðspor hafði þessi granna, dökka kona markað sér í menningarlíf Noregs.

Hér á landi hafði farið heldur hljótt um hana þó að spor hennar liggi víða í íslensku menningarlífi. Nú hefur hún verið ráðin sem fyrsti framkvæmdastjóri Norrænu menningargáttarinnar, sem er nýtt heiti yfir víðfeðmt samstarf Norðurlandanna á menningarsviðinu. Starfið er mikilvægt - og verður erfitt: fyrir tveimur árum var ráðist í að endurskoða allt skipulag samstarfs Norðurlandana á menningarsviðinu. Nú hefur regluverkið verið smíðað, fagráð skipuð til ráðgjafar og það kemur í hlut Bergljótar að koma starfinu aftur í gang eftir nýjum reglum.

En hver er þessi kona? Bergljót er menntuð sem tónlistarmaður, lærði fyrst á flautu sem barn en tók til við píanónám tíu ára að aldri. Hún var menntuð sem tónlistarkennari og starfaði lengi við kennslu. Hún sótti framhaldsnám í tónlistarfræðum til Bandaríkjanna og síðar sótti hún framhaldsmenntun í stjórn listaviðburða til Brussel. Hún var snemma valin til forystu í tónlistargeiranum á Íslandi: fyrsta ábyrgðarstarf hennar sem tekið var eftir var framkvæmdastjórn fyrir Íslensku tónverkamiðstöðina, stofnun sem sér um útgáfu og dreifingu á tónlist á nótum heima og erlendis. Frami hennar þar tryggði henni stöðu í starfi norrænna tónlistarmiðstöðva þar sem hún var fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi NOMUS.

Karólína Eiríksdóttir tónskáld var samtíða Bergljótu í Tónlistarskólanum og urðu þær miklir mátar. Hún lýsir Bergljótu svo að hún hafi mjög góða yfirsýn um það sem hún fáist við. „Þess utan er hún ákaflega víðsýn kona. Þegar hún tekur að sér verkefni sinnir hún þeim 150 prósent, algerlega fullkomlega, fylgir öllu eftir til hlítar. Hún er með hina stóru mynd á hreinu, jafnvel þegar um flókin viðfangsefni er að ræða, því hún hefur margþætta sýn á hlutina og er algerlega heil í því sem hún gerir, fyrir utan það að vera skemmtileg og góð manneskja.“

Þeir sem áttu samstarf við þessa brosmildu konu muna lengst áhuga hennar og staðráðinn vilja. Sama fólki kom því á óvart þegar hún var hrakin frá Bergen fyrir að vera ósamvinnuþýð. Það kom aftur ekki á óvart að hún gerði miklar kröfur, bæði til sín og annarra á skrifstofum Listahátíðarinnar: í viðtali við norska Dagblaðið lýsti hún vinnuviku sinni sem svo að dagurinn hefði byrjað kl. átta og lokið kl. tíu á kveldin og oftar hefði hún unnið helgar líka, vinnan hefði verið þannig. Í sama viðtali játar hún að hún hafi gaman af grárri gamansemi, slíkt gaman dugi manni oft til að komast af í þessum heimi. Bergljót viðurkennir að hún hafi ekki átt mikið samlyndi við þá Björgvinjarmenn. Reyndar lýsir pressan henni sem áköfum og ráðríkum stjórnanda með sterka sýn. Sjálf segist hún meta heiðarleika ofar öllu og fólk eigi að segja hug sinn. Þau ummæli féllu eftir að meira og minna nafnlausar óánægjuraddir höfðu ýtt henni úr starfi þar eystra. Heiðarleiki og hreinskilni er reyndar sá þáttur sem flestir kannast við í samskiptum við hana hér heima enda er tónlistarkennurum sá kostur nauðsynlegur vilji þeir ná árangri í kennslu.

Guðjón Pedersen vann með Bellu, eins og hún er kölluð af nánum vinahópi og samstarfsmönnum, að samnorrænni listhátíð sem var haldin 1996. Þau sátu í undirbúningsnefnd fyrir hátíðina sem hún stýrði: „Bella er falleg stelpa og gaman að vinna með henni. Hún er rosalega kraftmikil og djörf. Mér finnst dirfskan vera mjög ríkur þáttur í fari hennar eins og uppgangurinn í Bergen sýndi. Hún er mjög vel að sér í ofsalega mörgu og ég átti samtöl við hana eftir að hún hætti í Bergen og þá kom skýrt í ljós að hún fylgist náið með því sem er að gerast á flestum sviðum lista. Hún er alger spesíalisti í tónlist en hefur fín sambönd í flestu öðru.“ Guðjóni kemur ekki á óvart að frami hennar haldi áfram erlendis, hún njóti mikillar virðingar og raunar séu flest verkefni hér á landi of smá fyrir hana nema ef til vill stjórn á nýja Tónlistarhúsinu. Hann er ekki einn um að orða þá skoðun: víða um listabransann á Íslandi hefur nafn hennar verið nefnt í þeirri andrá.

Nú verður Bergljót að flytja sig um set með bónda sínum, Oddi Bjarnasyni lækni, og færa sig enn austar í gamalt sænskt virki þaðan sem hún mun leiða norrænt menningarstarf inn í nýja öld. Hér heima gerðu ýmsir því skóna að hér mætti sjá fingraför framsóknarmannsins Halldórs Ásgrímssonar, en Bergljót Jónsdóttir hefur ekki þurft að koma sér áfram í norrænu menningarlífi með þegnskap í fornfálegum klíkum: hennar frami er vegna verðleika hennar og dugnaðar.

### BERGLJÓT JÓNSDÓTTIR



### ÆVIÁGRIP

Bergljót Jónsdóttir er fædd 13. mars 1954. Hún lauk tónlistarkennaraprófi 1974. Stundaði nám í tónlistarkennslu í Bandaríkjunum frá 1975 til 1978 er hún lauk meistaraprófi frá Háskólanum í Illinois. Hún gaf út tónlistarefni fyrir börn og kenndi við Barnamúsíkskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík frá 1978 til 1987, auk þess að annast ýmiss konar námskeiðahald, m.a. við Kennaraháskólann. Hún var framkvæmdastjóri Íslenskrar tónverkamiðstöðvar frá 1986-1994. Stýrði Sólstöfum, norrænni listahátíð fyrir menntamálaráðuneytið og Norrænu ráðherranefndina 1994 til 1995, en 1996 tók hún við starfi forstöðumanns Listahátíðarinnar í Bergen sem hún gegndi til 2004.

Hún hefur setið í ýmsum ráðum og nefndum: Listaráði Noregs frá 2005, stjórn Listasafns Noregs 2003-2006, Norsku óperunnar frá 2005-2006, Norsku barokkhljómsveitarinnar 2005, í ráði Sambands evrópskra listahátíða 1998-2001, Menningarsetursins í Sandnesi 1998-1999, í stjórn sjóðs Robert Levin 1995-2005, Fanni Elstad-sjóðsins 1995-2005, var formaður Tónlistarverðlaunaráðs Norðurlanda 1995 og í stjórn NOMUS 1993-1996.

Bergljót hefur rekið sjálfstætt fyrirtæki, Alias:Bella, frá 2004 í ráðgjöf í listrænum efnum.

Eiginmaður Bergljótar er Oddur Bjarnason læknir en hún á eina dóttur, Æsu Björk Þorsteinsdóttur, sem er myndlistarkona.

„Skemmtileg og falleg stelpa.“ Guðjón Pedersen leikhússstjóri

„... algerlega heil í því sem hún gerir.“ Karólína Eiríksdóttir tónskáld




TORRE ALMONTE – UMBRIA



Glæsilegur turn frá 17. öld trónir yfir smábænum Frontignano, umkringdur trjám og útsýni sem gleður sálina. Hér ríkir glæsileg hönnun í bland við ættargersemar og forna grjótveggi. Öll þægindi nútímans með sjarma liðinna alda.

**Verð frá: 94.867,-**
á mann eina viku, brottför 5. júní, m.v. 4 í íbúð.

TORGIANO ÍBÚÐIR – UMBRIA



Fjórar íbúðir í raðhúsum fyrir ýmist 4 eða 6 gesti. Íbúðirnar hafa nýlega verið endurnýjaðar og eru með góðum aðbúnaði. Við húsin er verönd og í sameiginlegum sundlaugagarði er sundlaug til afnota fyrir gestina. Í næsta nágrenni eru barir, veitingastaðir og verslanir en sveitin er einnig skammt undan.

**Verð frá: 53.333,-**
á mann eina viku, brottför 5. júní, m.v. 6 í íbúð, fjórir fullorðnir og tvö börn.

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með morgunverði. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Sveitasælan á Ítalíu er einstök upplifun. Við fljúgum vikulega í allt sumar til Rómar og bjóðum upp á skemmtilega möguleika í sveitum Ítalíu, um klukkustundar akstur frá borginni. Í hinu fagra héraði Umbria er tilvalið að dvelja í sumarhúsi eða kastala með alla fjölskylduna, fá sér brauð og vín frá bændunum í kring eða njóta lífsins í ekta ítalskri sveitasælu.

MasterCard VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

# Eigðu örugga páska með kjöti frá Nóatúni!



28% afsláttur

LAMBA RIBEYE KJÖTMEISTARANS **2.298** kr. kg



Þú sparar 300 kr. kg

LAMBAKÓRÓNA AÐ HÆTTI GRIKKJA **2.698** kr. kg

Nýtt Úr Kjötborði Nóatúns



26% afsláttur

GRÍSALUNDIR MEÐ SUMARFYLLINGU **1.998** kr. kg

**Opnunartími yfir páskana** 07. apríl Laugardagur 10.00 – 21.00* 08. apríl Páskadagur Lokað 09. apríl Annar í páskum 11.00 – 21.00*



30% afsláttur

MÓA PIRI PIRI LÆRI/LEGGIR **419** kr. kg



26% afsláttur

GOURMET LÉTTREYKTAR GRÍSAKÓTILETTUR **1.199** kr. kg



43% afsláttur

UNGNAUTA-HAMBORGARAR 90 g **79** kr. stk.




35% afsláttur




EMMESS ÍSKAKA 6-8 MANNA **699** kr. stk.




GÖTEBORG TAPINI KEX **139** kr. pk.




Páskablandið



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Páskatilboð!
Þú sparar
300
kr. kg
LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN
GRILLSPJÓT
2.698 kr. kg
Nýtt
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar
300
kr. kg
RHODOS
GRÍSASPJÓT
998 kr. kg
*Nóatún Smáralind er opin sömu daga frá kl. 11-20.
23% afsláttur
LAMBAFRAMHRYGGJA-
SNEIÐAR
1.298 kr. kg
20% afsláttur
NÓATÚNS LÆRISNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
1.726 kr. kg
30% afsláttur
GOÐA BBQ
GRÍSARIF
849 kr. kg
Ferskt grænmeti og ávextir
alla daga í grænmetistorginu
Veisluostar
Camembert - Hrókur - Höfðingi
Verði ykkur að góðu!

# Með hag og velferð barna að leiðarljósi

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

**Börn foreldra sem hafa skilið eru líklegri til að hefja áfengis- og vímuefnaneyslu en önnur börn, auk þess sem hætta eykst á að þeim gangi verr í námi. Foreldrar sem skilja geta þó dregið verulega úr þessari áhættu með því að hafa hag og velferð barna sinna að leiðarljósi við skilnað. Þetta kemur meðal annars fram í nýrri íslenskri rannsókn sem starfsfólk kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík hefur unnið að ásamt rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknum & greiningu.**



**ÁLFGEIR LOGI KRISTJÁNSSON** Um tuttugu prósent unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla hafa upplifað skilnað foreldra sinna, samkvæmt rannsókn sem Álfgeir Logi stýrði fyrir hönd Háskólans í Reykjavík. Hann segir mestu áhrifin á börn vegna skilnaða foreldra þeirra vera vegna alvarlegra rifrilda sem börnin lendi í við foreldra sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Af hálfu Háskólans í Reykjavík hefur Álfgeir Logi Kristjánsson aðjúnkt stýrt þessari rannsókn en fyrstu niðurstöður hennar voru kynntar nýlega. Að hans sögn náði könnunin til rúmlega sjö þúsund unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla og sýnir að liðlega tuttugu af hundraði þeirra hafa upplifað skilnað foreldra, þar af um fjögur prósent síðasta árið.

„Tengsl milli líðanar barna og unglinga fyrir og eftir skilnað foreldra hafa lengi verið kunn. Hins vegar hefur ekki verið eins mikil vitneskja um hvaða þættir í skilnaðarferlinu hafa áhrif á eða tengjast versnandi líðan.“

### Samband líðanar og skilnaðar

Markmið rannsóknarinnar er meðal annars að reyna að varpa ljósi á þessa þætti og Álfgeir segir rannsóknina miða að því að skýra sambandið milli líðanar og þess að upplifa skilnað foreldra. „Skilnaður foreldra hefur í eðli sínu í för með sér fjölmargar breytingar á lífi barna. Samband foreldranna við börnin minnkar gjarnan, þeir hafa einfaldlega minni tíma aflögu auk þess sem þeir eru sjálfir í sárum eftir skilnaðinn.“

Við þetta bætist að þessi börn eru enn fremur líklegri til að upplifa aðra félagslega erfiðleika í kjölfar skilnaðar, svo sem vegna búferlaflutninga. „Þau skipta frekar um skóla og því fylgja margs konar erfiðleikar í félagslegum samskiptum, nýtt umhverfi, nýir félagar og svo framvegis. Það er því ljóst að bein tengsl eru milli skilnaðar foreldra og líðanar barna, áfengisneyslu, reykinga og námsárangurs.“

### Fjölskylduátök hafa mest áhrif

Þó svo að allir þessir þættir ráði miklu um líðan barna sem upplifa skilnað foreldra segir Álfgeir rannsóknina sýna að mikilvægasti þátturinn snúi að fjölskylduátökum í aðdraganda skilnaðar. „Þetta geta verið ýmiss konar átök, börnin geta orðið vitni að alvarlegu rifrildi foreldra, jafnvel ofbeldi, auk þess sem þau eru líklegri til að lenda í alvarlegu rifrildi við foreldra sína.“

Og Álfgeir bætir því við að það hafi ef til vill komið sér einna mest á óvart í niðurstöðum þessarar könnunar hvaða þáttur fjölskylduátaka virðist hafa mest áhrif á líðan barna. „Þegar við förum að greina þessi fjölskylduátök niður í einstaka þætti kom í ljós að það sem hefur mestu áhrifin á börnin er að vera þátttakendur í alvarlegu rifrildi við foreldrana, og niðurstöðurnar sýna að um 67 prósent barna sem upplifað höfðu skilnað foreldra síðasta árið höfðu lent í alvarlegu rifrildi við foreldrana.“

### Velferð og hagur barna

Álfgeir vill þó taka fram að könnunin sýni jafnframt greinilega að foreldrar geti dregið verulega úr þeim áhættuþáttum sem börn þeirra verði fyrir í aðdraganda og í kjölfar skilnaðar.

„Það sem foreldrar þurfa fyrst og fremst að huga að er að hafa velferð og hag barna sinna í fyrirrúmi þegar þessar aðstæður koma upp. Og þar sýnir rannsóknin að mikilvægast er að halda átökum vegna ágreinings foreldranna utan við heim barnanna eins og kostur er. Skilnaður er ákvörðun foreldranna og börnin hafa ekkert með þá ákvörðun að gera.“

### Hluti af stórri rannsókn

Þessi rannsókn Álfgeirs og félaga á áhrifum skilnaðar foreldra á líðan barna er hluti af viðamiklu verkefni á sviði lýðheilsurannsókna sem kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík vinnur að ásamt rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknum & greiningu og ýmsum vísindamönnum.

## RANNSAKAR ÁHRIF SKILNAÐA Á BÖRN

Álfgeir Logi Kristjánsson er fæddur í Reykjavík hinn 20. febrúar 1975. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1997 og hóf árið 2000 nám í félagsfræði við Háskóla Íslands. Þaðan brautskráðist hann með BA-gráðu í félagsfræði árið 2003 en hélt að því loknu til framhaldsnáms við Háskólann í Edinborg í Skotlandi þar sem hann lauk meistaragráðu, Master of Science (MSc), í félagslegri aðferðafræði árið 2004.

Álfgeir stundar nú doktorsnám við Karolinska Institutet í Stokkhólmi í samstarfi við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík þar sem hann gegnir stöðu aðjúnkts.

Auk þess starfar hann sem sérfræðingur í félagslegum rannsóknum hjá rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknir & greining, og vinnur þar að rannsóknum og verkefnum á sviði lýðheilsu meðal barna og unglinga.

Álfgeir Logi er kvæntur Önnu Grétu Hrafnsdóttur, grunnskólakennara og listmeðferðarfræðingi. Þau eiga tvo syni.

Kennslufræði- og lýðheilsudeild HR fékk nýlega styrk úr minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur til að halda úti stöðu fræðimanns sem sinnir þessum rannsóknum á næstu árum, en Álfgeir stundar samhliða þessu doktorsnám undir handleiðslu kennara við HR, Columbia-háskólann í Bandaríkjunum og Karolinska Institutet í Stokkhólmi.

> Það sem hefur mestu áhrifin á börnin er að vera þátttakendur í alvarlegu rifrildi við foreldrana, og niðurstöðurnar sýna að um 67 prósent barna sem upplifað höfðu skilnað foreldra síðasta árið, höfðu lent í alvarlegu rifrildi við foreldrana

„Þessi styrkur er okkur ákaflega mikils virði en hann gerir mér kleift að einbeita mér að þessum verkefnum næstu þrjú árin auk þess að kenna við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR,“ segir Álfgeir.

### Íslenskt forvarnaverkefni erlendis

Rannsóknir & greining er eina sérfræðimiðstöðin á Íslandi sem sérhæfir sig í rannsóknum og samstarfi við vettvang um þætti er snúa að heilsu og líðan ungs fólks.

„Á undanförnum tíu árum hefur innan miðstöðvarinnar meðal annars verið unnið að þróun forvarnamódels til að draga úr líkum á vímuefnaneyslu unglinga í áttunda, níunda og tíunda bekk í samvinnu við menntamálaráðuneytið og sveitarfélög hérlendis,“ útskýrir Álfgeir.

Um er að ræða forvarnarverkefni gegn vímuefnaneyslu og segir Álfgeir að verkefnið snúi í ríkum mæli að því að benda á mikilvægi þess að bæta og styrkja tengsl unglinga og nánustu aðila, svo sem foreldra, félaga, skóla og annarra mikilvægra þátta á borð við íþrótta- og tómstundastarf. „Módelið snýst um að gera líf og hagi unglinga þannig úr garði að þeir kjósi ekki að neyta vímuefna. Lögð er áhersla á að hafa áhrif á aðstæður þeirra, byggja utan um einstaklinginn og gera honum kleift að lifa heilbrigðu og góðu lífi.“

Samstarfsverkefnið hefur gefið góða raun og vímuefnaneysla í þessum aldurshópi dregist verulega saman. „Þetta íslenska forvarnamódel hefur vakið athygli erlendis og nýlega tókum við að stýra forvarnaverkefni af þessu tagi í fimmtán borgum í Evrópu í samvinnu við heimamenn á hverjum stað. Forseti Íslands er verndari þess verkefnis, það er styrkt af Actavis og unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg hér heima. Fyrstu niðurstöður verkefnisins eru væntanlegar í sumar eða haust og ég held að óhætt sé að segja að menn bíði spenntir eftir að sjá þær.“

### Mikið rannsóknaverk fram undan

Álfgeir segir ákaflega áhugavert og spennandi að vinna að þessum rannsóknum og segist afar þakklátur fyrir að fá tækifæri til að vinna með öllu því góða fólki sem hann vinni með innan kennslufræði- og lýðheilsudeildar HR og víðar.

„Það er mikið verk óunnið á sviði rannsókna sem tengjast sambandi heilsufars og námsárangurs barna og unglinga. Við höfum séð að sterk tengsl eru á milli heilsutengdrar hegðunar og námsárangurs. Hreyfing og hollt fæði hafa greinilega áhrif. Við vitum líka úr næringarfræðinni að það sem menn innbyrða hefur áhrif á andlegt atgervi en við þurfum að skilja betur í hverju þessi tengsl eru fólgin. Allt þarf þetta nánari athugana við þannig að ég hef úr meira en nógu að moða næstu árin,“ segir Álfgeir Logi Kristjánsson, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík. ssal@frettabladid.is

Taktu þátt í Páskaskafleik á næstu Shellstöð
og þú gætir unnið utanlandsferð
Komdu á næstu Shellstöð og freistaðu gæfunnar.
Iceland Express
Egils Appelsín
Stilling
Nói Síríus
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



24

# opið alla páskana

... einnig föstudaginn langa og páskadag

**opið allan sólarhringinn:**

- 10-11 Arnarbakka, Reykjavík
- 10-11 Austurstræti, Reykjavík
- 10-11 Barónsstíg, Reykjavík
- 10-11 Borgartúni, Reykjavík
- 10-11 Dalvegi, Kópavogi
- 10-11 Engihjalla, Kópavogi
- 10-11 Hafnargötu, Keflavík
- 10-11 Hafnarstræti, Akureyri
- 10-11 Hjallabrekku, Kópavogi
- 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík
- 10-11 Kaupangi, Akureyri
- 10-11 Langarima, Reykjavík
- 10-11 Laugalæk, Reykjavík
- 10-11 Lágmúla, Reykjavík
- 10-11 Leifsstöð komusal
- 10-11 Lyngási, Garðabæ
- 10-11 Melabraut, Hafnarfirði
- 10-11 Seljavegi, Reykjavík
- 10-11 Sporhömrum, Reykjavík
- 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði

10-11

*...alltaf opið!*

www.10-11.is

# Hin litríka súpa frú Jóhönnu

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá matarveislu, slaghörpuleik, leikhúsferð og dauðyflislegu tómlæti lögfræðingastéttarinnar. Einnig er minnst á næstu ríkisstjórn, kirkjutónlist, blönduð hjónabönd, kossaflens í Njálsborg og maðkaflugu og kanarífugl.*

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar



### Veisla í mat og tónum

mars 30 FÖSTUDAGUR

Matarboð hjá nágrönnum okkar á Bárugötu þeim Jóhönnu og Ingólfi. Þar var einnig fagnaðarfundur með Össuri og dætrunum Ingu og Birtu sem skemmti okkur með slaghörpuleik eftir að staðið hafði verið upp frá borðum.

Ég skrifaði niður uppskriftina að súpunni því að svona góða súpu hef ég ekki fengið í háa herrans tíð – og svo er hún svo dásamlega falleg á litinn (sem skiptir miklu máli því að fyrst borðar maður jú með augunum):

**HIN LITRÍKA SÚPA FRÚ JÓHÖNNU**

1 laukur
2 hvítlauksgeirar
1 rauð paprika
2 matsk. ólífuolía
1,5 tsk. cumin
250 ml dós tómatmauk (ég nota Slotts )
Einn og hálfur grænmetisteningur
750 plús ml sjóðandi vatn.
3 til 4 dl soðnar kjúklingabaunir, kannski meira
1 matsk. balsamic edik
2 tsk. sykur
nýmalaður pipar salt.
væn hnefafylli spínat sennilega meira.

*Saxa papriku, lauk og hvítlauk smátt. Mýkja í olíu. Cumin út í, svo tómatmaukið. Vatn og tening. Kjúklingabaunir og edik, sykur og salt og pipar og malla í 5 til 10 mín. Smakka til með balsamic, pipar og salti, jafnvel nokkrum kornum af sykri. Spínat út í um leið og potturinn er settur á borðið.*

### Leikhúsferð og óyndi

mars 31 LAUGARDAGUR

Í dag kom óyndi í frú Sólveigu.

Hún sagði: „Það er aldrei hægt að draga þig út af heimilinu.“

Henni finnst ég ekki nógu mikil félagsvera. Það var tilgangslaust að rifja upp fyrir henni að ég hefði farið með henni í skemmtilegt matarboð í gærkvöldi svo að ég brá á það ráð að segja:

„Við skulum drífa okkur í leikhús í kvöld ef þú getur fengið miða á einhverja sýningu. Ég er reiðubúinn að sjá hvaða leikrit sem er jafnvel þótt það fjalli um einsemd, kúgun og firringu nútímakonunnar eða innihaldslaust líf í allsnægtum.“

Það var komið undir kvöld og dáldið seint að skipuleggja leikhúsferð en við fengum á síðustu stundu miða á leikrit sem heitir „Viltu finna milljón?“ og er sýnt í Borgarleikhúsinu.

Leikararnir voru allir frábærir og Eggert Þorleifsson frábærastur en mér fannst leikritið sjálft ekki „skilja mikið eftir“ – að minnsta kosti fannst mér það ekki hafa jafndjúpan boðskap og Spanskflugan sællar minningar.



### Luther og Luther King

apríl 1 SUNNUDAGUR

Hitti Gunnar Smára og Guðmund Andra í Silfri Egils. Egill spurði mig hvaða áhrif ég héldi að álverskosningin í Hafnarfirði kæmi til með að hafa. Ég veit það auðvitað ekki, nema hvað það er hughreystandi að sjá að með lýðræðislegum vinnubrögðum getur fólk afstýrt því að risaálver séu byggð inni í miðjum kaupstöðum.

Egill sagðist vera sammála mér um að eftir kosningar fáum við S, VG og B stjórn og þá hlýtur það að verða útkoman. Að minnsta kosti trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því að S eða VG bíði eftir því að berhátta sig ofan í hjónasængina með íhaldinu, volga eftir framsóknarmaddömuna.



Í dag fermdist Matthías Karl. Hann var flottur. Ferming er jú nokkurs konar manndómsvígsla, formleg innganga í söfnuð kristinna manna. Ég er ekki nema í meðallagi vel krist-




FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR
Sameinaður Lífeyrissjóður Suðurlands og Vesturlands

**18,8% ávöxtun árið 2006**

| Breytingar á hreinni eign | 2006 í þúsundum króna | 2005 í þúsundum króna |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.814.212 | 2.343.907 |
| Lífeyrir | 1.167.757 | 1.140.812 |
| Fjárfestingartekjur | 7.708.958 | 4.297.280 |
| Fjárfestingargjöld | 71.998 | 57.939 |
| Rekstrarkostnaður | 74.909 | 71.042 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu: | 9.208.506 | 5.371.394 |
| Hrein eign frá fyrra ári: | 39.425.796 | 34.054.402 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris: | 48.634.302 | 39.425.796 |
| **Efnahagsreikningur** | | |
| **Fjárfestingar:** | | |
| Húseignir og lóðir | 28.079 | 28.728 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 25.302.817 | 20.321.467 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 21.915.557 | 15.968.108 |
| Veðlán | 882.896 | 1.381.635 |
| Bundin innlán og aðrar fjárfestingar | 440.494 | 464.611 |
| Fjárfestingar: | 48.569.843 | 38.164.548 |
| **Annað:** | | |
| Kröfur á viðskiptamenn | 840.313 | 401.787 |
| Aðrar eignir | 176.265 | 1.009.725 |
| Viðskiptaskuldir | 952.119 | 150.264 |
| Annað: | 64.459 | 1.261.248 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris: | 48.634.302 | 39.425.796 |
| **Ýmsar kennitölur** | | |
| Nafnávöxtun | 18,80% | 12,10% |
| Raunávöxtun | 11,30% | 7,70% |
| Hrein raunávöxtun (að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar) | 11,10% | 7,50% |
| Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára | 6,60% | 3,40% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 6,40% | -0,70% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 14,20% | 6,00% |
| Nafnávöxtun sérgreinardeildar | 15,90% | 11,20% |
| Raunávöxtun sérgreinardeildar | 8,40% | 6,80% |
| Hrein raunávöxtun sérgreinardeildar | 8,30% | 6,60% |

**Tæpir 2 milljarðar greiddir til aukningar áunninna réttinda sjóðfélaga**

**Ársfundur 2007**

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl nk. að Hafnargötu 80 í Reykjanesbæ (fundarsalur Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur) Fundarstörf hefjast kl. 18:00

**30. mars 2007**

**Stjórn Festu lífeyrissjóðs**
Kristján Gunnarsson formaður
Bergþór Guðmundsson varaformaður
Ragna Larsen,
Sigrún Helga Einarsdóttir
Þórarinn Helgason
Bergþór Baldvinsson

**Framkvæmdastjóri**
Gylfi Jónasson

**Traust - Ábyrgð - Festa**

inn sjálfur en hafandi búið nokkuð víða finnst mér ég vera heppinn að búa í samfélagi sem hefur mótast af kristnum viðhorfum í þúsund ár.



Það helsta sem ég hef við þjóðkirkjuna að athuga er að mér finnst skelfilegt að hlusta á tónlistarvalið í kirkjum. Ekki lét Luther bjóða sér að hlusta á mörghundruð ára gömul sálmalög – og þá á ég við þá báða Martin Luther og Martin Luther King.

### Blönduð hjónabönd

apríl
2
MÁNUDAGUR

Mér finnst að það ætti að skifta þjóðfélaginu niður í vaktir, tvær vaktir:

Morgunmanneskjur gætu verið á morgunvakt og átt samskipti við aðrar morgunmanneskjur. Vaktin hjá kvöldfólkinu gæti svo byrjað um hádegisbil. Allir gengju með barmmerki sem sýndu hvort viðkomandi er kvöldeða morgunmanneskja.

Ég er ekki að mæla með neinni apartheit-stefnu svo að það er óþarfi fyrir Frjálslynda flokkinn að gera þessa hugmynd að sinni. Ég hef sjálfur áratuga reynslu fyrir því að blönduð hjónabönd eru ákaflega farsæl.

Frú Sólveig er morgunmanneskja en ég vaki frameftir. Hún sprettur upp eins og fjöður í lás þegar fyrsti öskubíll borgarinnar er ræstur. En ég mundi ekki ráðleggja neinum að reyna að eiga uppbyggileg samskipti við mig fyrir klukkan tíu – og helst ekki fyrr en eftir hádegi.

Einn af fjölmörgum göllum þjóðfélagsins er sá að það er sniðið að líkamsklukku morgunfólksins. Skólar byrja í rauðabítið, og ég bíð þess sennilega aldrei bætur á sálinni, hvað ég var rekinn snemma á lappir í æsku. Það þykir sjálfsagt að byrja að vinna klukkan átta og jafnvel enn þá fyrr.

Í jafnréttissinnuðu þjóðfélagi fengi kvöldfólkið að sofa út á morgnana og morgunfólkið stæði vaktina fram að hádegi, þá kæmi kvöldfólkið útsofið til vinnu og þetta fyrirkomulag myndi stórauka afköst og almenna hamingju og þjóðarframleiðslan færi upp úr öllu valdi.



### Kanarífuglar öreigans

apríl
3
ÞRIÐJUDAGUR

Ég hitti Sigmar B. í ræktinni. Okkur finnst báðum furðulítil kosningastemming vera meðal þjóðarinnar. Til þess liggja sennilega tvær ástæður.

Sú fyrri er sú að við erum farnir að eldast og dottnir úr tengslum við þann æsing sem vonandi fylgir ungu fólki enn í dag.

Síðari ástæðan er líklega sú að það er óvenjulítil stemming fyrir þessar kosningar.

Á Moggablogginu rakst ég á athyglisverðan bloggara sem heitir Arnaldur Bárðarson. Yfir einni bloggfærslunni hans var fyrirsögnin:

„Maðkaflugan er kanarífugl öreigans“ og þar stendur skrifað:

„Ég hef í höndum reikning sem öryrki gat ekki greitt til Landspítala - háskólasjúkrahúss vegna komugjalda 3.845 kr. sem síðan fór sína leið í lögfræðiinnheimtu og varð síðan 12.033 kr. þegar lögfræðingur hafði farið höndum um hann.“

Lögfræðingastéttin kann greinilega að verðleggja sína vinnu með slíku harðfylgi að hún hefur ekki afgangs andlegt þrek til þess að mótmæla dómsmorðum og réttarfarsskandölum eins og Geirfinnsmálinu né heldur reka á eftir því að kannað sé hver hafi tekið upp á að skrifa hæstarétti nafnlaust bréf út af Baugsmálinu. Að ég tali nú ekki um að þessum dugmiklu rukkurum finnist eitthvað athugavert við þann málarekstur í heild sinni.

Ef lögfræðistéttin hefði jafnmikinn áhuga á heilbrigðu réttarfari og hún hefur á innheimtustörfum værum við alheimsfyrirmynd á því sviði.

### Kossaflens

apríl
4
MIÐVIKUDAGUR

Þá er litla Sól loksins komin í páskafrí. Aðrir námsmenn á heimilinu, Andri og Krummi eru búnir að vera í frí síðan á föstudag en það er stíf skólasókn í leikskólanum Njálsborg.

Á heimleiðinni tjáði frökenin mér að Hreiðar Nói sé ennþá hennar kærasti vinur í leikskólanum.

„Heyrðu, afi, veistu hvað hann segir þegar ég kyssi hann?“

„Nei, það veit ég ekki.“

„Þá segir hann: Oj, barasta!“

„Finnst honum vont að láta kyssa sig?“

Þetta fannst litlu Sól með sína þriggja ára lífsreynslu fremur heimskuleg spurning og hún stundi og sagði ofurlítið dreymin:

„Hann er bara að grínast.“






# Páskagleði á

## Villi sirloinsneiðar frá KF

LAMBASIRLOINSNEIÐAR
kílóverð nú:
**1294** KR.
Merkt verð 1849KR.

KF lamb

## Koníakslegnar svínakótelettur

KONÍAKSKÓTELETTUR
kílóverð nú:
**1189** KR.
Merkt verð 1698KR.

## Úrbeinaður grísalærisvöðvi með tómötum og basil

**30% afsláttur** við kassann

BEINLAUS SVÍNAVÖÐVI
kílóverð nú:
**1329** KR.
Merkt verð 1898KR.

**30% afsláttur** við kassann

KF lamb

## Villikryddaðar miðlærissneiðar

LAMBAMIÐLÆRISSNEIÐAR
kílóverð nú:
**1952** KR.
Merkt verð 2789KR.

680g tómatsósa
**98** KR.

10 Bónus vínarpylsur
verð um:
**250** KR.
Kílóverð nú 506KR.

4 XL brauð
**79** KR.

5 pylsubrauð
**69** KR.

Steiktur laukur
**69** KR.
200g

10x 115g
nautaborgarar
**1198** KR.

KF SALAT
**98** KR.
350g

**10 nautaborgar 115g hver**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Bónus grill svínahnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
898 KR.
Merkt verð 998KR.
10% afsláttur við kassann
Ali grill svínakótelettur
Ali grill svínahnakkasneiðar
Svínakótelettur ALI grill og úrbeinaðar hnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.
30% afsláttur við kassann
grillið og í ofninn!
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Lamba fille
20% afsláttur við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
Beinlaust Fjallagrillamb
Mest selda helgarsteikin í Bónus
30% afsláttur við kassann
LAMBAHELGARSTEIK
KÍLÓVERÐ NÚ:
1116 KR.
Merkt verð 1594KR.
FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Lambalundir
25% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
5 grillbakkar
129 KR.
úr áli
...fyrir góðan dag!
KS lambalæri
frosið kílóverð nú:
824 KR.
Merkt verð 1098KR.
Bökunarkartöflur
149 KR.
um 700g
5 grillbakkar
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**TÓNLISTARMAÐURINN MEGAS ER 62 ÁRA Í DAG**



*„Ég get sagt það sem mig langar þó að kerfið setji mig á einhverja umbun sem ég tel mig eiga inni hjá þessu átorítekti sem reprísenterast af fólkinu í landinu. Ég sé ekkert athugavert við það.“*

Magnús Þór Jónsson fæddist þennan dag árið 1945.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 7. APRÍL 1954

## *Dómínókenningin kynnt*

Á þessum degi fyrir 53 árum kynnti Dwight Eisenhower Bandaríkjaforseti til sögunnar dómínókenninguna svokölluðu, sem gekk út á að ef kommúnistar kæmust til valda í Indókína (síðar Víetnam) myndu önnur ríki í Suðaustur-Asíu einnig falla þeim í skaut. Kenningin átti eftir að verða pólstjarnan í bandarískri utanríkisstefnu næsta áratug.

Árið 1954 var ljóst að Frakkar gætu ekki endurheimt nýlendustjórn sína í Indókína, sem þeir höfðu tapað í hendur Japönum í seinni heimsstyrjöld. Víetnömskum þjóðernissinnum hafði vaxið ásmegin undir handleiðslu Ho Chi Minh og voru á barmi þess að vinna sigur á Frökkum. Bandaríkjamenn óttuðust afleiðingar þess ef kommúnistar kæmust til valda og til að ná hylli almennings hélt Eisenhower frægan blaðamannafund hinn 7. apríl árið 1954. Þar talaði hann um dómínókenninguna í fyrsta sinn og sagði að hvert ríkið á fætur öðru í Suðaustur-Asíu myndi falla eins og dómínókubbar kommúnistum í skaut.



**EISENHOWER** Eisenhower kynnti dómínókenninguna á þessum degi.

Kenningin hafði ekki mikil bein áhrif í fyrstu. Í maí náðu víetnamskir kommúnistar tökum á Norður-Víetnam. Eisenhower og eftirmenn hans, Kennedy og Johnson, höfðu kenninguna hins vegar að leiðarljósi. Það leiddi til stigmagnandi íhlutunar Bandaríkjanna í Víetnam næsta áratuginn, sem lyktaði með einni blóðugustu styrjöld sem var háð á tuttugustu öld.

## MERKISATBURÐIR

**1530** Hinrik páfi synjar beiðni Hinriks VIII um skilnað við eiginkonu hans. Hinrik konungur lýsir sig því yfirmann ensku kirkjunnar og stofnar þar með ensku biskupakirkjuna.

**1876** Alexander Graham Bell fær einkaleyfi fyrir símanum.

**1926** Fyrsta símtalið milli Ameríku og Evrópu.

**1936** Hitler rýfur Versalasamninginn þegar hann sendir hermenn til Rínarlanda.

**1943** Laugarnesspítali í Reykjavík brennur.

**1945** Josip Broz Tito myndar ríkisstjórn í Júgóslavíu.

**1979** Fjögur systkini úr Vestmannaeyjum ganga í hjónaband í sömu athöfn í Bústaðakirkju, þrír bræður og systir.

---

†



*Hjartans þakkir til ykkar allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, dóttur, tengdadóttur og systur,*

**Sigríðar Stefánsdóttur,**
Skólagerði 20, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut og Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, sem og hjúkrunarfólki Karitas. Guð blessi ykkur öll.

**Ísleifur Arnarson**
**Jóhanna Stefánsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Hallbera Ísleifsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Davíð Stefánsson**
**Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir**

---

†



*Okkar ástkæri bróðir, mágur og frændi,*

**Hafsteinn Karlsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 1. apríl. Útförin verður gerð frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 12. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarkort Heilaverndar sem fæst í síma 588-9220.

**Soffía Karlsdóttir** — **Grétar Garðarsson**
**Halldór Ingi Karlsson** — **Lára Jóhannsdóttir**
**Hilmar Karlsson** — **Dórothea Sigurjónsdóttir**
**og frændsystkini hins látna.**

---

†



*Elskuleg móðir okkar,*

**Torfhildur Hannesdóttir**
áður Lindargötu 57,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 3. apríl.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Hrefna Guðmundsdóttir**
**Anna Ágústsdóttir**
**Svava Ágústsdóttir**

---

†



*Frændi okkar,*

**Kolbeinn Þorleifsson**
Ljósvallagötu 16, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 28. mars, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 10. apríl kl. 11.

**Hanna Signý Georgsdóttir**
**Bragi Guðmundsson**
**Hannes Guðmundsson**
**Hanna Guðrún Guðmundsdóttir**

---

ÖRVAR KRISTJÁNSSON: FAGNAR SJÖTUGSAFMÆLI Á KANARÍEYJUM

# Finnst ég alltaf sami púkinn

„Afmælisdagurinn leggst bara vel í mig, ég ætla að spila og sleppa öllum veisluhöldum,“ segir Örvar Kristjánsson harmonikkuleikari sem fagnar sjötugsafmæli sínu á Kanaríeyjum á morgun. Þegar Fréttablaðið ræddi við Örvar naut hann sólarinnar á ensku ströndinni á Kanarí, þar sem hann hefur dvalist að vetri til síðustu fjórtán árin.

„Það er ekki hægt annað en hafa það gott hér í sólinni. Þetta er fjórtándi veturinn sem ég dvelst á Kanarí og spila,“ segir Örvar sem býst ekki við að gera sér dagamun á morgun. „Maður er náttúrlega alltaf að gera sér dagamun hérna,“ segir hann og skellir upp úr.

Örvar viðurkennir að það sé ekkert til að gleðjast yfir að komast á áttræðisaldurinn. Hann geti þó ekki kvartað enda heilsan ágæt. „Já, það er nú hálf hjákátlegt að komast á þennan aldur. Það góða er að mér finnst ég alltaf vera sami púkinn,“ segir Örvar hress í bragði.

Það er í nógu að snúast í spilamennskunni fyrir Örvar á ensku ströndinni á Kanaríeyjum. Hann hefur undanfarið spilað annað hvert kvöld á móti norskum tónlistarmanni en stundum leikur hann á hverju kvöldi. Og Örvar er ekki á því að setja nikkuna á hilluna á næstunni.

„Nei, alls ekki. Þetta lifir með manni fram í andlátið. Hljóðfærið er alveg klístrað við mann,“ segir hann.

Örvar á stóra fjölskyldu hér á landi sem eflaust vill fá að fagna þessum tímamótum með honum. Hann segir ekki loku fyrir það skotið að svo fari. „Ég kem heim 24. apríl svo það er ekki ósennilegt að maður geri eitthvað þá. Að minnsta kosti fyrir þá allra nánustu.“

**hdm@frettabladid.is**



**ÖRVAR KRISTJÁNSSON** Harmonikkuleikarinn kunni fagnar sjötugsafmæli sínu á morgun. Hann er staddur á Kanaríeyjum en býst við að fagna með nánustu ættingjum sínum í lok mánaðarins.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

Billie Holiday söngkona 1915.

Ravi Shankar tónlistarmaður 1920.







Arngrímur Jóhannsson flugstjóri 1940.

Andrea Jónsdóttir útvarpskona 1949.

Jackie Chan leikari 1954.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir fyrrverandi borgarstjóri 1965.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**Ragnheiður Elín Jónsdóttir og Ingvi Brynjar Jakobsson fagna 60 ára brúðkaupsafmæli sínu og 80 ára afmæli Ingva,** laugardaginn 7. apríl. Þau taka á móti vinum og vandamönnum í húsi frímúrara að Bakkastíg 16, Ytri Njarðvík, Reykjanesbæ frá kl. 14-17.

# Samstarf við MIT kynnt

Háskólinn í Reykjavík og MIT, Massachusetts Institute of Technology, kynntu á miðvikudag nýjan samstarfssamning MIT og íslensks atvinnulífs. HR hefur umsjón með samningnum í umboði Viðskiptaráðs og Samtaka iðnaðarins. Íslensk fyrirtæki sem taka þátt í samstarfinu geta þannig fengið aðgang að sérfræðingum og þekkingu MIT. Skólinn er fremstur bandarískra háskóla á sviði tækni og verkfræði, en úr fræðasamfélagi hans hafa sprottið sextíu og þrír Nóbelsverðlaunahafar.



**SAMSTARF VIÐ MIT** Háskólinn í Reykjavík kynnti á miðvikudag samstarfssamning MIT og íslensks atvinnulífs.

Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, dr. Ágúst Valfells, lektor og forstöðumaður Orkurannsóknarseturs HR, og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hittu forráðamenn MIT á miðvikudag. Forsetinn ræddi þá jafnframt við fulltrúa MIT um samstarf í menntun og rannsóknir í orkumálum. Samstarf MIT og HR kemur í framhaldi af samkomulagi skólans við Orkuveitu Reykjavíkur um að Orkuveita Reykjavíkur verði bakhjarl Orkurannsóknarseturs HR.

# Síðustu námskeið á vorönn að hefjast

## Almenn tölvunámskeið

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Byrjendur | 16. apríl | morgun/kvöld | 32.900 | AK/REK |
| Almennt tölvunám | 17. apríl | morgun/kvöld | 39.900 | AK/REK |
| Word | 24. apríl | morgun/kvöld | 21.000 | AK/REK |
| Excel | 10. maí | morgun/kvöld | 21.000 | AK/REK |
| Outlook | 30. maí | morgun/kvöld | 9.000 | AK/REK |

## Eldri borgarar 60+

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Byrjendur | 16. apríl | mán/mið 13-16 | 19.500 | AK/REK |
| Framhald | 17. apríl | þri/fim 13-16 | 19.500 | AK/REK |

## Vefur - grafík - ljósmyndun

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Photoshop grunnur | 16. apríl | kvöld | 24.000 | AK/REK |
| Photoshop ljósmyndun | 30. apríl | kvöld | 29.000 | AK/REK |
| Illustrator | 30. apríl | kvöld | 49.900 | AK/REK |
| Dreamweaver | 3. maí | kvöld | 29.000 | AK/REK |
| Flash | 7. maí | kvöld | 28.000 | AK/REK |
| Stafrænar myndavélar | 16. apríl | kvöld | 15.000 | AK/REK |

## MCP & MCSA

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Network Infrastructure (70-291) | 18. apríl | kvöld | 89.900 | REK |
| Exchange Server (70-284) | 19. maí | kvöld | 89.900 | REK |

## Skrifstofunám

| Námskeið | Hefst | Tími | Verð | Staður |
|---|---|---|---|---|
| Navision-fjárhagsbókhald | 26. apríl | morgun/kvöld | 49.900 | REK |
| Tollskýrslugerð | 16. maí | morgun/kvöld | 28.000 | REK |



## Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, læra að nota internetið og meðhöndla tölvupóst.
Kennt er tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

**Hefst 16. apríl. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.**

## Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

**Helstu kennslugreinar:**
- Windows tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

**Hefst 17. apríl. Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,- 3 kennslubækur innifaldar.**

## Eldri borgarar



**Byrjendur**
30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.
Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

**Hefst 16. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.**
**Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.**

**Framhald I**
30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word.
Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

**Hefst 17. apríl. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.**
**Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.**

## Stafrænar myndavélar



Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging.
Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl.
Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.

**Næsta námskeið hefst 16. apríl. Lengd 14 std.**
**Kennt er þrjú kvöld. Verð kr. 15.000,-**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

# Fljúgandi furðuhlutir og forræðishyggja

**Kormákur Geirharðsson** hefur séð álf. **Magnús Skarphéðinsson** hefur séð geimdisk. Báðir sjá þeir líka ýmislegt athugavert við íslenskt þjóðfélag. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* leiddi þá kappa saman á rökstóla.



**HEFÐARDRESS Á MAGNÚS** Kormákur var ekki í nokkrum vafa um að enskt hefðardress myndi klæða Magnús best þar sem hann myndi standa á hefðarsetri sínu og horfa yfir álverin sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Áður en félagarnir synda í spurningaflóði vill skólastjórinn Magnús ræða veitingar kaffistofu Norræna hússins, sem hann er afar ánægður með. Kormákur, sem lifir og hrærist í veitingastaðarekstri borgarinnar, tekur undir það en segist oft gleyma Norræna húsinu, staðsettu þarna úti í mýrinni. Kormákur er einn af frumbyggjum Fossvogs, fæddur árið 1963, og segir æsku sína draumkennda bíómynd sem byrji og endi vel. Magnús, átta árum eldri, ólst upp í Hlíðunum og segir æsku sína kannski ekki alveg eins stórkostlega í minningunni og hún er hjá Kormáki. Hann og fjögur systkini hans hafi verið erfið og uppátækjasöm systkini, með Klambratún sem leikvöll.

### Pizzastaðalögmálið

*Efnt var til íbúakosninga í Hafnarfirði um stækkun álversins. Sumir segja þetta vera sigur fyrir lýðræðið á meðan aðrir spyrja sig hvers vegna við séum yfir höfuð að kjósa stjórnmálamenn og greiða þeim laun fyrst þeir taka ekki slíkar ákvarðanir? Er íbúalýðræði framtíðin eða eiga ákvarðanir heima inni á alþingi?*

**Kormákur:** Ég er ánægður með úrslitin en auðvitað eiga þessir menn sem eru kosnir til þess að sjá um þetta að gera það. Það er hættulegt að setja þessar ákvarðanir svona í hendurnar á fólki, það getur vel komið vitleysa út úr því og það hefði átt að vera búið að taka á þessu máli fyrir löngu. En það er líkt og það sé ekki til neitt annað í heiminum heldur en ál til að skapa störf.

**Magnús:** Ég er feginn að Hafnfirðingar felldu stækkunina vegna þess að ef það eiga að bætast við fleiri álver þá eiga þau skilyrðislaust að fara út á land. Mér finnst gott hjá bæjarstjórninni að gera þetta en auðvitað ætlaði hún að fá aðra niðurstöðu. Íbúalýðræði er það sem koma skal en auðvitað hefðu fleiri en Hafnfirðingar átt að fá að kjósa um þetta.

**Kormákur:** Álvæðingin hefur stöðvað alla framþróun í iðnaði á Íslandi því enginn hefur hugsað um neitt annað. Álverin eru í rauninni gott dæmi um hvernig íslenskt samfélag virkar. Ef einhver opnar pizzastað, þá eru komnir tuttugu pizzastaðir daginn eftir. Og eitt álver verður svo fljótt að tuttugu slíkum. Allir hugsa það sama og engin nýsköpun á sér stað.

**Magnús:** Ég er ekki viss um að, hvað heitirðu aftur? Kormákur, já, þetta er svo svakalega erfitt nafn.

**Kormákur:** Þú mátt kalla mig Komma, eins og allir aðrir, gætir munað það.

**Magnús:** Ég er ekki svo viss um að ef ekkert álver risi, að eitthvað annað kæmi örugglega í staðinn. Þeir stjórnmálamenn sem eru á móti álinu tala allir um eitthvað annað – en hvað annað? Þeir nefna smáiðnað og hugbúnaðariðnað og fleira en engu að síður gerist ekkert. En ég vil koma þeirri hugmynd á framfæri að næsta virkjun sem við munum reisa verði í þágu þróunaraðstoðar. Ég hef dvalist mikið í Afríku og rennur blóðið til skyldunnar að nefna þetta og mér finnst að þjóðin eigi að finna sér einhvern stað til að virkja hér á landi og láta allan ágóða renna til þriðja heimsins. Við höfum staðið okkur hörmulega í þeim málum.

**Kormákur:** Styð þá hugmynd en engu að síður held ég að við eigum mikið eftir að hreinsa í okkar eigin ranni. Til dæmis mættu íslensk stjórnvöld gera meira af því að virkja grasrótina í tónlistinni því þar liggur ómældur auður. Menn þyrftu ekki að virkja annað en Kópavogslækinn til að ná þeim gjaldeyristekjum sem þar liggja.

### Sykur er fíkniefni

*Og talandi um hreinsun – lofts í þessu tilfelli. Nú verður bannað að reykja á kaffihúsum og börum borgarinnar 1. júlí? Er þetta forræðishyggjan að drepa okkkur eða eru reykingar bara liðin tíð?*

**Kormákur:** Annaðhvort hefðu þeir átt að fara alla leið eða taka þetta í þrepum. Það er mjög undarlegt að ég megi selja sígarettur en kúnninn verði að fara út til að reykja. Sama valdið fær mig til að selja ákveðinn hlut en bannar notkun á honum. Fínt að það sé ekki reykt á veitingastöðum og hótelum. Hins vegar eru til staðir sem heita krár og þangað fer fólk til að drekka, reykja og tala saman, og oft á tíðum fer það út úr húsi til að þurfa ekki að reykja heima hjá sér. Við erum loksins að komast á það menningarstig að geta fengið okkur í glas án þess að verða dauðadrukkin og það gerir fólk á krám en þarna færist drykkjan aftur yfir í heimahús að miklu leyti því margur hreinlega drekkur ekki án sígarettu. Þú ferð inn á matsölustað til að borða, inn á hótel til að sofa, á dansstaði til að dansa og inn á krár til að drekka og það gerir fólk oftast nær með sígarettu.

**Magnús:** Þetta er fín forræðishyggja og mér finnst að þjóðfélagið ætti að gera meira af þessu. Næst mætti taka hvítan sykur fyrir. Hann á algjörlega að fá sömu meðferð og fíkniefni enda bölvað eitur, öllum til ama og hefur í raun ekki verið hluti af mataræði okkar nema síðustu 200 árin. Mér finnst kominn tími til að saumað sé að reykingaliðinu.

**Kormákur:** Það hefur nú verið gert lengi og reykingamenn eiga varla tilverurétt lengur en hvað sykurinn varðar þá er þetta óþverri. Eitt barnið mitt umturnast ef það fær hálfa gosflösku og ef við ætlum að beita forræðishyggju einhvers staðar þá mætti gera eins og þeir gera á Akureyri og gefa öllum skólabörnum hafragraut í morgunmat. Það heldur manni gangandi út daginn.

### Gallað dómskerfi

*Sykur og böl en hvað með geimverur? Magnús hefur nú um árabil verið einn fremsti geimverusérfræðingur þjóðarinnar, trúir þú á geimverur Kormákur og heldurðu að okkur stafi ógn af þeim? Og Magnús, af hverju ætti fólk að trúa á geimverur?*

**Kormákur:** Það hljóta að vera einhverjar lífverur þarna. En mér finnst það hæpið að þær séu að leita að jörðinni til að drekka upp sjóinn eða éta okkur því þær vanti fæðu.

**Magnús:** Þær skortir kannski ál.

**Kormákur:** Já, kannski vantar þær ný geimskip og eru búnar með

**Á RÖKSTÓLUM**

súrálið á sinni plánetu og munu því mæta hingað fljótlega.

**Magnús:** Ástæðan fyrir því að fólk ætti að trúa á geimverur er sú að alheimurinn er svo stjarnfræðilega stór að það væri fáránlegur hroki að halda því fram að mannkynið væri eina lífríkið í heiminum. Tölfræðilega séð er þær því örugglega til. Milljónir jarðarbúa hafa séð geimdiska með berum augum og það er ástæðulaust að afgreiða alla þá sem sjá hluti sem ekki eru hefðbundnir sem geðsjúka eða lygara.

**Kormákur:** Þessi geimveruumræða kom einu sinni upp þegar ég var á ferðalagi með KK bandinu og þá hafði einhver í bílnum, man ekki nákvæmlega hver, séð undarleg ljós sem pössuðu ekki við nein þekkt fyrirbæri himinhvolfsins.

**Magnús:** Ég hef einu sinni séð geimdisk á Snæfellsnesi. 5. nóvember 1993. Þann fræga dag í Íslandssögunni. Ég var svo sem viss um að geimskipið myndi ekki lenda. Og ég hugsaði með mér að þetta væri nú meiri bölvaða vitleysan að láta hafa sig út í þetta, í norðangarra og kulda. Þegar ég fór að horfa heim í áttina til Reykjavíkur sá ég rauð ljós sem mynduðu hring og hreyfðust hratt og hoppuðu. Daginn eftir fór ég á fyrirlestur hjá heimsmeistaraliðinu í geimverufræðum og hlýddi þar á Robert Ochler kjarneðlisfræðing sem vann um skeið hjá Nasa og þar voru sýnd myndskeið af geimskipum og sá ég þar á filmu sömu sjón og ég hafði séð deginum áður. Ég stóð upp, kallaði og kallaði að ég hefði séð þetta í gær og truflaði fyrirlesarann. Honum fannst lítið til þess koma, sneri sér að mér og sagði einfaldlega: „So what?“

*Talið berst frá geimverum og fararskjótum þeirra yfir að dómnum yfir olíufélögunum og öðrum málum sem hafa heltekið fjölmiðla eins og Baugsmálið. Það er augljóst að bæði Magnús og Kormákur eru sammála um að íslenskt stjórnkerfi sé meingallað og það skorti tilfinnanlega lög sem nái utan um jafnstór fyrirtæki og Baug eða olíufélögin.*

**Magnús:** Það sem mér fannst kannski hvað verst við olíumálið er að þar var einum besta borgarstjóra Reykjavíkur, Þórólfi Árnasyni, bolað í burtu af Vinstri grænum. Ég kann þeim litlar þakkir fyrir það. Við megum heldur ekki gleyma því að á tímabili voru olíufyrirtækin ríkisrekin en var síðan skellt út í frjálsa samkeppni. Þar vissu þau ekkert hvernig þau áttu að haga sér. Hvað Baugsmálið varðar finnst mér hins vegar það liggja betur uppi á borðinu að um sakamál er að ræða. Og menn verða auðvitað að þola að það sé réttað í málum þeirra og það er augljóst að þarna er maðkur í mysunni.

**Kormákur:** Ég er eiginlega sammála Magnúsi að því leyti að þessi mál sanna hversu lélegt íslenskt stjórnkerfi er. Manni finnst spillingin vera komin meira upp á yfirborðið síðustu misserin. Og það er líka annað, að ég held að Baugur hafi ekki verið að finna upp hjólið í svona málum. Og það eru örugglega mýmörg fyrirtæki sem viðhafa sömu viðskiptahætti.

### Draugagangur í Grafarvogi

*Annað atriði sem Magnús hefur kannski verið þekktur fyrir er draugar og störf fyrir Sálarrannsóknarfélagið; hver er mesti draugagangur sem þú hefur fundið fyrir Magnús og hefur þú séð draug Kormákur?*

**Magnús:** Mesti draugagangurinn er í gömlum húsum. Samt er eitt hverfi hér í bæ sem hefur sérstöðu og það er Bakkahverfið og Staðarhverfið í Grafarvogi. Sögusagnir eru um að þar hafi verið setið fyrir fólki á leið í kaupstað og því fargað. Enginn veit neitt staðfest um það, en það er sérstakt að af nýjum hverfum séu þessi hverfi svona óvær.

**Kormákur:** En er ekki kirkjugarðurinn þarna upp frá, færa þeir sig ekki bara yfir þar sem er eitthvað stuð, ekki myndi ég nenna að hanga með forpokuðum dauðum mönnunum.

**Magnús:** Já, en þá hefði átt að vera draugagangur í Suðurhlíðunum í Reykjavík hjá Fossvogskirkjugarði en það er algjörlega kvartanalaust svæði. Stundum er draugagangur gamlir liðnir atburðir sem spilast eins og biluð plata í húsinu sem þeir áttu sér stað í. Draugagangur getur verið mjög saklaus, kannski bara undarleg lykt og hljóð og svo upp í draugagang þar sem húsin eru óíbúðarhæf og þau hús ganga eigenda á milli.

**Kormákur:** Sjálfur hef ég ekki séð drauga, bara álf.

**Magnús:** (lyftist allur upp): Ha? Hvar þá?

**Kormákur:** Í Fossvoginum þegar ég var lítill drengur. Ég vaknaði um miðja nótt og horfði á hann þar sem hann gekk í gegnum herbergið mitt og hvarf út í garð. Hann var eins líkur álfi og hægt er að teikna álf og það var eiginlega það lygilegasta við það.

**Magnús:** Horfði hann á þig?

**Kormákur:** Nei, hann gerði það nú ekki. Og þetta var skrítið því ég var ekki að lesa neinar álfasögur eða neitt.

**Magnús:** „Þú hefur verið að drekka!“ segir Magnús og hlær við en bætir við að þetta séu yfirleitt viðbrögð fólks sem heyri slíkar sögur eða frásagnir. ■

> „Ég stóð upp, kallaði og kallaði að ég hefði séð þetta í gær og truflaði fyrirlesarann. Honum fannst lítið til þess koma, snéri sér að mér og sagði einfaldlega: „So what?“

# NÝ TÓNLIST




1.890

**Timbaland**
**Shock value**




1.890

**Modest Mouse**
**We were dead before the ship even sank**




1.890

**Kings of Leon**
**Because of the times**



1.890

**LCD soundsystem**
**Sound of Silver**




1.890

**Ballöður**
**Ýmsir**




1.718

**Silvía Night**
**Goldmine**



1.890

**Blonde Redhead**
**23**




1.890

**Josh Groban**
**Awake**



2.199

**Neil Young**
**Live at Massey Hall**



1.890

**The View**
**Hats off to Buskers**




1.890

**Joss Stone**
**Introducing Joss Stone**



1.890

**Skátar**
**Ghost Of The Bollocks To Come**

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**




**1.358** kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Norðlenska lambahryggur kryddaður




**269** kr/kg.
Ekta grillborgarar 4 stk m/ brauði




**1.146** kr/kg. áður 1.528 kr/kg.
Goða bayonneskinka




**799** kr/kg. áður 1.598 kr/kg.
Norðlenska lambagrillsneiðar




**899** kr/kg. áður 1.527 kr/kg.
Borgarnes grísahnakki úrb. mediterranian




**1.259** kr/kg. áður 2.100 kr/kg.
Borgarnes lambagrillkótilettur þurrkrydd.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 7. apríl til 8. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

## Frábært fyrir blandið




**99** kr/stk.
Egils appelsín



**459** kr/pk.
Hornafjarðarhumar - 500 gr.




**349** kr/stk. áður 468 kr/stk.
Freschetta Brickoven pizzur




**799** kr/stk. áður 1.299 kr/stk.
Góa páskaegg Nr. 6 - 540 gr.



## Öll Nóa eggin á frábæru verði!

NÓI SÍRÍUS

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

# Barnið inni í Mr. Bean

Breski gamanleikarinn **Rowan Atkinson** snýr aftur sem hinn óborganlega klaufi Mr. Bean í nýrri mynd um kappann sem frumsýnd er um helgina. *Birgir Örn Steinarsson* ræddi við Atkinson á snjóþungum degi í Lundúnaborg.



MIKILVÆG ÁDEILA „Mér finnst ádeila mjög mikilvæg í gríni.“ – breski leikarinn Rowan Atkinson sem Mr. Bean.

Dagurinn sem ég hitti Rowan Atkinson í London var afar eftirminnilegur. Ekki bara fyrir þær sakir að ég var læstur inni á hótelherbergi með Mr. Bean í hálftíma heldur vegna þess að á þessum degi átti sér stað nær yfirnáttúrulegur atburður í London. Það snjóaði. Auðvitað þótti vel viðruðum íslenskum bleiknefja eins og mér ekkert merkilegt við að sjá smá snjókomu, en Lundúnabúar höguðu sér eins og þriðja heimsstyrjöldin hefði brotist út þennan dag. Þrátt fyrir að það hefði aðeins fallið þykkur snjór í um þrjár klukkustundir lamaðist samgöngukerfi borgarinnar algjörlega og fjölmiðlar gerðu búrhval úr frumeind og lýstu atburðinum eins og um stórslys væri að ræða. Sjálfum fannst mér þessi dúnsæng sem snjórinn lagði ofan á stórborgina gefa henni afar ævintýralegan blæ en fyrir Bretanum eru allar óvæntar uppákomur vesen, og þar af leiðandi komu flestir of seint í vinnuna þennan daginn. Herra Atkinson var engin undantekning. Ég þurfti að bíða eftir honum í rúman klukkutíma á meðan leikarinn kom sér úr sveitinni fyrir utan borgina að hótelinu í Soho þar sem við höfðum mælt okkur mót til að ræða nýjustu mynd hans, Mr. Bean´s Holiday. Það fyrsta sem maður tekur eftir í nærveru Rowans Atkinson er hversu gríðarlega langt frá persónu sinni hann er í hreyfingum og fasi. Hann er alls ekki eins stífur og það gervi sem flestir þekkja hann í og víðs fjarri því að vera þögull. Þvert á móti er hann mjög menntaður í tali, kurteis og virkar áhugasamur fyrir því að heyra það sem sagt er við hann. Viðtalið byrjar svolítið klunnalega því þegar ég er loksins leiddur inn á hótelherbergið hans opnast hurðin ekki, og Mr. Bean hefur þannig einhvern veginn náð að læsa sig inni á herberginu. Eftir um fimm mínútur kemur hótelþjónn og bjargar málunum. Vá, þetta var ekta Mr. Bean atriði, segi ég um leið og ég fæ mér sæti við borðið. „Já, ég verð að viðurkenna það,“ svarar Rowan Atkinson um leið og hann tekur í höndina á mér og hlær léttilega.

### Undir áhrifum frá Jacuques Tati

**Þú hefur ekki leikið Mr. Bean síðan þú slóst rækilega í gegn með fyrri myndinni um hann fyrir tíu árum síðan. Varstu farinn að sakna hans?** „Já, það var akkúrat þess vegna sem ég réðst í þetta verkefni. Mér fannst eins og hann ætti eitthvað eftir. En ég verð að viðurkenna að mér líður alls ekki þannig núna eftir að hafa klárað þessa mynd. Vissulega, eftir fyrstu myndina, fannst okkur eins og það væri vel hægt að gera aðra mynd um persónuna. Þessi mynd er þó nokkuð fágaðri en sú fyrri. Ekki halda þó að við höfum gert afar fágaða mynd en yfirbragð hennar er vissulega mun þroskaðra en áður. Brandararnir eru ennþá mjög einfaldir.“

**Heldurðu að það hafi áhrif að þessi mynd gerist í Evrópu?** „Já, alveg bókað. Það er mjög franskt yfirbragð yfir þessari mynd. Þetta er mun einfaldari saga en fyrri myndin. Eini söguþráðurinn er í rauninni ferðalag Mr. Bean á ströndina. Bean talaði eitthvað smávegis í síðustu mynd, en vanalega segir hann aldrei neitt. Það er mikill kostur. Það er samt meiri vinna þegar maður er að skjóta, því maður þarf að segja söguna sjónrænt. Það var líka ein af ástæðunum fyrir því að myndin gerist í Frakklandi, þannig að hann hefði enga leið til þess að tjá sig. Hann talar ekki tungumálið.“

**Af hverju vilduð þið gera fágaðri mynd um jafn ófágaða persónu?** „Við ætluðum okkur nú að gera fágaðri mynd en við enduðum með. Ég held að okkur hafi ekki almennilega tekist að framkvæma háfleygari metnað okkar. Við vildum bara vera örlítið hugrakkari hvað grínið varðar. Við vorum að reyna að fanga þá tilfinningu að hafa litla veru í stóru landslagi. Það eru nokkur þannig skot í myndinni, og það er ótrúlega fyndið að sjá Mr. Bean þegar hann er pínkulítill á skjánum.“

**Dáist þú að mörgum gamanleikurum?** „Já, vissulega. Þegar ég var um sautján ára gamall var ég mikill aðdáandi franska gamanleikarans Jacques Tati. Hann var mér mikill innblástur. Ég er mjög hrifinn af John Cleese og Woody Allen. Svo hef ég alltaf verið hrifinn af Barry Humphries sem enginn þekkir undir nafni, en allir þekkja persónu hans Dame Edna.“

**Hefur þú gaman af því að klæða þig í kvenmannsföt?** „Nei, en ég geri það í lok þessarar myndar og það kemur ágætlega út. Ég lít aldrei vel út í draggi. Það virkar fyrir suma, en það gerir það eiginlega ekki fyrir mig.“

**Þú lítur þá kannski ekkert út eins og einhver gömul frænka þín?** „Jú, svona á yfirborðinu kannski, en ég hef bara alls ekki líkamsburðina til þess að vera flottur í draggi.“

**Hvað var það við Jacques Tati sem þér líkaði svona vel við, var það ádeilan?** „Ólíkt honum er Mr. Bean ekki satíra á nokkurn hátt. Seinni myndir Tati voru án efa fullar af ádeilu á þjóðfélagið og pólitík. Ég kunni bara að meta það við hann að hann var ekkert fyrir málamiðlanir. Brandararnir voru fyndnir og hann gerði bara nákvæmlega það sem hann langaði. Hann tók sér líka sinn tíma. Í mörgum mynda hans eru atriði sem hafa heilmikið rými. Ég kunni betur við hann sem skemmtikraft en listamann. Þannig hafði hann áhrif á þessa nýju Bean-mynd, því við gefum sumum bröndurunum mun meiri tíma til þess að þróast áður en við skellum þeim á áhorfendur. Grín snýst um takt. Hann getur verið mjög hægur en samt órúlega fyndinn þegar hann kemst á endann.“

### Osama bin Laden og Borat

**Er eitthvað viðfangsefni sem þú myndir aldrei snerta á, þú sagðist einhvern tímann vilja gera grín að Osama bin Laden?**

„Nei, ég held að ádeila sé mjög mikilvæg í gríni. Ég myndi ekki hika við að gera grín að einhverjum á borð við Osama bin Laden, en maður verður að finna réttan snertiflöt. Það er t.d. alveg hægt að gera grín að þannig manni án þess að gera lítið úr trú hans og fylgjendum. Mér dettur strax í hug að það sé hægt að gera grín að því að hann hafi verið í felum jafn lengi og raun ber vitni, eða að hann skuli hafa horfið eins og hann gerði. Hvar er hann? Hvað fær hann sér í morgunmat og svo framvegis. Ég hef hitt einstakling sem hitti hann nokkrum sinnum í matarboðum á meðan hann bjó hérna í London. Mér finnst eitthvað mjög fyndið við þá hugmynd að Osama bin Laden hafi verið staddur í bresku matarboði í Kensington. Þannig er hægt að velja sér ýmsa snertifleti sem snúast ekkert um hryðjuverk, heldur bara þær aðstæður sem einstaklingurinn hefur komið sér í.“



## ➜ Geðþekkur og geðveikur breskur húmor

Gamanleikarinn **Rowan Atkinson** er frægastur á heimsvísu sem hinn klaufalegi Mr. Bean, en í Bretlandi hafa „Blackadder“-þættirnir sem út komu í fjórum seríum náð költ-stöðu.



Atkinson lék persónuna illkvittnu **Blackadder** á fjórum tímabilum í breskri sögu - miðöldum, sextándu öld, átjándu öld og í fyrri heimsstyrjöldinni.

**Leikarinn hefur leikið í fjölmörgum öðrum þáttum og bíómyndum, þar á meðal:**



**Johhny English** (2003)
**Love Actually** (2002)
**Scooby Doo** (2002)
**Maybe Baby** (2000)
**Doctor Who and the Curse of Fatal Death** (1997)
**The Thin Blue Line** (sjónvarpsþættir 1995-1996)
**Four Weddings and a Funeral** (1994)
**The Lion King - rödd páfagauksins** (1994)
**The Witches** (1990)
**The Tall Guy** (1989)
**Never Say Never Again** (1983)
**Not the Nine o‘clock News** (sjónvarpsþættir 1982)

## SKANDINAVÍSKIR PÁSKAR

Norðmenn og Svíar skreyta hús sín um páska með máluðum hænueggjum og borða marsipan og súkkulaði úr pappaeggjum.

HEIMILI 3



## FERÐAST MEÐ BÖRN

Þolinmæði barna getur verið að skornum skammti. Á ferðalögum þarf því að sinna börnunum vel; passa að þau borði ekki of mikið sælgæti og hafi eitthvað við að vera.

FERÐIR 3



## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR HEIMILI ]

**Morgunferðir** Ferðafélags Íslands undir heitinu „Á fjöll við fyrsta hanagal“ verða farnar dagana 7. til 11. apríl. Lagt er af stað kl. 6.00 alla dagana og kostar ekkert að slást með í för. Í dag er gengið upp á Helgafell, Vífilsfell á morgun, Grímmannsfell á mánudag, Keili þar á eftir og að lokum Viðey.



**Bilasolur.is** er stútfullur vefur af notuðum bílum til sölu. Þar er öflug leitarvél sem getur sparað mikinn tíma þegar leitað er að bifreið.

**Útigrillið** þarf að athuga fyrir komandi grilltíð. Ef grilllöngunin kviknar á páskaföstunni þarf allt að vera í lagi og kúturinn fullur af gasi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 7. apríl, 97. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.26 | 13.30 | 20.36 |
| Akureyri | 6.06 | 13.15 | 20.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Bjarni Benediktsson ásamt sænska snjóbílnum, sem er götuskráður og í góðu lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Með snjóbíladellu

***Bjarni Benediktsson er mikill áhugamaður um sænska snjóbíla framleidda á árunum 1965-1981. Sjálfur á hann einn á þrítugsaldri sem er enn í fínu standi.***

„Ég og félagi minn Hafsteinn Linnet eigum saman einn snjóbíl að gerðinni Snow Trac st 4 árgerð 1979. Síðan hef ég aðgang að öðrum eldri frá 1966, sem fyrirtækið okkar á,“ segir Bjarni Benediksson snjóbílaáhugamaður.

Snow Trac-bílarnir voru framleiddir í Svíþjóð á árunum 1965-1981 og að sögn Bjarna eru um þrjátíu þeirra hér á landi. „Þetta voru um 2.200 bílar sem voru framleiddir. Margar björgunarsveitir á Íslandi áttu svona bíla og meðal annars voru þeir í flota NATO,“ segir Bjarni.

Með tilkomu vélsleða og stærri jeppadekkja var síðan hætt að framleiða bílana og flestar björgunarsveitir fengu sér stærri og öflugari snjótroðara. „Björgunarsveitin Heiðar fékk bílinn nýjan að gjöf frá Kiwanisklúbbnum Jökli á sínum tíma. Þegar sveitin síðan endurnýjaði flotann árið 2000 var sænska snjóbílnum lagt og upp úr því festum við kaup á honum,“ segir Bjarni.

Félagarnir notuðu bílana upprunalega við að þjónusta dísilrafstöðvar sem Landsíminn og fleiri eiga til fjalla. Í dag er snjórinn hins vegar mun minni og ekki þörf á slíkum bílum.

„Þetta er mest áhugamál núna. Við reynum að fara eina til tvær ferðir á ári en það verður sífellt lengra í snjóinn. Það þarf að fara upp á jökul til að komast í almennilegt færi í dag,“ segir Bjarni.

Nánari upplýsingar um bílana hans Bjarna er að finna á www.123.is/snowtrac

*rh@frettabladid.is*

Tivoli Audio
fermingargjöfin...
Made for iPod
bestu afspilunartækin með útvarpi fyrir iPod



KORTER.IS
HLJÓMSÝN
www.hljomsyn.com
ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010



Ertu að spá í bílakaup?
VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!
Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.glitnirfjarmognun.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4420.
GLITNIR
FJÁRMÖGNUN
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

**Heimsmeistaramótið** í mótorkross hófst hinn 1. apríl í Valkanswaard í Hollandi. Nánari upplýsingar á: www.motorcross.is





BMW 7-lína með 6,0 l 260 hestafla vetnisvél sem gengur fyrir fljótandi vetni.

# Vetnisvædd Evrópa

***Niðurstöður starfshóps á vegum ESB hefur vakið vonir um að skapa megi samstöðu um eina tiltekna leið í þróun nýrrar vetnisvéla.***

Mikill þrýstingur er á bílaframleiðendur að þróa nýja og umhverfisvænni vélatækni, ekki hvað síst með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda. Vetni er meðal þeirra orkugjafa framtíðarinnar sem margir horfa vonaraugum til, en samstaða um leiðir virðist hins vegar lítil sem engin. Niðurstöður starfshóps á vegum ESB hafa vakið vonir um að skapa megi samstöðu um eina tiltekna leið í þróun nýrrar vetnisvélar.

Bílaframleiðendur hafa hingað til verið hver á sinni braut með þróun nýrrar vetnistækni. Í grófum dráttum skipa þeir sér í tvö horn; annars vegar þá sem eru að þróa hreinar vetnisvélar og hins vegar þá sem eru að þróa efnarafala sem ganga fyrir vetni. Í síðarnefnda tilvikinu væri þá um rafmagnsbíla að ræða, með „vetnisrafala“. Ef marka má niðurstöður HyICE, starfshóps á vegum Evrópusambandsins, virðist vetnisvélin eiga framtíðina fyrir sér.



Evrópskir bílaframleiðendur hafa komið sér á sameiginlega línu í þróun vetnisvéla.

Forsaga málsins er sú að árið 2004 skipaði Philippe Busquin, þáverandi framkvæmdastjóri ESB fyrir vísindi og rannsóknir, tíu fulltrúa úr röðum evrópsku bílgreinanna og háskólasamfélagsins í starfshópinn, en þeir áttu það allir sameiginlegt að hafa unnið að rannsóknum og þróun á vetnisvél sem byggir á hefðbundinni tækni sprengihreyfilsins (Hydrogen Internal Combustion Engine – HyICE). Rannsóknar- og þróunardeild BMW Group var síðan falið að leiða þetta þverfaglega rannsóknarstarf, sem fól ekki hvað síst í sér að hlutaðeigandi aðilar miðluðu eigin rannsóknarniðurstöðum sín á milli með það fyrir augum að hámarka eða „fullkomna“ þessa nýju tækni.

Í lok síðasta mánaðar var svo afrakstur samstarfsins kynntur; ný vetnisvél sem getur gengið fyrir ólíkum gerðum vetnis og er aflmeiri en fyrri gerðir en á sama tíma sparari á vetnisnotkunina. Þá voru fulltrúar orkumálaráðuneytis Bandaríkjanna viðstaddir kynninguna, en fulltrúum þess var gefinn kostur á að fylgjast með framgangi verkefnisins og er þetta í fyrsta sinn sem slíkt samstarf á sér stað á milli ESB og Bandaríkjastjórnar.

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Meirapróf
Lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 11.apríl

Vinnuvélaeigendur!
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk um allan heim
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur



Flestar stærðir til á lager!
GALAXY Fyrir flestar gerðir vinnuvéla
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER

Omega
The ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

**Heimilisverkin** verða svo miklu skemmtilegri með litríkum hönskum og tuskum. Ekki er verra að vera með bursta og kústa sem eru á litinn eins og sebrahestar og tígrisdýr.

Grjónapokar, ýmist úr bómull eða leðri í öllum litum, fást á Lounge-About en poki sem þessi kostar um sex þúsund krónur eða 45 pund.



Svona sessu, sem ýmist má nota sem skemil, borð eða sæti, er hægt að kaupa í gegnum vefsíðuna fyrir um sex þúsund krónur.

# Leðraðir húsmunir

***Leðurhúðir, grjónapúðar, sessur og fleira á frábæru verði í gegnum breska vefsíðu.***

Leður er eitt af því sem aldrei fer úr tísku. Um víðan völl er fólk að mótmæla pelsaframleiðslu, en minna ber á þeim sem mótmæla leðri enda yrðu það ansi langdregin mótmæli þar sem leður er að finna inni á öllum heimilum og víðar. Í Austur-Sussex í Bretlandi er lítið fyrirtæki sem sérhæfir sig í að framleiða bæði grjónapúða og gólfsessur úr leðri, en þar er líka hægt að kaupa leðurhúðir sem má nota sem gólfmottur eða veggskraut.

Verðið hjá bretunum er töluvert gott. Fyrir fallega gólfábreiðu úr nautshúð þarf að greiða um 30.000 krónur, en grjónapúði úr leðri kostar um 23.000 og svo má fá ódýrari púða úr bómull. Áhugasöm geta kynnt sér úrvalið á www.lounge-about.com *- mhg*






## Páskar á fjöllum

FLESTIR NORÐMENN OG SVÍAR ERU FÆDDIR MEÐ GÖNGUSKÍÐI Á FÓTUNUM OG ENGINN ÞYKIR MAÐUR MEÐ MÖNNUM NEMA HANN FARI Á FJÖLL UM PÁSKA.

Ásamt því að vera á flandri á gönguskíðum með bakpoka í anorakk, sporðrenna þessir frændur okkar tonnum af marsipani hverja páska.

Páskaeggin eru myndskreytt pappaegg sem síðan eru fyllt af sælgæti og falin heima eða úti í garði. Páskahérinn sér um að færa börnunum eggin sem síðan eru notuð ár eftir ár.

Til að búa sig undir hátíðina mála börnin hænuegg í öllum regnbogans litum og hengja á tjágreinar ásamt litskrúðugum fjöðrum. Síðan eru greinarnar notaðar sem skraut heima yfir páskahátíðarnar.

Flestir flykkjast með lest upp í fjöllin og þá sést annar hver maður japlandi á páskamarsipani niðursokkinn í glæpareyfara sem er órjúfanlegur hluti páskahátíðarinnar á Norðurlöndunum.

Undirbúningur fyrir páskahátíðina er mikill og það þykir meira en sjálfsagt að taka sér frí þessa þrjá daga fyrir skírdag. Heilu borgirnar eru því nánast lokaðar yfir páskana. Og flesta er að finna símalausa uppi á fjöllum með kakó í brúsa. *- rh*

## Sígild Retro-hönnun

Í netverslunninni Retro Modern er að finna húsgögn og húsbúnað ásamt gjafavörum og skartgripum. Hugarfóstur hönnuða eins og Knoll, Herman Miller, Fritz Hansen, Alessi og Stelton er þar að finna. Sjá www.retromodern.com



Hönnun Alvar Aalto er að finna í amerísku netverslunninni Retro Modern.









**Parísardaman** skipuleggur styttri og lengri ferðir um þessa höfuðborg menningar í Evrópu. Allar upplýsingar eru á frönsku. www.parisardaman.free.fr



Með góðu skipulagi og þolinmæði eru ferðalög fjölskyldunnar mikil skemmtun.

# Ferðast með börn

***Börn eru alltaf með heilmikið dót og þau hafa ekki sömu þolinmæði og fullorðnir á ferðalögum. Hér eru nokkur góð ráð fyrir þá sem eru að ferðast með börn.***

Engu máli skiptir hvort um ungbörn eða eldri börn eru að ræða, þeim fylgir heilmikið dót. Mestu skiptir þó að pakka aðeins því allra nauðsynlegasta. Mörgum hættir þó til að taka allt of mikið og pakka óþarfa hlutum ef ske kynni að þeir nýttust á ferðalaginu. Of mikið af farangri þýðir þó að hlutirnir eru líklegri til að týnast og farangurinn er þyngri. Þetta þýðir þó ekki að taskan eigi að vera tóm. Feta skal hinn gullna meðalveg. Hluti eins og bleyjur er hægt að kaupa á flestum stöðum í heiminum, og því ágætt að pakka aðeins bleyjum fyrir ferðalagið sjálft. Sama gildir um sjampó og fleira.

Ofast er fjölskyldufólki ráðlagt að fara snemma af stað á flugvöllinn. Hins vegar eru fjölskyldur misjafnar og það getur verið meira stressandi fyrir fjölskylduna að sitja lengi á flugvellinum og bíða en að standa í röð. Gott er að hafa flugmiða og vegabréf á sama stað þannig að það sé auðvelt að grípa til þess við innritun. Á stöku stað í heiminum geta íslenskir foreldrar lent í þeim vandræðum að þeir þurfi að sanna að þeir eigi börnin sem þeir ferðast með. Slíkar upplýsingar koma ekki fram í vegabréfi og á Íslandi eru eftirnöfn lítið notuð. Ágætt er því að hafa fæðingarvottorð barnanna við höndina, en þau er hægt að nálgast hjá Hagstofu Íslands.

Mestu máli skiptir þó að halda ró sinni og veita börnunum þá athygli sem þau þurfa. Passa upp á að þau fái nóg að drekka og borða. Forðast að gefa þeim sykur og sælgæti og sjá þeim fyrir afþreyingu.

## Skrifstofa án veggja

ÞRÁÐLAUSA KYNSLÓÐIN HEFUR ALDREI FERÐAST JAFN MIKIÐ OG TEKUR MEÐ SÉR SKRIFSTOFUNA Í FARTÖLVUNNI UM HEIM ALLAN.

Heimurinn minnkar sífellt og það er alltaf hægt að taka með sér skrifstofuna í hinum þráðlausa heimi. Í stórborgum Asíu, Evrópu og Ameríku eru skrifstofusamfélög og netkaffi þar sem þetta fyrirkomulag færist sífellt í aukana. Á flestum stöðum er boðið upp á opin skrifstofurými eða borðpláss á þar til gerðum netkaffihúsum eða hjá skrifstofusamfélögum.

Á Íslandi nýta margir sér nettengingu kaffihúsanna og taka með fartölvu til að vinna. Áður en haldið er erlendis getur verið ágætt að kanna möguleikana í viðkomandi borg, til dæmis í dagblöðum eða tímaritum á netinu, eða kanna hvort samstarfsfélagar erlendis hafi upplýsingar um slíka staði. *- rh*



Hin hefðbundna skrifstofa er ekki sem fyrr. Þráðlausa kynslóðin kýs sveigjanleikann og getur unnið hvar sem er í heiminum.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

Fallegar íslenskar peysur

Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is






Ferðafélag Íslands
www.fi.is s. 568-2533



# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

## Málmiðnaðarmenn - Rafiðnaðarmenn

Launafl ehf óskar eftir að ráða raf- og málmiðnaðarmenn til framtíðarstarfa á Reyðarfirði við viðhald og viðgerðir á raf- og vélbúnaði.

**Öryggis- og gæðamál**

Mikil áhersla er lögð á öryggis- og gæðamál og munu nýir starfsmenn fá sérstaka fræðslu áður en þeir hefja störf.

Upplýsingar um störfin gefur Eyjólfur í síma 477 1797 / 892 1573

**Umsóknir**

Umsóknum skal skila til Launafls fyrir 30. mars 2007. Umsóknir má senda á netfangið eyjolfur@launafl.is eða í pósti merkt Launafl ehf, Lyngási 12 700 Egilsstaðir.

LAUNAFL

Launafl ehf er nýtt alhliða verktakafyrirtæki og bak við það standa nokkur öflugustu rafmagns- og málmiðnaðarfyrirtæki á Austurlandi

---

NÁMSMATSSTOFNUN

## Grunnskólakennarar

Kennarar óskast til að fara yfir samræmd próf í 10. bekk 2007. Skilyrði er að umsækjendur hafi kennt stærðfræði, íslensku, dönsku eða ensku í 10. bekk. Fyrsta próf er 2. maí.

Umsóknarfrestur er til 20. apríl nk. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Námsmatsstofnun í síma 550 2400. Umsóknareyðublöð fást hjá stofnuninni Borgartúni 7a, 105 Reykjavík en einnig er hægt að sækja um á netinu; slóðin www.namsmat.is

---



## Spennandi framtíðarstörf

**Fyrir alla**

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er,sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**www.husa.is**

**Pípulagnaverslunin Skútuvogi**

**Viljum ráða áhugasama sölu- og afgreiðslumenn í Pípulagnaverslun okkar Skútuvogi**

**Um starfið:**

- Starfið felst í sölu, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini
- Menntun eða einhver reynsla af pípulögnum æskileg
- Reynsla úr sambærilegu starfi kostur

**Einnig viljum við bæta við sumarstarfsmönnum.**

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttir, **atvinna@husa.is**, fyrir 22. apríl n.k. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is. husa.is.**

HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

---

# Kerfisstjóri

HB GRANDI

Sjávarútvegsfyrirtæki í fararbroddi

*HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur botnfisk og uppsjávarfisk. Félagið gerir út 14 skip og er með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða en helstu markaðirnir eru í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.*

*Sjá nánar á* www.hbgrandi.is

## HB Grandi óskar að ráða kerfisstjóra.

**Ábyrgðar- og starfssvið**

- Umsjón með daglegum rekstri tölvu- og netkerfa

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af vinnu við Windows stýrikerfi og SQL gagnagrunn
- Þekking á Lotus Notes og MBS Navision æskileg
- Mikil samskiptahæfni og frumkvæði

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 16. apríl nk. Númer starfs er **6424**.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Kristín Guðmundsdóttir. Netföng: thorir@hagvangur.is og kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR - *við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

---

**ASK Arkitektar** er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði arkitekta og innanhússarkitekta, ss. hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, hönnun húsgagna, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl. **Verkefni** stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga. **Teiknistofan** er í nýju húsnæði í miðborginni og eru starfsmenn nú 21 talsins.

# Arkitekt

Óskum eftir að ráða reyndan arkitekt til starfa eins fljótt og kostur er.

*Umsóknir sendist til Páls Gunnlaugssonar* ***pall@ask.is*** *sem gefur jafnframt nánari upplýsingar.*

ASK ARKITEKTAR

Geirsgötu 9 • 101 Reykjavík • Sími 515 0300

**www.ask.is**

2130.32

---

# Framkvæmdastjóri - Austurland

## Þjónustufyrirtæki á Austurlandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa.

Fyrirtæki með 10 starfsmenn og rúmlega 100 m.kr. veltu leitar að framkvæmdastjóra til að leiða uppbygginguna þess. Fyrirtækið byggir starfsemi sína nokkuð á tækni og er menntun innan verkfræði mikill kostur. Að baki fyrirtækinu stendur öflugt, fjársterkt félag með starfsemi á Íslandi og erlendis. Gert er ráð fyrir miklum vexti fyrirtækisins á Austurlandi og standa væntingar eigenda til þess að tvöfalda starfsemina á svæðinu á næstu þremur árum.

**Starfssvið**

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á uppbyggingu og þróun lausnaframboðs
- Þróun þjónustuferla og gæðastjórnun
- Stjórnun verkefnasafns
- Samþætting félagsins við starfsemi móðurfélags

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskiptafræði æskileg
- Reynsla af stjórnun verkefna og rekstri
- Reynsla af tilboðsgerð og sölu
- Frumkvæði og metnaður til að taka þátt í framgangi félagsins

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um á **www.hagvangur.is** fyrir 19. apríl nk. Númer starfs er **6498**.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR - *við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

RAFHOLT

**Óskum eftir vönum rafvirkjum til starfa. Næg verkefni framundan.**

Vantar bæði menn í smáspennu- og lágspennuverkefni.

Upplýsingar í síma 695-6447.

Sveitarfélagið ÁLFTANES

# Sumarstörf

**Sveitarfélagið Álftanes auglýsir laus til umsóknar eftirfarandi sumarstörf árið 2007.**

## Þjónustumiðstöð Álftaness

**Verkstjóri fyrir sumarstörf,** umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri. Æskilegt er að verkstjóri hafi reynslu í verkstjórn og /eða garðyrkjustörfum.
**Vélamenn,** nauðsynlegt er að umsækjendur séu með réttindi til að aka dráttarvél.
**Starf sláttumanna,** umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri.
Almenn sumarvinna, fyrir ungmenni fædd 1990 eða fyrr.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Álftaness í síma 565-8696 og 821-5010, netfang: brynjolfur@alftanes.is

## Vinnuskólinn

Vinnuskólinn auglýsir eftirfarandi sumarstörf laus til umsóknar árið 2007.

**Verkstjóri,** umsjónarmaður Vinnuskóla, umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri.
**Flokkstjórar,** umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri.
**Vinnuskóli,** 8. bekkur, fædd 1993
**Vinnuskóli,** 9. bekkur, fædd 1992
**Vinnuskóli,** 10.bekkur, fædd 1991, umsækjendur þurfa að skila skattkorti með umsókn.

Nánari upplýsingar um störf í Vinnuskóla veitir íþrótta- og tómstundafulltrúi Álftaness í síma 565-2428 og 821-5005, netfang: stefan@alftanes.is
**Umsóknarfrestur um sumarstörf er til 30. apríl 2007.**
Umsóknareyðublöð liggja frammi á Þjónustumiðstöð Álftaness, Íþróttamiðstöð Álftaness og á bæjarskrifstofunni að Bjarnastöðum. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Sveitarfélagsins Álftaness, **www.alftanes.is.**

**Forstöðumenn**

Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

**Kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands auglýsir eftir :**

starfsmanni á skrifstofu

Um er að ræða 100% starfshlutfall sem felst m.a. í :
- *Bókhaldi*
- Umsjón með verkefnum Kvennadeildar
- Samskiptum við starfsmenn og sjálfboðaliða
- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi þekkingu á bókhaldi

Nánari upplýsingar veitir Katla Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri í síma 545-0400.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila fyrir 12. apríl nk. á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross íslands, Laugavegi 120, 4. hæð eða með tölvupósti á netfangið katla@redcross.is

Iceland Travel www.icelandtravel.is

# Innkaupastjóri / purchasing manager

Iceland Travel leitar eftir jákvæðum og drífandi starfskrafti í starf innkaupastjóra. Í starfinu felst m.a. að hafa samskipti og semja við birgja fyrirtækisins um hagstæð innkaupsverð auk almennra skilmála og koma nauðsynlegum upplýsingum inn í sölukerfi Iceland Travel.

**Viðkomandi þarf að**
- hafa háskólapróf eða sambærilegt og a.m.k. 3ja ára starfsreynslu
- vera töluglögg(ur) og nákvæm(ur)
- vera lagin(n) í samskiptum og vera fylgin(n) sér
- kunna mjög vel á Excel og hafa góða tölvuþekkingu
- hafa áhuga á íslenskri ferðaþjónustu og enn betra ef reynsla úr ferðageiranum er til staðar
- geta hafið störf sem fyrst

Áhugasamir sendi inn umsókn og ferilskrá fyrir 17.apríl nk. á póstfangið ragnheidur@icelandtravel.is

Fullum trúnaði heitið og öllum umsóknum verður svarað

crinis // hár

Crinis//hár Þönglabakka 1 109 Reykjavík sími 557 4600

**Óskum eftir áhugasömum hársnyrtimeistara, sveini og nema einnig vantar okkur aðstoðarfólk.**

Vinsamlegast hafið samband í síma 557-4600 895-9858 eða 695-5868.

# Sumarstörf.

**Lausar eru eftirtaldar stöður við Kviknes Hotel í Balestrand, Noregi, sumarið 2007.**

Staða yfirþjóns og stöður þjóna.
Störf matreiðslumanna.
Störf herbergisþerna og í gestamóttöku.
Starf næturvarðar.
Starf hótelsendils (piccalo) og starf í minjagripaverslun hótelsins.

Lágmarksaldur er 18 ára. Tungumálakunnátta: enska og æskilegt að hafa einhverja kunnáttu í Norðurlandamálum.

Kviknes Hotel er eitt af stærstu hótelum á Vesturlandinu í Noregi, með 190 herbergjum og 380 gistirúmum.
Frekari upplýsingar um hótelið fást á www.kviknes.no

Umsóknir ásamt meðmælum og mynd af viðkomandi óskast sendar með tölvupósti á invoice@kviknes.no eða sendar í pósti til Kviknes Hotel AS, Boks 24, 6898 Balestrand, Noregi.

Reykjavíkurborg Menntasvið



# Skólastjóri Fellaskóla

## Laus er staða skólastjóra Fellaskóla í Reykjavík.

Fellaskóli er heildstæður grunnskóli í Breiðholti í Reykjavík. Nemendur skólans eru alls um 340, þar af um fjórðungur af erlendum uppruna. Áhersla er lögð á að öllum nemendum líði vel í skólanum og að þeir finni þar fyrir velvild og hlýju. Virðing er borin fyrir uppruna og menningu einstaklinga. Markvisst er unnið að þróun kennsluhátta, samvinnu nemenda, fjölbreytni í námsmati og eflingu skapandi starfs. Við skólann er starfrækt sérdeild fyrir einhverf börn á grunnskólaaldri.

Frá og með hausti 2007 verður Hugmynda- og sköpunarsmiðja grunnskólanna formlega opnuð í Fellaskóla.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 7. maí.

Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. eða starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is.

Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is í síma 411 7000.
Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Akraneskaupstaður

*Auglýsing um lausar stöður í grunnskólum Akraneskaupstaðar*

## Brekkubæjarskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi***
***Umsjónarkennsla á unglingastigi, kennslugreinar: stærðfræði, enska og samfélagsfræði.***
***Sérkennsla***
***Tónmenntakennsla***

Deildarstjórastaða, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða kennslufræði æskileg. Reynsla af stjórnun æskileg.

Nánari upplýsingar veitir:
Skólastjóri Arnbjörg Stefánsdóttir, netfang: arnbjorg@brak.is. Sími skólans: 433 1300

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. -10. bekk.

Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi.

Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k.. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

## Grundaskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennarastöður***
***Verkefnastjórastaða í umferðarfræðslu***
***Sérkennarastaða***

Nánari upplýsingar veitir:
Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang: hrik@grundaskoli.is. Sími skólans er 433 1400.

Grundaskóli er heildstæður grunnskóli með um 520 nemendur og 70 starfsmenn. Í Grundaskóla er metnaðarfullt skólastarf, gott starfsumhverfi og góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans.

Í Grundaskóla eru gerðar kröfur til nemenda og starfsfólks um dugnað, reglusemi, góða umgengni, góða ástundun og gagnkvæma virðingu. Slóðin á heimasíðu skólans er www.grundaskoli.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k. Umsóknir berist til Grundaskóla, Espigrund 1, 300 Akranesi.



## Byggingastjóri/verkstjóri

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf óskar eftir að ráða byggingastjóra (verkstjóra).

Viðkomandi þarf að geta hafið störf mjög fljótlega. Nánari uppl. veita Sigurður eða Guðjón í síma 562-2991 einnig er hægt að senda ferilskrá á siggi@bygg.is eða gudjon@bygg.is

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

LANDSPÍTALI

## Hjúkrunarfræðingur

Leitum að hjúkrunarfræðingi sem er tilbúinn til að taka þátt í spennandi verkefni á taugalækningadeild B-2 í Fossvogi. Deildin er nýleg og vel útbúin 22ja rúma legudeild og 6-8 plássa dagdeild, sem tekur á móti bráðveikum og innkölluðum einstaklingum alls staðar að af landinu.

Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði. Fyrirhugað er að störf á dagdeild verði hluti af störfum hjúkrunarfræðinga á legudeild.

Óskað er eftir hjúkrunarfræðingi sem hefur frumkvæði, góða samskiptahæfileika og vilja til að taka þátt í þróun hjúkrunar sjúklinga með taugasjúkdóma. Á deildinni gefst einstakt tækifæri til að sérhæfa sig í hjúkrun taugasjúklinga og mikil áhersla er lögð á símenntun starfsfólks.

Umsóknir berist fyrir 23. apríl nk. til Jónínu Hafliðadóttur, deildarstjóra og veitir hún jafnframt upplýsingar í símum 543 6101 og 849 9342, netfang joninaha@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

## Cieśla budowlany

564886

Przedsiębiorstwo wykonawcze poszukuje doświadczonego cieśli budowlanego.

Zakres obowiązków - pomiary, szalunki, prace wewnątrz.

Czas pracy - wszystkie dni robocze od 07:30 do 17:30 oraz w co drugą sobotę od 07:30 do 17:00 z możliwością nadgodzin.
Poszukiwane są osoby które mogą podjąć pracę od zaraz.

Kandydaci powinni znać język angielski lub islandzki.

Rejestracja i informacje na stronie internetowej www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
atvinnumiðlun

Bugt ehf

# SÖLUMAÐUR

Bugt ehf var stofnað árið 1997 sem sölu- og markaðsfyrirtæki um Bic vörur á Íslandi. Markmiðið var og er að Bic vörur, ritföng, rakvélar og kveikjarar, séu sýnilegar og aðgengilegar neytendum á sem flestum sölustöðum. Markaðskannanir (Gallup og AC Nielsen) sýna að Íslendingar kunna vel að meta Bic vörurnar.

BIC

Bugt ehf., heildverslun og markaðsfyrirtæki, óskar að ráða sölumann í fullt starf. Verið er að leita að aðila með brennandi áhuga á sölumennsku, er árangursdrifinn og hefur metnað í starfi.

**Starfssvið**
- Sala á auglýsingavörum til fyrirtækja á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á landsbyggðinni
- Samskipti við viðskiptavini og eftirfylgni sölu
- Markaðsmál
- Tilboðsgerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af sölumennsku
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi og stundvísi

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

EJS

# AFGREIÐSLUKERFI

EJS er leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni á Íslandi. Fyrirtækið er umboðs- og þjónustuaðili fyrir NCR afgreiðslukerfalausnir. Stærstu fjármálastofnanir og verslanir á Íslandi nota lausnir frá NCR til að þjóna viðskiptavinum sínum sem best.
Hjá EJS starfar helstu sérfræðinga landsins í upplýsingatækni sem hafa það að markmiði að þjóna viðskiptavinum sínum sem best.
Leiðarljós EJS er "það er til lausn á öllu"

Spennandi störf hjá framsæknu fyrirtæki.

Vegna aukinna umsvifa óskar EJS efir að ráða afgreiðslukerfasérfræðinga.

**Verksvið**
- Sérfræðiþjónusta við afgreiðslukerfi og tengdan búnað
- Mikil samskipti við viðskiptavini
- Samskipti við hugbúnaðarsérfræðinga
- Aðstoð við uppbyggingu vöruframboðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rafeindavirkjun eða sambærileg menntun æskileg
- Reynsla af uppsetningu og þjónustu afgreiðslukerfa
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Stundvísi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

## LAUSAR STÖÐUR
## Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

### LEIKSKÓLAR

**Garðasel: 421 3252**
Leikskólakennari
**Heiðarsel: 421 1554**
Leikskólakennari
**Hjallatún: 421 7404**
Yfirmatráður
Leikskólakennari
**Holt: 421 6100**
Leikskólakennari
Myndlistarkennari frá 1.8.07
**Vesturberg: 421 7079**
Leikskólakennari

### GRUNNSKÓLAR

**Akurskóli: 420 4550**
Umsjónarkennara í 1.- 8. bekk
Heimilisfræðikennari
Textílkennari
Myndmenntakennari
Tónmenntakennari
Þroskaþjálfi
**Heiðarskóli: 420 4500**
Náttúrufræðikennari
Almennur kennari á yngsta- og miðstig
**Holtaskóli: 421 1135**
Hönnun- og smíðakennari
Heimilisfræðikennari
Íþróttakennari
Tónmenntakennari 50%
Almennur kennari á miðstig
**Myllubakkaskóli: 420 1450**
Tónmenntakennari
Myndmenntakennari
Heimilisfræðikennari
Umsjónarkennari á yngsta stig
**Njarðvíkurskóli: 420 3000**
Tónmenntakennari
Almennur kennari

**Umsóknarfrestur til 23. apríl n.k.**

*Nánari upplýsingar á vef Reykjanesbæjar:*
***reykjanesbaer.is***

**Starfsþróunarstjóri.**

Fræðslusvið ••• reykjanesbaer.is



VINNUVERND
*vellíðan í vinnu*





## VINNUVERND óskar eftir hjúkrunarfræðingum til starfa!

Vinnuvernd óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til fjölbreyttra starfa og verkefna á sviði vinnu- og heilsuverndar.

Upplýsingar veitir Valgeir Sigurðsson, framkvæmdastjóri í síma 578 0800.

*Vinnuvernd er ört vaxandi þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði vinnu- og heilsuverndar fyrir fyrirtæki og stofnanir.*

Vinnuvernd ehf • Bolholti 8 • 105 Reykjavík • sími 578 0800 • www.vinnuvernd.is

## Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúum í fullt starf. Um er að ræða sölu- og kynningastörf fyrir verk sem fyrirtækið gefur út.

Fyrirtækið sérhæfir sig í útgáfu á upplýsingaritum og einnig ritum sem eru ætluð erlendum ferðamönnum.

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Góð laun fyrir rétta aðila.

Endilega hafið samband við Ernu Sigmundsdóttur í gegnum tölvupóst erna@sagaz.is

SAGAZ
PUBLISHING HOUSE
SÍMANÚMER 570 7000
SAGAZ EHF BÆJARLIND 4 KÓPAVOGUR 201

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**FRAMKVÆMDA- OG TÆKNISVIÐ:**
- Deildarstjóri hönnunardeildar

**BÆJARSKIPULAG:**
- Landslagsarkitekt

**Vatnsveita Kópavogs:**
- Pípulagningamaður
- Starfsm. í jarðlagnatækni

**Félagsstarf aldraðra:**
- Gjábakki, matráður 80% sími 554 3400 kl. 10-11

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Liðveitandi/persónul. ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

Roðasalir, sambýli og dagþjálfun fyrir heilabilaða:
- Sjúkraliði 100% starf
- Sjúkraliðanemi í hlutast. með námi
- Starfsmaður til aðhlynningar

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Hjallaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig
- Deildarstjóri eldra stigs
- Kennari í leikrænni tjáningu

**Hörðuvallaskóli:**
- Deildarstjóri á miðstig
- Umsjónarkennari í 1. bekk
- Umsjónarkennari í 6. bekk
- Umsjónarkennari í 7. bekk
- Sérkennari - hlutastarf

**Kársnesskóli:**
Laus staða skólaárið 2007-2008:
- Stærðfræðikennari á unglingastigi

**Salaskóli**
- Táknmálskennari í hlutastarf
- Stuðningsfulltrúi 50%
- Textílkennari tímab. v/afleysinga

**Vatnsendaskóli:**
Lausar stöður skólaárið 2007-2008:
- Aðstoðarskólastjóri
- Deildarstjóri, verkefni m.a. námsskrá, námsmat og sjálfsmat skólans
- Námsráðgjafi
- Bókasafnskennari
- Heimilisfræðikennari
- Íþróttakennari
- Smíðakennari
- Myndmenntakennari
- Tónmenntakennari
- Dönskukennari
- Íslenskukennari í unglingadeild
- Náttúrufræðikennari í unglingad. og teymisvinnu með 1. – 7. bekk
- Umsjónarkennari í 5. - 6. bekk
- Stuðningsfulltrúi 100%
- Starfsfólk í Dægradvöl 50 – 60%

### LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Arnarsmári: 564 5380**
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri
- Matráður

**Álfatún: 564 6266**
- Matreiðslufólk
- Aðstoð í eldhús
- Leikskólakennarar

**Dalur: 554 5740**
- Leikskólakennari

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennari

**Fagrabrekka: 554 2560**
- Leikskólakennari

**Fífusalir: 570 4200**
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús 100% starf

**Grænatún: 554 6580**
- Leikskólakennari/leiðbeinandi

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennari

**Núpur: 554 7020**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

**Smárahvammur: 564 4300**
- Leikskólakennari í sérkennslu, fullt starf

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Deildarstjóri
- Fagstjóri í íþróttum
- Leikskólakennarar
- Þroskaþjálfi

***Nánari upplýsingar á:***
***www.kopavogur.is***
***og www.job.is***

## Ungliðastöður á vegum Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, New York og Malaví

Utanríkisráðuneytið

Á vegum Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) er starfrækt svokallað ungliðaverkefni (Junior Professional Officer Programme) þar sem ungu fólki er gefið tækifæri á að starfa á vegum samtakanna. Í ár mun utanríkisráðuneytið fjármagna þrjár slíkar ungliðastöður, tvær á vegum Þróunarsjóðs S.þ. í þágu kvenna (UNIFEM) og eina á vegum Þróunaráætlunar S.þ. (UNDP).

Ráðið verður til eins árs með möguleika á framlengingu. Reiknað er með að ungliðar hefji störf haustið 2007. Ungliðar eru starfsmenn S.þ. og fara launakjör eftir reglum samtakanna.

UNIFEM -Verkefnafulltrúi, Líbería

Ungliðinn mun heyra beint undir verkefnastjóra UNIFEM í Líberíu. Verksvið hans verður að aðstoða við stjórn og framkvæmd verkefna sem miða að auknu jafnrétti kynjanna í efnahagsstefnu landsins og að efla þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

Krafist er framhaldsmenntunar í félagsvísindum, lögfræði eða þróunartengdum fræðum og reynslu af jafnréttis- og þróunarmálum.

UNDP-UNIFEM - Verkefnafulltrúi, New York

Ungliðinn mun heyra undir yfirmann Afríkudeildar UNIFEM í New York og hafa umsjón með verkefnum er tengjast jafnréttismálum, baráttu gegn fátækt og aðgengi einstaklinga að fjármagni (economic rights) í Afríku, sem miða að enduruppbyggingu eftir átök og þróun almennt.

Krafist er meistaragráðu í félagsvísindum, hagfræði, alþjóðasamskiptum eða sambærilegu með áherslu á jafnréttis- og þróunarmál, sérstaklega í Afríku. Umsækjandi þarf einnig að hafa starfsreynslu á sviði jafnréttis- og þróunarmála. Frönsku- og spænskukunnátta er kostur.

UNDP - Verkefnafulltrúi, Malaví

Ungliðinn mun vinna í teymi sem tekur út stjórnsýslu og mannauðsstjórnun í helstu ráðuneytum í Malaví og kemur með tillögur að úrbótum.

Krafist er meistaragráðu í stjórnsýslufræðum, félagsvísindum með áherslu á stjórnsýslufræði eða sambærilegt nám. Starfsreynsla á þessu sviði er kostur.

Almennar hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu vera undir 34 ára aldri.

Mjög góð enskukunnátta er skilyrði og kunnátta í einu öðru opnberu tungumáli S.þ. er kostur.

Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, aðlögunarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg.

Almenn þekking og áhugi á starfsemi Sameinuðu þjóðanna er nauðsynleg.

Umsóknir og ferilskrá á ensku skulu sendast utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík, fyrir 23. apríl n.k. Taka skal fram hvaða stöðu er sótt um, en heimilt er að sækja um þær allar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar fást hjá Heiðrúnu Pálsdóttur og Elínu Rósu Sigurðardóttur hjá utanríkisráðuneytinu.

# Smiður

564886

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða lærðan smið til starfa.

- Starfið felur í sér mælingar, móta- og innivinnu. Mjög góð verkefnastaða framundan.
- Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30-17:30 með tilfallandi yfirvinnu. Einnig er unnið annan hvern laugardag frá kl. 07:30-17:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
atvinnumiðlun

# Rekstrarstjóri

LAXÁ

*Fóðurverksmiðjan Laxá er í eigu Síldarvinnslunnar hf. Akureyrarbæjar og nokkurra smærri hluthafa.*

*Verksmiðjan er staðsett í Krossanesi á Akureyri.*

*Starfsmenn eru 10 og vinna á vöktum.*

*Verksmiðjan er sérhæfður fóðurframleiðandi á fiskafóðri..*

*Velta ársins 2006 var rúmar 700 milljónir.*

## Fóðurverksmiðjan Laxá óskar að ráða rekstrarstjóra til starfa.

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur, starfsmannahald og innkaup hráefna.
- Viðhald núverandi viðskiptasambanda og öflun nýrra viðskiptavina, aðallega erlendis.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta/rekstrar er æskileg.
- Reynsla af rekstri er æskileg.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 16. apríl nk. Númer starfs er **6438**.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

www.arion.is

Arion verðbréfavarsla hf.

# Sérfræðingar óskast í gæðamál

Arion leitar að öflugum starfsmönnum á Viðskiptaþróunar- og gæðasvið. Viðkomandi munu vinna að gæðamálum fyrir skilgreind svið innan Arion, auk þess sem þeir munu vinna sameiginlega að þeim gæðaverkefnum sem eiga við um fyrirtækið í heild sinni.

**Helstu verkefni:**
- Utanumhald, úttektir og endurhönnun verkferla
- Mat á áhættuþáttum
- Þjónustumál
- Stýring umbótaverkefna
- Þróun á gæðakerfi fyrirtækisins
- Ýmis önnur gæðaverkefni

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af gæðamálum er kostur

Nánari upplýsingar veita Bryndís Jónsdóttir, starfsmannastjóri Arion, sími 528 2808, netfang brynjons@arion.is og Selma Svavarsdóttir, gæðastjóri Arion, sími 528 2869, netfang selma@arion.is.

Umsóknarfrestur er til og með **15. apríl**. Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið brynjons@arion.is.

ENNEMM / SIA / NM27158

Arion verðbréfavarsla hf. er þjónustufyrirtæki fyrir innlend og erlend fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóði og lífeyrissjóði. Viðskiptavinir Arion í dag eru Kaupþings samstæðan, 19 alþjóðlegir bankar, íslenskar verðbréfamiðlanir, sparisjóðir og fjárfestingabankar, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir. Arion býður sérsniðnar og hagkvæmar lausnir varðandi uppgjör og umsjón með verðbréfum og er eina sérhæfða fyrirtækið á því sviði á Íslandi. Arion er í dag með um 2.500 milljarða króna verðbréfaeign í sinni vörslu fyrir hönd viðskiptavina.

Hjá Arion starfa um 80 vel menntaðir og metnaðarfullir starfsmenn. Einkunnarorð starfsmanna eru: Áreiðanleiki, þjónustulund, fagmennska og framsækni.

Arion

Arion verðbréfavarsla hf. - Ármúli 13, 108 Reykjavík - S: 528 2800

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **þér!**

HAGVANGUR
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur



# Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi stöður grunnskólakennara lausar

## Laus störf í grunnskólum Reykjavíkur

**Álftamýrarskóli,** Álftamýri 79, sími 570-8100
- Umsjónarkennari á yngsta stigi. Samkennsla árganga.
- Umsjónarkennari á unglingastigi. Kennslugreinar líffræði og eðlisfræði.

**Árbæjarskóli,** Rofabæ 34, sími 567-2555/664-8120/664-8121
- Bókasafnsfræðingur sem hefur með höndum stjórn skólasafnsins.
- Kennsla í tengslum við nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Umsjónarkennari í 1. bekk.
- Umsjónarkennarar í 2. bekk.

**Borgaskóli,** Vættaborgum 9, sími 577-2900
- Danskennari.
- Dönskukennari.
- Heimilisfræðikennari.
- Íþróttakennari.
- Raungreinakennari.
- Stærðfræðikennari og samfélagsfræðikennari á unglingastigi.
- Umsjónarkennsla á yngsta stigi, á miðstigi og á unglingastigi.

**Breiðholtsskóli,** Arnarbakka 1-3, sími 557-3000/664-8150
- Kennarar á unglingastigi. Aðalkennslugreinar danska og samfélagsfræði.
- Umsjónarkennarar á yngra stigi.

**Foldaskóli,** Logafold 1, sími 540-7600
- Náms- og starfsráðgjafi.
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi.
- Umsjónarkennarar á miðstigi.
- Þroskaþjálfi í 70-100% stöðu.

**Hagaskóli,** Fornhaga 1, sími 535-6500
- Íslenskukennari í 8.-10. bekk.
- Kennari í 8. - 10. bekk. Aðalkennslugreinar eru samfélagsfræði.

**Fossvogsskóli,** Haðalandi 26, sími 568-0200
- Íþróttakennari.
- Smíðakennari í 50% stöðu.

**Háteigsskóli,** v/Háteigsveg, sími 530-4300
- Dönsku- og umsjónarkennari á unglingastigi.
- Íþróttakennari.
- Raungreinakennari og umsjónarkennari á unglingastigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi sem einnig getur kennt ensku.

**Hólabrekkuskóli,** Suðurhólum 10, sími 557-4466/664-8235
- Dönskukennari á unglingastigi.
- Íþróttakennarar.
- Stærðfræðikennari á unglingastigi.

**Hvassaleitisskóli,** v/Stóragerði, sími 570-8800
- Danskennari í 50% stöðu.
- Íslenskukennari í 8.-10. bekk.
- Náttúruvísindakennari í 6.-10. bekk.
- Tónmenntakennari í 50% stöðu.

**Ingunnarskóli,** Maríubaugi 1, sími 411-7828
- Heimilisfræðikennari vegna barnsburðarleyfis.
- Kennari á yngsta stigi.
- Kennari á miðstigi.
- Raungreinakennari á unglingastigi.
- Stærðfræðikennari á unglingastigi.

**Klébergsskóli,** Kjalarnesi, sími 566-6083
- Námsráðgjafi í 50% stöðu.
- Umsjónarkennari á elsta stigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi. Um er að ræða afleysingu í eitt ár.
- Sérkennari. Um er að ræða afleysingu í eitt ár.

**Langholtsskóli,** Holtavegi 23, sími 553-3188
- Danskennari í 50% stöðu.

**Melaskóli,** Hagamel 1, sími 535-7500
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi og/ eða miðstigi.

**Réttarholtsskóli,** v/Réttarholtsveg, sími 553-2720
- Dönskukennari.
- Heimilisfræðikennari í 75% stöðu.
- Stærðfræðikennari.

**Sæmundarskoli,** Gvendargeisla 168, sími 411-7848
- Almenn kennsla á yngsta stigi.
- Almenn kennsla í 6.- 7. bekk.
- Íþróttakennari. Hlutastarf kemur til greina.
- Smíða- eða listgreinakennari. Hlutastarf kemur til greina.
- Tónmenntakennari. Hlutastarf kemur til greina.

**Vesturbæjarskóli,** Sólvallagötu 67, sími 562-2296
- Umsjónarkennari á yngsta stigi og á miðstigi.
- Þroskaþjálfi í 50-100% stöðu.

**Víkurskóli,** v/Hamravík, sími 545-2700
- Dönskukennari í 7. -10. bekk í 50 % stöðu.
- Heimilisfræðikennari.
- Íþróttakennari í 60 % stöðu.
- Kennari á yngsta stigi.
- Kennari á miðstigi.
- Sérkennari.

**Ölduselsskóli,** Ölduseli 17, sími 557-5522
- Kennari á yngra stigi.
- Verk- og listgreinakennari (meginviðfangsefni er myndlistarkennsla). Um er að ræða afleysingu í eitt ár.

**Öskjuhlíðarskóli,** Suðurhlíð 9, sími 568-9740
- Deildarstjóri á yngra stigi.
- Deildarstjóri á eldra stigi.
- Þroskaþjálfi í 100% stöðu til að vinna með einhverfum nemendum.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2007.

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti eru á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.
Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






Hanna María Jónsdóttir, rekstrarstjóri Stúdentamiðlunar.

# Ljóðabók úr gaggó með umsókninni

***www.studentamidlun.is* er gagnvirkur vefur. Að sögn Hönnu Maríu Jónsdóttur, rekstrarstjóra hans, er umferð um hann í hámarki á þessum árstíma.**

„Mjög margir miða við að vera byrjaðir að hugsa fyrir sumrinu um páska. Það gildir bæði um vinnuveitendur og stúdenta. Því er mikið að gera í kringum páskahátíðina á vefnum okkar og virðist litlu máli skipta hvort hún er í mars eða apríl. Þá er tækifæri að ná sér í gott starf og ná sér í góðan stúdent,“ segir Hanna María. Hins vegar segir hún rólegt á síma miðlunarinnar. „Kerfið er allt orðið sjálfvirkt. Stúdentarnir hlaða inn upplýsingum um sig á vefinn og vinnuveitendur hafa aðgang að þeim upplýsingum. Þar geta þeir líka komist í beint samband milliliðalaust og það gefst mjög vel,“ lýsir hún.

Hanna María segir þetta ár vera það þriðja í röðinni sem stúdentamiðlunin er með stafrænum hætti. „Það virðist vinsælt að fá að kynna sig sjálfur og losna við að einhver á skrifstofunni hafi puttana í því hverjir eru síaðir frá. Eins er gott fyrir vinnuveitendur að geta leitað að starfskrafti á vefnum. Þeir haka við einhver ákveðin skilyrði og fara í leit,“ segir hún.

Umsóknirnar eru gerðar á sérstakt eyðublað á netinu að sögn Hönnu Maríu. „Stúdentar slá umsóknina inn í sérstakt form, vegna leitarinnar. Þeir hafa svo möguleika á að hengja einhver atriði við sem þeir telja áríðandi að koma til skila. Líka gögn eins og ljóðabókina sem þeir gerðu í gaggó, bút úr lokaverkefninu, myndir eða hvað annað sem sker þá frá hinum umsækjendunum. Það atriði getur ráðið úrslitum ef margir standa jafnfætis að öðru leyti.“

Hanna María segir fjölbreytt störf í boði, jafnvel innan eins og sama fyrirtækis, og tekur dæmi. „Símann getur vantað fólk til að grafa fyrir staurum en líka í háþróaða tæknivinnu og svo allt þar á milli.“ Að lokum er hún spurð hvort atvinnurekendur á landsbyggðinni nýti sér stúdentamiðlunina. „Já, í dálitlum mæli,“ svarar hún. „Í leitinni er mögulegt að merkja við stúdent sem vill vinna úti á landi. Þar eru störf í boði innan ferðaþjónustunnar, svo dæmi sé tekið, og alltaf eru einhverjir til í sveitarómantík.“

*gun@frettabladid.is*

# Matís mælir mengunarefni

***Nýtt svið Matís á Akureyri rannsakar og mælir mengunarefni í matvælum.***

Fyrirtækið Matís á Akureyri hefur tekið við mælingum á mengunarefnum í matvælum. Er þetta nýtt svið sem mun líklega efla starfsemi Marís á Akureyri. Það mun sinna rannsóknum og mælingum á mengunarefnum í matvælum, svo sem magni skordýraeiturs, plöntueiturs og annarra lífrænna mengunarefna sem safnast upp í umhverfinu. Á hinu nýja sviði fara fram mælingar á magni mengunarefna í innfluttu grænmeti, ávöxtum, fiski, kjöti og öðrum matvælum.

Auk þess er deildinni ætlað að safna gögnum sem sýna fram á hreinleika íslenskra matvæla. Þessi gögn eru ætluð í gagnagrunn sem mun nýtast framleiðendum og útflytjendum íslenskra matvæla auk kaupendum og neytendum erlendis.

*www.bondi.is*

# Góðir prentsmiðir/ umbrotshönnuðir

Pipar auglýsingastofa óskar eftir að ráða vanan prentsmið/umbrotshönnuð til starfa sem fyrst. Ef þú vilt slást í hóp framsækinna og ólíkra einstaklinga sem takast á við fjölbreytt, alþjóðleg og krefjandi verkefni þá höfum við áhuga á að hitta þig yfir kaffibolla.

Umsóknir skulu sendar á **umsokn@pipar.is** eða með pósti merktar: „Starf", fyrir kl.18.00, 13. apríl nk. Fyllsta trúnaðar verður gætt í meðferð umsókna.

**STARFSLÝSING**

- *Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum fyrir viðskiptavini stofunnar*
- *Uppsetning og frágangur auglýsingaefnis fyrir prentmiðla*
- *Myndvinnsla*
- *Samskipti við prentsmiðjur*

**HÆFNISKRÖFUR**

- *Próf í hönnun eða prentsmíði*
- *Starfsreynsla er nauðsynleg*
- *Kunnátta í InDesign, Photoshop, Freehand/Illustrator er skilyrði*
- *Frumkvæði, metnaður og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Að geta jafnt unnið sjálfstætt og í teymi*
- *Að geta haft mörg járn í eldinum samtímis*

Hjá Pipar auglýsingastofu starfa sérfræðingar á sviði sjónvarps- og útvarpsauglýsinga, almannatengsla, prenthönnunar, vefhönnunar, markaðsráðgjafar, viðburðastjórnunar ásamt birtingaþjónustu í samvinnu við Auglýsingamiðlun. Stofan tekur jafnt að sér heildræna sem afmarkaða þjónustu, allt eftir eðli viðskiptavina og verkefna. Breidd þeirrar þjónustu sem stofan veitir er þess vegna með því besta sem gerist á auglýsingamarkaðnum.

PiPAR

**Pipar auglýsingastofa**
**Tryggvagötu 17 / Hafnarhúsinu / 101 Reykjavík**
**sími 552 9900 / www.pipar.is**

# ERTU AÐ LEITA?





**Ráðningarþjónustan** er framsækið fyrirtæki, á traustum grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda.

Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

**Atvinnurekendur**
Kynnið ykkur þjónustu okkar á heimasíðunni www.radning.is og hafið samband þegar við getum orðið ykkur að liði.

**Umsækjendur**
Kynnið ykkur úrval áhugaverðra starfa í boði og fyllið út umsókn á heimasíðu okkar www.radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

flugrútan

## Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmenn sem hér segir:

**Vaktstjóri - verkstjóri**
Um er að ræða umfangsmikið, fullt starf og sóst er eftir einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst. Unnið er á vöktum. Miklir skipulagshæfileikar og útsjónarsemi skilyrði, góð og umfangsmikil tölvukunnátta og þekking á íslensku og erlendum tungumálum. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Starfsmaður þarf að hafa reynslu í mannahaldi og vera sérstaklega jákvæður í samskiptum við samstarfsmenn og viðskiptavini. Framtíðarstarf.

**Í ferðaafgreiðslu Kynnisferða á BSÍ**
Um er að ræða sölu á ferðum, upplýsingagjöf, símsvörun og þjónustu við viðskiptamenn og starfsmenn. Viðkomandi þarf að hafa vald á ensku og helst einu öðru tungumáli fyrir utan íslensku. Tölvukunnátta er skilyrði, þar sem allar bókanir eru unnar í tölvum. Unnið er á vöktum – framtíðarstarf eða sumarvinna.

**Bílstjórar**
Bílstjórar með aukin ökuréttindi, helst ökuritakort. Starfsstöðvar eru í Reykjavík og í Keflavík. Um er að ræða vaktir, annað hvort dag- eða næturvaktir, þar sem unnið er allan sólarhringinn. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikill kostur, en ekki skilyrði. Framtíðarstarf eða sumarvinna.

**Starfsmaður í þvottastöð**
Bílaflotinn er þveginn á nóttunni, vinnutími frá kl. 17:00 til 05:00 næsta morgun, unnið er á vöktum. Framtíðarstarf.

**Leiðsögumenn**
Óskað er efir tvítyngdum leiðsögumönnum með full leiðsöguréttindi. Tungumál sem sóst er eftir eru enska og norðurl.mál/þýska/franska/ítalska. Ekki er um fullt starf að ræða, en mest er óskað eftir leiðsögumönnum í dagsferðir.

**Skálaverðir í Þórsmörk**
Vantar skálaverði í Húsadal í Þórsmörk til að taka á móti ferðamönnum og aðstoða við þrif, eldamennsku, þvotta og önnur tilfallandi störf. Reynsla af þjónustustörfum, góð hæfni í mannlegum samskiptum og kunnátta í erlendum tungumálum, einkum ensku skilyrði. Ráðningartími frá 15. maí til 15. september, eða eftir samkomulagi, unnið er á vöktum.

**Viðhaldsmaður í Þórsmörk**
Trésmiður eða mjög vanur og laghentur maður til að sinna viðhaldi húsa og annarra mannvirkja. Ráðningartími frá 15. maí til 15. september, eða eftir samkomulagi, unnið er á vöktum.

**Umsóknir sendast til Kynnisferða ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi fyrir kl. 17:00, 20. apríl 2007.**

Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið sigridur@re.is. Umsækjendur fá senda nánari starfslýsingu, ef þeir óska þess. Haft verður samband við alla sem sækja um, eftir að umsóknarfrestur rennur út.

www.re.is • www.flybus.is • www.thorsmork.is • sími 562 1011

# LÝSINGABÚNAÐUR

**ÓSKUM AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖRF**

**STARFSMANN Í VERSLUN**
Starfsmann vanan verslunarstörfum.
Framtíðarstarf.

**LAGERSTARFSMANN**
Starfsmann til almennra lagerstarfa.
Framtíðarstarf.

**SUMARSTARFSMANN**
Starfsmann til almennra verslunarstarfa frá mai til September.

**Umsóknir, með upplýsingum um aldur og fyrri störf berist til auglýsingadeildar Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt R-1919 fyrir 14. apríl.**

zetor

**Rafkaup**
Ármúla 24

# KÓPAVOGSBÆR

## Hjallaskóli

*Hjallaskóli er heildstæður grunnskóli í Kópavogi með 390 nemendur.*
*Í skólastarfinu er lögð sérstök áhersla á list- og verkgreinar, fjölbreytta kennslu og einstaklingsmiðað nám. Einkunnarorð skólans eru **hugur, hönd og hjarta**.*

**Lausar stöður fyrir skólaárið 2007-2008**

- **Deildarstjóri eldra stigs:** Skipulagning kennslu og starfs á stiginu. Umsjón með námskrárgerð ásamt teymisvinnu með öðrum stjórnendum skólans.
- **Kennari í leikrænni tjáningu**
- **Umsjónarkennari á yngsta stig**
- **Umsjónarkennari á miðstig**

Umsóknarfrestur er til 14. apríl

Upplýsingar gefur skólastjóri Sigrún Bjarnadóttir. Umsóknir og/eða fyrirspurnir berist á netfangið ***sigrunb@hjsk.kopavogur.is***, einnig í síma 8636811 eða 5704150.

Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um störfin.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

# MARKAÐSSTJÓRI FYRIR FERÐAMÁLASTOFU Í BANDARÍKJUNUM

Ferðamálastofa óskar að ráða á skrifstofu sína í New York áhugasaman og öflugan markaðsstjóra sem hefur það meginverkefni að markaðsetja Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn. Bandaríkjamarkaður er einn af meginmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu og Ferðamálastofa vinnur markvisst að því að auka komur Bandaríska ferðamanna til Íslands.

**Starfssvið:**

- Efla og auka samskipti við bandaríska ferðasala
- Stjórna og hafa umsjón með ákveðnum þáttum í samstarsverkefninu Iceland Naturally í Norður Ameríku
- Skipuleggja viðburði í nafni Iceland Naturally
- Hafa frumkvæði að, fylgja eftir og ljúka ýmsum mikilvægum samstarfsverkefnum
- Skipuleggja fjölmiðlaherferðir og heimsóknir fjölmiðla til Íslands fyrir Ferðamálastofu í USA
- Ábyrgð á markaðssetningu á netinu, umsjón með vefsíðum Ferðamálastofu í USA, kynningum og viðburðum, samskiptum við ferðaþjónustu aðila í USA, bæklingagerð og annari útgáfu.
- Þátttaka í stefnumótun og markaðsrannsóknum
- Ábyrgð á tölvumálum skrifstofunnar í USA Önnur verkefni á skrifstofunni

**Kröfur til umsækjanda:**

- Æskilegt er að umsækjandi hafi háskólamenntun, helst á viðskiptasviði frá erlendum háskóla, t.d. bandarískum og hafi reynslu af hliðstæðu starfi. Kostur er ef viðkomandi hefur verið búsettur í USA.
- Viðkomandi þarf að hafa reynslu og hæfileika til að vinna í samstarfi ólíkra aðila að markaðs- og sölumálum.
- Umsækjandi þarf að vera vel kunnur notkun internets og helsta hugbúnaðar sem við eiga í daglegu starfi.
- Umsækjandi verður sem stjórnandi að geta unnið sjálfstætt að mörgum verkefnum á sama tíma og að vera umhugað um að stunda skipuleg vinnubrögð.
- Viðkomandi þarf að tala og skrifa góða íslensku og ensku svo og að hafa þekkingu á íslenskri ferðaþjónustu.

Starfið er erilsamt og felur í sér búsetu í New York eða nágrenni. Búast má við talsverðum ferðalögum. Starfsstöð er á skrifstofu Ferðamálastofu í New York sem ennfremur hýsir skrifstofur ferðamála hinna Norðurlandanna.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf 1. júlí n.k eða eftir nánara samkomulagi.

**Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson.**
**thorir@hagvangur.is**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is" fyrir 22.apríl nk.**
**Númer starfs er 6450.**

HAGVANGUR

**www.visiticeland.com · www.icelandtouristboard.com · www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 | Netfang: upplysingar@icetourist.is




Bergþór segist hafa fengið fyrsta alvöru hlutverk sitt í óperu vegna þess að hann var týpan sem leikstjórinn var að leita að.

# Á réttum stað á réttum tíma

***Bergþór Pálsson óperusöngvari segir einskæra heppni hafa ráðið því að hann fékk fyrsta atvinnuhlutverk sitt í óperu. Hann hafði í raun tryggt sér það áður en hann byrjaði að syngja.***

Fyrsta starf Bergþórs Pálsson var að keyra út fyrir þvottahús. Honum líkaði vel við starfið, aðallega vegna þess að hann var stöðugt á ferðinni og sífellt að hitta nýtt fólk.

Fyrsta „alvöru starfið“ eins og Bergþór orðar það var hins vegar af allt öðrum toga. „Ég fór í prufu fyrir hlutverk í Don Giovanni eftir Mozart í óperunni í Kaiserslautern. Við vorum tíu söngvarar sem sóttum um og þeir voru allir meira og minna þrusugóðir svo ég var handviss um að ég fengi ekki hlutverkið,“ segir Bergþór. „Ég ætlaði bara á næsta kaffihús eftir prufuna að fá mér kaffi og tertu en þá var ég kallaður upp aftur og mér tilkynnt að ég hefði fengið hlutverkið.“

Síðar komst Bergþór að því að dómnefndin hefði verið búin að ákveða að láta hann fá hlutverkið áður en hann var búinn að syngja einn einasta tón. „Stundum er það þannig að það er verið að leita eftir ákveðinni rödd, en stundum er verið að leita eftir ákveðinni týpu og þannig var það í þessu tilfelli,“ segir Bergþór. „Ég segi ekki að hefði ég algjörlega klúðrað söngnum hefðu þeir örugglega hætt við, en vegna þess að ég var rétta týpan var ég tekinn fram yfir söngvara sem mér fannst betri en ég.“

Bergþór var því réttur maður á réttum stað og það segir hann að sé mjög mikilvægt. „Svona er óperubransinn. Það gildir að ég held meira í honum en öðrum brönsum að hitta á rétta augnablikið, kannski meira en að vera góður.“

*tryggvi@frettabladid.is*

# Jafnháar greiðslur til mæðra og feðra

***Reglum um úthlutun úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ hefur verið breytt.***



Mæður og feður fá jafnháar greiðslur úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ eftir 1. júní.

Eftir 1. júní 2007 verða jafnháar greiðslur reiddar fram til feðra og mæðra úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ.

Þeir starfsmenn sem eiga börn eftir 1. júní í ár og hafa verið starfandi hjá vinnuveitanda síðustu sex mánuði fyrir fæðingu barns og hafa gildandi ráðningarsamning á meðan á fæðingarorlofi stendur, eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum.

Um er að ræða eingreiðslu sem háð er starfshlutfalli og er það gert að skilyrði að umsækjandi taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Gert er ráð fyrir 1.050 umsóknum á ári og ef miðað er við þær forsendur munu styrkirnir nema um 170.000 krónum til hvers einstaklings í fullu starfi. Umsækjandi þarf að leggja fram umsókn til sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum.

*Frétt af www.bhm.is*

IGS GROUND SERVICES



*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. er eitt af dótturfélögum Icelandair Group og býður viðskiptavinum sínum, íslenskum sem erlendum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli.*

## Störf hjá IGS 2007

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf (IGS) leitar að öflugum einstaklingum í fjölbreytileg og skemmtileg störf í flugeldhúsi (cateringu). Starfið felst m.a. í því að vinna við hleðslu matar, sem fer um borð í flugvélar, og annarri tengdri þjónustu.

Lámarksaldur er 20 ára. Krafist er almennra ökuréttinda.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf, 2. hæð í Fraktmiðstöð IGS, bygging 11, 235 Keflavíkurflugvelli.
Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, www.igs.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/IGS 37038 04/07

**Hrunamannahreppur**
Akurgerði 6 845 Flúðir • Sími 480-6600
www.fludir.is

## Leikskólastjóri óskast.

Staða leikskólastjóra við leikskólann Undraland á Flúðum er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% stöðu.

Undarland er þriggja deilda leikskóli sem starfar í nýju og glæsilegu húsnæði, miðsvæðis á Flúðum. Í leikskólanum eru um 50 börn og þar er unnið metnaðarfullt og kraftmikið starf í anda uppeldisstefnu Reggio Emilia, fjölgreindarkenningu Gardners

og kenningar Caroline Pratt um opinn efnivið og uppgötvunarnám.

Mikið og gott samstarf er við grunnskólann á Flúðum.

Allar nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans **http://www.undraland.is**, hjá leikskólastjóra Jónu Guðbjörgu Ólafsdóttur í síma 480-6620 eða hjá formanni fræðslunefndar, Halldóru Hjörleifsdóttur í síma 892-1276.

Umsóknir óskast sendar til formanns fræðslunefndar, Halldóru Hjörleifsdóttur, á Skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir, fyrir 20. apríl 2007.
Öllum umsóknum verður svarað.

Flúðir er vaxandi fjölmenningarlegt samfélag þar sem alla helstu þjónustu og fjölbreytta afþreyingarmöguleika er að finna. Mikil náttúrufegurð er í Hrunamannahreppi og gott og skemmtilegt mannlíf.

Iceland Travel
www.icelandtravel.is

## Innkaupastjóri / purchasing manager

Iceland Travel leitar eftir jákvæðum og drífandi starfskrafti í starf innkaupastjóra. Í starfinu felst m.a. að hafa samskipti og semja við birgja fyrirtækisins um hagstæð innkaupsverð auk almennra skilmála og koma nauðsynlegum upplýsingum inn í sölukerfi Iceland Travel.

**Viðkomandi þarf að**
- hafa háskólapróf eða sambærilegt og a.m.k. 3ja ára starfsreynslu
- vera töluglögg(ur) og nákvæm(ur)
- vera lagin(n) í samskiptum og vera fylgin(n) sér
- kunna mjög vel á Excel og hafa góða tölvuþekkingu
- hafa áhuga á íslenskri ferðaþjónustu og enn betra ef reynsla úr ferðageiranum er til staðar
- geta hafið störf sem fyrst

Áhugasamir sendi inn umsókn og ferilskrá fyrir 17.apríl nk. á póstfangið ragnheidur@icelandtravel.is

Fullum trúnaði heitið og öllum umsóknum verður svarað



# Spennandi **tækifæri**



## Kerfisstjóri í upplýsingatæknideild

### Kerfin þjóna yfir 30 verslunar- og rekstrareiningum Húsasmiðjunnar um allt land

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Við leitum að einstaklingi með góða þekkingu á Unix og Microsoft stýrikerfum.
- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, kerfis- eða verkfræði æskileg, önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur til álita.
- Microsoft menntun s.s. MCSA/MCSE er kostur en ekki nauðsyn.
- Þekking á Cisco netkerfum er kostur.
- Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, frumkvæði og geta unnið sjálfstætt og/eða í hópi.
- Vilja og geta unnið undir álagi

**Við bjóðum:**
- Góða vinnuaðstöðu
- Góðan starfsanda og liðsheild
- Áhugaverð og krefjandi verkefni
- Virka endurmenntun
- Sveigjanleika og fjölskylduvænan vinnutíma

**Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir**

**Hvetjum konur jafn sem karla til að sækja um starfið.**

**Sjá nánar um fyrirtækið á vefslóðinni www.husa.is**

**Nánari upplýsingar veitir: Sæmundur Melstað upplýsingatæknistjóri, sammi@husa.is, Sími: 660 3030**

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttir, **atvinna@husa.is**, fyrir 22. apríl.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is**

**Fyrir alla**

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldrei. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**www.husa.is**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **þér!**

HAGVANGUR
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

# Rekstrarstjóri

LAXÁ

*Fóðurverksmiðjan Laxá er í eigu Síldarvinnslunnar hf. Akureyrarbæjar og nokkurra smærri hluthafa.*

*Verksmiðjan er staðsett í Krossanesi á Akureyri.*

*Starfsmenn eru 10 og vinna á vöktum.*

*Verksmiðjan er sérhæfður fóðurframleiðandi á fiskafóðri..*

*Velta ársins 2006 var rúmar 700 milljónir.*

## Fóðurverksmiðjan Laxá óskar að ráða rekstrarstjóra til starfa.

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur, starfsmannahald og innkaup hráefna.
- Viðhald núverandi viðskiptasambanda og öflun nýrra viðskiptavina, aðallega erlendis.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta/rekstrar er æskileg.
- Reynsla af rekstri er æskileg.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 16. apríl nk. Númer starfs er **6438**.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið



# Skólastjóri Melaskóla

## Laus er staða skólastjóra Melaskóla í Reykjavík.

Í skólanum eru um 600 nemendur í 1. til 7. bekk. Melaskóli er gróinn skóli í Vesturbæ Reykjavíkur, haldið var upp á 60 ára afmæli hans á síðasta hausti. Ríkar hefðir eru í skólanum og einnig er lögð mikil áhersla á þróun og nýbreytni í skólastarfinu. Þar má nefna áherslu á kennslu í náttúrufræðum, stærðfræði, tölvu- og margmiðlunarkennslu sem og þróun fjölbreyttra kennsluhátta. Lögð er áhersla á að öllum líði vel í skólanum og nemendur þroski með sér jákvætt hugarfar, umburðarlyndi og tillitssemi.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði.
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2007.
Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 7. maí nk.
Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is.

Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is í síma 411 7000. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

Akraneskaupstaður

*Auglýsing um lausar stöður*
*í grunnskólum Akraneskaupstaðar*

## Brekkubæjarskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi***
***Umsjónarkennsla á unglingastigi, kennslugreinar: stærðfræði, enska og samfélagsfræði.***
***Sérkennsla***
***Tónmenntakennsla***

Deildarstjórastaða, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða kennslufræði æskileg. Reynsla af stjórnun æskileg.

Nánari upplýsingar veitir:
Skólastjóri Arnbjörg Stefánsdóttir, netfang: arnbjorg@brak.is. Sími skólans: 433 1300

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. -10. bekk.

Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi.

Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k.. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

## Grundaskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennarastöður***
***Verkefnastjórastaða í umferðarfræðslu***
***Sérkennarastaða***

Nánari upplýsingar veitir:
Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang: hrik@grundaskoli.is. Sími skólans er 433 1400.

Grundaskóli er heildstæður grunnskóli með um 520 nemendur og 70 starfsmenn. Í Grundaskóla er metnaðarfullt skólastarf, gott starfsumhverfi og góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans.

Í Grundaskóla eru gerðar kröfur til nemenda og starfsfólks um dugnað, reglusemi, góða umgengni, góða ástundun og gagnkvæma virðingu. Slóðin á heimasíðu skólans er www.grundaskoli.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k. Umsóknir berist til Grundaskóla, Espigrund 1, 300 Akranesi.

---

# c o a s t



## leitar eftir ábyrgu sölufólki í fullt starf og hlutastarf

**Umsækjendur þurfa að hafa þekkingu og reynslu í sölumennsku, vera góðir í mannlegum samskiptum og gæddir þjónustulund.**

Umsóknir sendist til Coast, starfsmannafulltrúa, Hagasmára 1, 201 Kópavogur eða á netfangið sigrun@hbu.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2007.

---

# Hefur þú áhuga á tísku?
## Evans óskar eftir...




### ...verslunarstjóra

**Starfssvið:** Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar, svo sem sölu, útliti, mönnun og öðrum verkefnum.

**Hæfniskröfur:** Reynsla af verslunarrekstri, skipulögð og nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og metnaður, hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð ensku- og tölvukunnátta og brennandi áhugi á tísku.

### ... sölufólki

Í fullt starf og hlutastarf.
**Starfssvið:** Sölumennska, vöruframstillingar og ýmis tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:** Frumkvæði, metnaður og þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum og brennandi áhugi á tísku.

Umsóknir sendist til sigrun@hbu.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2007.



Ósk segir mjög skemmtilegt andrúmsloft á fæðingardeildinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Algjörlega á réttri hillu

*Ósk Geirsdóttir er ljósmóðir á fæðingardeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Hún segir starfið algjört draumastarf.*

„Ég útskrifaðist 2005 þannig að ég verð búin að starfa við þetta í tvö ár í sumar," segir Ósk en áður en hún fór í ljósmóðurnámið var hún búin að vinna í sjö ár í ungbarnavernd Heilsugæslunnar. „Ég ætlaði alltaf að verða ljósmóðir en þetta er náttúrlega sex ára háskólanám og eftir að ég kláraði hjúkrunarnámið 1990 ákvað ég að taka mér smá pásu sem varð svona heldur lengri en hún átti að vera. Ég finn hins vegar núna að ég er alveg á réttri hillu og þetta er nákvæmlega það sem mig langar til þess að vera að gera," segir hún.

Starf Óskar er í raun tvískipt því það felst bæði í því að taka á móti börnum á fæðingardeild Landspítalans og sinna heimaþjónustu við nýbakaða foreldra. „Mér finnst þetta tvennt skemmtilegt blanda og mjög gefandi að vera í heimaþjónustunni líka. Þá er maður í meiri tengslum við foreldrana í þeirra umhverfi og sér hvernig allt gengur eftir fæðinguna. Andrúmsloftið á fæðingardeildinni er hins vegar líka mjög skemmtilegt þó að auðvitað komi erfiðar stundir. Þetta er bara allt alveg ofsalega skemmtilegt og virkilega gefandi starf," segir hún.

Ósk segist hafa það á tilfinningunni að svolítið sérstakar manneskjur veljist í ljósmóðurstarfið. „Það er svo margt sem við þurfum að sinna og stundum liggur við að við þurfum að vera félagsráðgjafar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og sálusorgarar allt í einu. Við komum inn á mörg svið og sjáum margt, bæði jákvætt og neikvætt, þannig að það virðast svona svolítið ákveðnar og staðfastar konur sem fara í þetta," segir hún.

Ósk segist ekki vita til þess að neinn karlmaður starfi sem ljósmóðir hér á landi. „Foreldrarnir spyrja oft út í þetta og auðvitað væri gaman ef einhverjir karlmenn væru í stéttinni líka. Ég held að þeir ættu að skoða möguleikana því ljósmóðurnámið er mjög skemmtileg viðbót við hjúkrunina og gefur mikla möguleika á vinnu úti um allan heim, við hjálparstörf og annað." *emilia@frettabladid.is*



Þegar tveir kjarasamningar taka til sömu starfa hefur atvinnurekandi ekki neitt val á milli þeirra.

# Dönsk útgerð dæmd í sekt

*Valdi eitt stéttarfélag fram yfir annað.*

Dönsk útgerð var nýlega dæmd í sekt upp á fimm milljónir króna fyrir að hafa skipt sér af því í hvaða stéttarfélagi starfsmenn þess tilheyrðu.

Tvö stéttarfélög sjómanna, Sømændenes Forbund (SF) og Dansk Metal (DM), hafa gilda kjarasamninga um sömu störf um borð í dönskum farskipum. Samningur DM býður upp á meiri sveigjanleika við skipulag vakta um borð en samningur SF gerir. Af þessum ástæðum réði DFDS nánast eingöngu meðlimi í DM til starfa og mæltist til þess að félagsmenn SF skiptu um stéttarfélag.

Ekki vildi DFDS viðurkenna það en sagðist þó heldur kjósa að ráða meðlimi DM af rekstrarlegum ástæðum.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þegar tveir kjarasamningar taki til sömu starfa hafi atvinnurekandi ekki neitt val á milli þeirra og að DFDS hefði gerst brotlegt.

*Frétt af www.asi.is*

# ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu gatna- og eignaumsýslu:

***Sandskipti 2007. Hverfi 2 og 3.***
Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 17. apríl 2007, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10948

***Sandskipti 2007. Hverfi 4 og 5.***
Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 17. apríl 2007, kl. 10:30, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10949

***Ráðhús Reykjavíkur, háþrýstiþvottur og sílanböðun.***
Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 18. apríl 2007, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10946

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS
Culture counsil of West Iceland

**Menningarráð Vesturlands og Háskólinn á Bifröst**

## Menning- tækifæri Vesturlands í nýrri atvinnuháttarbyltingu

**Fyrirlestur rektors háskólans á Bifröst, Ágústs Einarssonar**

- Miðvikudaginn 11. apríl kl. 15.00 í Klifi Snæfellsbæ -

Á síðasta ári hélt Menningarráð Vesturlands og Háskólinn að Bifröst ráðstefnu um menningarmál sem bar yfirskriftina Menning- spenning fyrir hvern.

Háskólinn að Bifröst og Menningarráð Vesturlands hafa ákveðið að halda þessu skemmtilega samstarfi áfram.

Tónlistarskólinn í Snæfellsbæ mun sjá um tónlistarflutning

Allir velkomnir
Menningarráð Vesturlands

háfell



## Kerru með rafstöð stolið úr Norðlingaholti.

Rafstöð og kerru var stolið frá Háfelli ehf. aðfararnótt laugardagsins 31 mars þar sem fyrirtækið byggir bensínstöð fyrir Olís í Norðlingaholti.

Þjófarnir færðu Beltagröfu úr stað til að geta dregið kerruna með rafstöðinni burt. Rafstöðin er með tegundarnúmer P12000

Ef einhver hefur orðið var við mannaferðir á svæðinu aðfararnótt s.l. laugardags eða séð kerruna og rafstöðina síðan þá vinsamlegat látið Lögregluna í Reykjavík vita eða hringið í síma 863 9924.

Fundarlaun.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

EFLING
stéttarfélag
Stendur með þér!

## Efling - stéttarfélag

Félagsfundur verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl kl. 18.00 í Kiwanishúsinu við Engjateig.

Dagskrá:
1. Félagsmál
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál.

Félagar mætum vel og stundvíslega.
Stjórn - Eflingar stéttarfélags.

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

## INNRITUN
### GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Innritun 6 ára barna, fædd 2001, sem hefja eiga nám í grunnskólum Reykjanesbæjar haustið 2007, fer fram á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, í síma 421 6700 eða á upplýsingavef Reykjanesbæjar: *reykjanesbaer.is*

Foreldrar 6 - 9 ára barna (1. - 4. bekkur) þurfa að sækja um í Frístundaskóla til að tryggja sér vist að hausti.
Einnig þarf að tilkynna um flutning eldri nemenda milli skóla og nýskráningu.

Foreldrar/forráðamenn vinsamlegast athugið að innrita börn ykkar fyrir 20. apríl n.k.

**Fræðslustjóri.**



Fræðslusvið ••• reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

## LAUSAR STÖÐUR
### Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

**LEIKSKÓLAR**

**Garðasel: 421 3252**
Leikskólakennari
**Heiðarsel: 421 1554**
Leikskólakennari
**Hjallatún: 421 7404**
Yfirmatráður
Leikskólakennari
**Holt: 421 6100**
Leikskólakennari
Myndlistarkennari frá 1.8.07
**Vesturberg: 421 7079**
Leikskólakennari

**GRUNNSKÓLAR**

**Akurskóli: 420 4550**
Umsjónarkennara í 1.- 8. bekk
Heimilisfræðikennari
Textílkennari
Myndmenntakennari
Tónmenntakennari
Þroskaþjálfi
**Heiðarskóli: 420 4500**
Náttúrufræðikennari
Almennur kennari á yngsta- og miðstig
**Holtaskóli: 421 1135**
Hönnun- og smíðakennari
Heimilisfræðikennari
Íþróttakennari
Tónmenntakennari 50%
Almennur kennari á miðstig
**Myllubakkaskóli: 420 1450**
Tónmenntakennari
Myndmenntakennari
Heimilisfræðikennari
Umsjónarkennari á yngsta stig
**Njarðvíkurskóli: 420 3000**
Tónmenntakennari
Almennur kennari

**Umsóknarfrestur til 23. apríl n.k.**

*Nánari upplýsingar á vef Reykjanesbæjar:* ***reykjanesbaer.is***

**Starfsþróunarstjóri.**

Fræðslusvið ••• reykjanesbaer.is

## PERSÓNAN



# Faðir nútíma hagfræði

Ekki er vitað nákvæmlega hvaða dag **Adam Smith** fæddist, en það mun hafa verið á fyrri hluta ársins 1723. Hann var sonur tollstjórans í Kirkcaldy í Skotlandi, en hann lést áður en Smith fæddist.

Sagan segir að fjögurra ára gamall hafi sígaunar rænt Smith en frændi hans hafi bjargað honum skömmu síðar.

Fimmtán ára gamall gekk Smith í háskólann í Glasgow þar sem hann lærði siðfræði. Þar heillaðist hann af hugmyndum um frelsi, málfrelsi og eins konar samúðarfulla einstaklingshyggju, hugmyndum sem hann hélt á lofti allt til æviloka.

Síðar fékk Smith Snell Exhibition-styrk í Oxford-háskóla, en sá styrkur er enn veittur í dag.

Smith varð fljótlega partur af menntaelítu Skotlands, en hann var einn af góðvinum heimspekingsins David Hume. Á þessum tíma átti hin skoska upplýsing sér stað og átti Smith stóran þátt í henni.

Upplýsingin kom í kjölfar aukins frelsis Skotlands frá bresku krúnunni og þrátt fyrir að það væri eitt fátækasta land Vestur-Evrópu náðu skoskir heimspekingar og hagfræðingar að hafa mikil áhrif á gang mála í Evrópu.

Helsta framlag Adams Smith til upplýsingarinnar var ritbálkur hans „An Inquiry into the Nature and Causes of the Wealth of Nations,“ sem í daglegu tali kallast Wealth of Nations, eða Auðlegð þjóðanna.

Ritbálkurinn er einn fyrsti sinnar tegundar þar sem hagfræði nútímans er lýst á sannfærandi og rökrænan hátt á meðan kaupauðgisstefna samtímans er gagnrýnd. Bálkurinn kom út árið 1776.

Bókin er eins konar biblía nútíma hagfræðinnar og Adam Smith oft kallaður faðir hennar, með réttu eða röngu. Mynd hans prýðir enska 20 punda seðilinn og vart er til vestrænn hagfræðingur sem ekki hefur lesið brot úr Auðlegð þjóðanna.

Lítið er vitað um persónuna Adam Smith nema það sem lesa má úr opinberum verkum hans. Smith eyðilagði öll persónuleg gögn sín stuttu fyrir andlát sitt og hann giftist aldrei né eignaðist börn.

Samtímamenn Smith virðast hafa litið á hann sem sérvitran gáfumann með stórt hjarta, enda gaf Smith út nokkur heimspekirit þar sem samúð er rauður þráður.

Þegar kom að því að skipta dánarbúi Smith kom í ljós að á laun hafði hann látið stærstan hluta launa sinna renna til ýmissa góðgerðarmála.

# BORGIN: SALZBURG



Salzburg er fjórða stærsta borg Austurríkis. Gamli bærinn í Salzburg er ein best varðveitta borgarmiðja í hinum þýskumælandi heimi og komst á heimsminjaskrá UNESCO árið 1997.

Borgin er gríðarlega vinsæll ferðamannastaður enda sameinar hún íðilfagrar byggingar og frábæra staðsetningu í stórbrotnu landslagi.

Kannski er borgin þó þekktust fyrir að vera fæðingarstaður tónskáldsins Wolfgang Amadeus Mozart og er gamla heimili hans, Getreidegasse 9, vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Auk þess var kvikmyndin The Sound of Music tekin upp í Salzburg og nágrenni.

Snarbrattur klettaveggur rammar inn miðbæinn gamla en efst á hæðinni stendur mikið virki sem í dag er safn. Aðrir áhugaverðir staðir í Salzburg og nágrenni eru Mirabell-höllin með fögrum blómum fylltum garði, Leopoldskronkastalinn sem er í rókokóstíl og Arnarhreiðrið, afdrep Adolfs Hitlers.

Fyrir utan Mozart hafa nokkrir frægir menn komið frá Salzburg. Þeirra á meðal eru Christian Doppler, hljóðfræðingurinn sem doppler-áhrifin eru nefnd eftir. Josef Mohr fæddist í Salzburg en hann samdi ásamt Franz Gruber textann við „Heims um ból.“ Rithöfundurinn Stefan Zweig bjó í Salzburg í fimmtán ár, til ársins 1934.








# Þjóðin veit hvað hún vill

**Fréttablaðið eykur forskotið**

**Auglýsendur athugið.** Nýjasta lestrarkönnun Capacent sýnir að **bilið milli Fréttablaðsins og annarra dagblaða eykst svo um munar**. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Fíton/SÍA

# RE/MAX LIND

## „við seldum þessar í mars allar á innan við 30 dögum“



Bárugrandi <



Birkiholt <



Blásalir <



Fífulind <



Grjótagata <



Kárastígur <



Hamraborg <



Vesturvör <

## LÁTTU OKKUR SELJA!



**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
Sími 699 5008
hannes@remax.is



**Gylfi Gylfason**
Sölufulltrúi
Sími 693 4085
gylfi@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur
fasteignasali

## Hringdu strax í síma:
## 699 5008 eða 693 4085

RE/MAX. Remax Lind / Bæjarlind 14-16

RE/MAX FASTEIGNIR

TRAUST
VIRÐING
ÞJÓNUSTA



Engin í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800

Stefán Páll
Löggiltur fasteignasali
821 7337

# GLEÐILEGA PÁSKA !



www.remax.is/fasteignir

## Að selja fasteign snýst um þjónustu og hjálpsemi !

**Þessa þjónustu færð þú þegar þú setur eignina þína í sölu hjá Bóasi og Gunnari:**

- Ljósmyndir teknar af fagljósmyndara frá **Inhouse**
- Eignamöppu með litljósmyndum og teikningum af þinni eign
- Þrívíddarteikningu teiknaða af margmiðlunarhönnuði frá **Inhouse**
- Auglýsingar í fasteignblöð
- Við sýnum eignina fyrir þig !
- Við höldum opin hús fyrir þig !
- Við seljum fyrir þig !

Allir sem skrá eignina sína í sölu hjá okkur í Apríl 2007 fá *gjafabréf að andvirði 10.000 kr frá Icelandexpress í sumargjöf frá okkur

*Eignin er sett í einkasölu hjá fasteignasölunni í gegnum Bóas og Gunnar, skriflegt söluumboð. Gjafabréf er afhent þegar eignin er búin að vera á söluskrá hjá fasteingasölunni í 2 vikur. Tilboðið gildir til 30. apríl 2007. Gjafabréfið gildir í 1 ár frá útgáfudegi.

RE/MAX Fasteignir

Iceland Express

### Akurvellir 1, 221 Hafnarfjörður - 4ra herb. — 25.000.000





**Stórglæsileg rúmgóð 4 herbergja íbúð á 4 hæð**

- Fallegt útsýni
- Mjög stór herbergi
- Baðkar og sturtuklefi
- Eign sem þú verður að skoða !

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA.
ATH. SÝNUM YFIR PÁSKANA SÉ ÞESS ÓSKAÐ

Verð: 25.000.000
m²: 132
Herb.: 4ra
Brunab.mat: 22,0 M
Bílskúr: Nei
Byggingarár: 2006

### Berjavellir 1, 221 Hafnarfjörður - 3ja herb. — 24.900.000





**Eign sem þú verður að skoða**

- Glæsileg lúxusíbúð
- Framandi innréttingar
- Granítborðplötur í eldhúsi og á baði
- Hiti í gólfi á baði

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA.

Verð: 24.900.000
m²: 101,5
Herb.: 3ja
Brunab.mat: 19,7 M
Stæði í Bílageymslu
Byggingarár: 2006

### Dvergahraun 18, 801 Grímsnes - 3ja-4ra herb. — 28.900.000

OPIÐ HÚS





**Opið hús í dag 7.apríl kl. 15.00 – 16.00**

Þegar komið er framhjá Kerinu á leið austur er beygt til vinstri, afleggjari merktur Miðengi. Keyrt niður afleggjarann og beygt til vinstri í átt að sumarbústöðum. Þar sem vegurinn klofnar er beygt til hægri. Keyrt fram hjá einum afleggjara til vinstri og beygt inn annan afleggjara til vinstri. Húsið stendur hæst og er á vinstri hönd.

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA.

Verð: 28.900.000
m²: 102
Herb.: 3ja-4ra
6700 fm kjarrivaxin eignarlóð

### Kirkjuvellir 7 221 Hafnarfjörður - 4ra herb. — 25.500.000





**Stórglæsileg íbúð á 2 hæð í lyfturhúsi**

- Stór herbergi
- Stæði í bílageymslu
- Fullbúin með gólfefnum
- Fallegt útsýni
- Eign sem þú verður að skoða.

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA.
ATH. SÝNUM EINNIG YFIR PÁSKANA SÉ ÞESS ÓSKAÐ

Verð: 25.500.000
m²: 116,2
Herb.: 4ra
Brunab.mat: 20,8 M
Stæði í Bílageymslu
Byggingarár: 2006

### Daggarvellir 1, 221 Hafnarfjörður - 5 herb.



Verð: 28.900.000 | m²: 121,2 | Herb.: 5
Byggingarár: 2004 | Brunabótamat: 21,7 M

- 4 rúmgóð svefnherbergi
- Íbúð í fjórbýli
- Upptekinn loft að hluta
- Stutt í alla þjónustu og skóla

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA

### Lækjasmári 15, 201 Kópavogur - 4ra herb.



Verð: 28.900.000 | m²: 101,7 | Herb.: 4ra
Stæði í bílageymslu | Brunabótamat: 18,9 M

**Hringdu og pantaðu skoðun**

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA

### Mávahlíð 41, 105 Reykjavík - 3ja herb.



Verð: 23.900.000 | m²: 95,5 | Herb.: 3ja
Bygginarár: 1947 | Brunabótamat: 13,8 M

**Eign sem þú verður að skoða**

2 rúmgóð svefnherbergi • Björt og rúmgóð stofa
Nýlegt eldhús • Baðherbergi með sturtu
Geymsla í sameign • Góð staðsetning

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA.

### Látrasel 7, 109 Reykjavík - 4ra herb.



Verð: 33.400.000 | m²: 157,7 | Herb.: 4ra
Sérhæð | Brunabótamat: 17,9 M

**Hringdu og pantaðu skoðun**

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX FASTEIGNIR • Engjateig 9 • 105 Reykjavík • Sími: 578 8800 • Fax: 578 8809

RE/MAX FASTEIGNIR




# STÓRBORG fasteignasala

**Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300**

## Stórborg óskar eftir nýjum starfsmanni

Frum

Vegna aukinna umsvifa óskar Stórborg fasteignasala eftir löggiltum fasteignasala og/eða sölufulltrúa til starfa sem fyrst. Um er að ræða lifandi og skemmtilegt vinnuumhverfi þar sem viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, verið ábyrgðarfullur í starfi, ásamt því að hafa góða reynslu af sölustörfum. Sýna þarf fram á hreint sakarvottorð. Í boði er fyrirmynda vinnuaðstaða og góðir tekjumöguleikar.

**Þeir sem hafa áhuga á að starfa á ungri og ferskri fasteignasölu á uppleið, vinsamlegast hafið samband við Stefán Hrafn Stefánsson hdl. og löggiltan fasteignasala í símum 534 8300 og 823 2610 eða sendið umsóknir á netfangið stefan@storborg.is**

Frum







## Kambasel - 109 RVK.

Fallegt endaraðhús á tveimur hæðum, staðsett í barnvænu hverfi þar sem stutt er í skóla og leikskóla. Húsið er samtals 179,5 fm. þar af innbyggður bílskúr 22,8 fm. Lóðin er vel gróin, í skjólsælum bakgarðinum er stór timburverönd og að framan eru stéttar og bílastæði með hitalögn. Næg bílastæði eru við húsið.
**VERÐ 41,0 millj.**

**Nánari upplýsingar gefur Þóra Þrastardóttir sölufulltrúi Akkurat ehf sími 822-2225 / 594-5000.**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
*Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali*

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

Frum

**SUMARHÚS – ÁLFAHRAUN - GRÍMSNESI**
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16.00-18.00**





Glæsilega vönduð hús við Álfahraun í landi Miðengis. Húsin eru 60 fm. auk 25 fm. gestahús samtals 85 fm. Vegalengd frá Rvík. ca. 70 km. Húsin afhendast fullbúin að innan sem utan, Heilsárseignir á frábærum stað. Hiti í gólfi. Svæðið skipulagt með þjónustumiðstöð o.fl. Kjarrivaxnar 7400 - 9400 fm. eignalóðir. Ca. 150 fm. verönd m/ heitum potti. **Verðtilboð.**
**Eignarlóðir til sölu á svæðinu. Byggingaraðili Búrfell ehf, s. 695-6573. Myndir á Mbl.is**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR

**www.arborgir.is**



*Atli Snær Sigvarðsson sölumaður*



*Anna Dóra Jónsdóttir ritari/sölumaður*



*Þorsteinn Magnússon sölumaður*



*Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl.*



*Óskar Sigurðsson hrl.*



*Sigríður Sigurbjartardóttir ritari*

**Austurvegi 38 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is**

Frum

## Sölusýning helgina eftir páska, dagana 14. og 15. apríl milli kl. 15:00 og 17:00




Erum að hefja sölu á glæsilegum íbúðum í nýju, vönduðu fjölbýli á Selfossi. Íbúðirnar eru 2-4ra herbergja og verður skilað fullbúnum með vönduðum innréttingum án gólfefna. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar í júní 2007.

*Nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum.*

Atli S Sigvarðsson sími 899 1178

Þorsteinn Magnússon sími 894 2045



Settu eignina þína í réttar hendur

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

## Hvað gerum við fyrir þig...

- Verðmetum eignina þína fyrir sölu.
- Notum fagljósmyndara sem taka myndir af eigninni.
- Útbúum eignamöppu með upplýsingum um eignina.
- Auglýsum eignina þína með mjög áberandi hætti.
- Höldum opið hús og sýnum eignina sjálf.
- Erum í sambandi við þig og væntanlega kaupendur.





**www.remax.is**
einn öflugasti fasteignavefur landsins

RE/MAX
enginn í heimi selur fleiri fasteignir

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR*** FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***



**Skiptir það þig miklu máli að halda aðdáendum þínum ánægðum?** „Ég finn fyrir hvöt til þess að gleðja áhorfendur, en ég verð fyrst og fremst að gleðja sjálfan mig. Eðlishvöt mín er þannig að ég laðast að einföldum hlutum sem margir skilja og gleðja þannig fjöldann. Þannig að mér finnst ekki erfitt að tileinka mér það að skemmta fjöldanum í stað þess að einbeita mér að minnihlutahópum. Ég er þannig gerður að mér finnst skemmtilegra að skemmta þremur einstaklingum en tveimur. En ég mun ekki skemmta öðrum ef það þýðir að ég neyðist til þess að halda aftur af mér vegna málamiðlana. Ég er bara svo heppinn að hafa mjög einfaldan smekk.“

**Hvað er það óþægilegasta sem þú hefur þurft að gera sem gamanleikari?** „Að gera eitthvað sem er „óþægilegt“ eða „hneykslandi“ gefur í skyn að þú sért í hinum raunverulega heimi. Í heimi skáldsagnanna getur ekkert verið óþægilegt eða hneykslandi því allt er tilbúið. Ég hef mjög sjaldan leikið Mr. Bean í raunheiminum. Ég man eftir því að hafa leikið Mr. Bean á bókaráritun í Harrods. Ég var leiddur á hestvagni til Harrods þar sem Mohamed Al-Fayed tók á móti mér. Svo þurfti ég að fara inn í búðina og að gefa eiginhandaráritanir í karakter. Maður finnur fyrir gífurlegu afli. Mér leið eins og ég mætti og gæti gert hvað sem er. Mér leið ekki eins og ég væri ég. Þetta er eins og að mega hætta að vera maður sjálfur í smá tíma. Enginn mun setja út á það sem maður gerir, sem var mjög undarlegt. Ég gerði ekkert svo brjálað en þetta er einmitt það sem er svo merkilegt við Sacha Baron Cohen. Ég dáist að hugrekki hans. Ef hann yrði handtekinn, hver yrði þá dæmdur? Þeir yrðu að dæma skáldsagnapersónuna.“

**Krefst fólk þess af þér í þínu venjulega lífi að þú sért stöðugt fyndinn?** „Nei, kannski börn. Ég held að fólk viti almennt að ég sé mjög frábrugðinn þeim persónum sem ég leik. Fólk býst því ekki við neinu.“

### Barnalegur Bean

**Ertu stoltari af Mr. Bean en öðrum sköpunarverkum þínum?** „Hann hefur vissulega verið mjög grunsamlega eftirsóttur og átt miklum vinsældum að fagna. Ég verð eiginlega að svara já, nokkurn veginn. Ég er jafn hrifinn af Blackadder, en hann er vissulega hvergi eins þekktur og Mr. Bean. Blackadder er skemmtilegur, en mjög einhliða persóna. Í gegnum árin hef ég verið að uppgötva nýjar og nýjar hliðar á Mr. Bean, og ég held að okkur takist að finna enn nýja hlið á honum í þessari nýju mynd. Við fáum að sjá hlið af honum sem mér finnst mjög áhugaverð.“

**Það er mögnuð sena í myndinni þar sem Mr. Bean kynnist franskri matargerð frá fyrstu hendi, þegar hann fer á fínt fiskiveitingahús í París.** „Við vildum sjá hvernig Bean myndi bregðast við sniglum, ostum og hvers kyns mat. En enduðum svo bara á því að nota humar og ostrur.“

**Það magnaðasta við Bean er hversu auðveldlega hann höfðar til mismunandi menningarheima. Hann er samt mjög breskur. Hver er þín skýring á vinsældum hans?** „Ég held að það sé vegna þess hversu barnalegur hann er. Fólk frá öllum löndum tengir sig við barnið innan mannsins. Börn tengja sig svo auðvitað við hann líka. Þau vita að hann er eins og þau. Þess vegna held ég að hann sé svona alþjóðlegur. Þegar kemur að bresku hlið hans, þá er það auðvitað mikið klæðnaður hans. Hann er líka breskur að því leyti að hann reynir að laga sig að hlutum í kringum sig, en bara þar til það hentar honum ekki lengur. Þá gerir hann bara hvað sem honum sýnist. Hann er náttúrulegur anarkisti, sem fylgir reglunum. En ef þær henta honum ekki fleygir hann þeim út um gluggann. Hann er algjörlega sjálfhverfur, eins og barn. Einhverjir myndu segja að hann væri svolítið taugastrekktur, sem er líka mjög breskt.“

**Af hverju valdir þú nafnið Mr. Bean?** „Það var bara eitthvað sem greip okkur. Það var stutt og fyndið. Fyrst hét hann reyndar Mr. White, en það breyttist eftir um eina viku,“ og þar með rennur tíminn okkar út. Rowan þakkar pent fyrir sig og býr sig undir næstu spurningarunu um leið og ég kveð. ■

> ” Ég finn fyrir hvöt til þess að gleðja áhorfendur, en ég verð fyrst og fremst að gleðja sjálfan mig. Eðlishvöt mín er þannig að ég laðast að einföldum hlutum, sem margir skilja og gleðja þannig fjöldann.




# ÞÚ FÆRÐ ALLT ÓDÝRT Í KRÓNUNNI



# KRÓNAN
fyrst og fremst. ...í verðsamkeppni

20% afsláttur
1238 kr./kg.
Krónu grísahnakkasneiðar kryddaðar

20% afsláttur
1426 kr./kg.
Krónu lambagrillsneiðar úr læri

20% afsláttur
2399 kr./kg.
Lamba Rib Eye

25% afsláttur
1196 kr./kg.
Krónu kryddaðar grísakótelettur

28% afsláttur
1898 kr./kg.
Grísalundir með sumarfyllingu

25% afsláttur
1196 kr./kg.
Hóla bayonneskinka

109 kr./stk.
Super meðlæti 1060 g
- Asíur í strimlum
- Agúrkusalat
- Rauðkál
- Rauðrófur

399 kr./1 ltr.
Kjörís Mjúkís ársins 2007

Oreo kexkökur
99 kr./pk.

Shop Rite Aspas heill
199 kr./stk.

Shop Rite Aspas skorinn
299 kr./stk.

**Opnunartími Krónunnar yfir páskana:**

7. apríl Laugardagur OPIÐ
8. apríl Páskadagur LOKAÐ
9. apríl annar í Páskum OPIÐ

## KOSNINGAR 2007



# Loforðin efnd?

Kosningaloforð og stefnumál Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar 2003 hafa ekki öll gengið eftir. Mikilvæg mál hafa verið til lykta leidd sem hafa snert almenning í landinu með áþreifanlegum hætti á kjörtímabilinu. En hvaða loforð og stefnumál hafa ekki gengið eftir? Voru þau ekkert annað en orðin tóm? Blaðamennirnir *Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson* kynntu sér stefnumál stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar og völdu athyglisverð atriði sem ýmist hafa orðið út undan eða komist til framkvæmda. Þeir leituðu viðbragða við aðgerðum og aðgerðaleysi.

## ÁLYKTANIR FRAMSÓKNARFLOKKS FYRIR KOSNINGAR 2003

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Engin skólagjöld verði í grunnskólum, framhaldsskólum eða ríkisreknum háskólum. | JÁ |
| 2 | Kanna ber kosti þess að fella niður virðisaukaskatt | JÁ |
| 3 | Í samvinnu við sveitarfélögin verði komið á skólaskyldu á síðasta ári leikskólans | NEI |
| 4 | Fallið verði frá kröfum um ábyrgð þriðja aðila á láni hjá LÍN | NEI |
| 5 | Orkulindir hvers landssvæðis verði nýttar þar til að byggja upp atvinnu og efla mannlíf | NEI |
| 6 | Lokið verði við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma | NEI |
| 7 | Efla stuðning við uppbyggingu menningatengdrar ferðaþjónustu. Helstu framtíðartækifæri greinarinnar felast í sérstöðu og sérkennum landsins | JÁ |
| 8 | Ákvæði verði sett í stjórnarskrá um að fiskistofnarnir við landið séu sameign þjóðarinnar | NEI |
| 9 | Stuðningur við fiskeldi verið aukinn | JÁ |
| 10 | Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað í allt að 90 prósent af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki | JÁ |
| 11 | Ríkisútvarpinu verði breytt í sjálfseignarstofnun og rekstur hennar tryggður með þjónustusamningi við ríkið | NEI |
| 12 | Sett verði á fót hönnunarmiðstöð sem hafi það hlutverk að koma íslenskri hönnun á framfæri hér á landi og á alþjóðavettvangi | JÁ |
| 13 | Tryggt verði að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að ríkisvaldinu | JÁ |
| 14 | Tekjustofnar sveitarfélaganna séu í samræmi við verkefni þeirra og lögbundnar skyldur | NEI |
| 15 | Eyða biðlistum vegna búsetuúrræða fyrir fatlaða og þeim gert kleift að búa í sinni heimabyggð | NEI |
| 16 | Komið verði á útflutningssjóði tónlistariðnaðarins | JÁ |
| 17 | Afnema verðtryggingu lána til skemmri tíma en tuttugu ára | NEI |
| 18 | Langveikum verði gert kleift að takast á við veikindi sín við mannsæmandi aðstæður með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi | JÁ |
| 19 | Olíuleit í efnahagslögsögunni verði haldið áfram | JÁ |
| 20 | Sjúkratryggingar taki sambærilegan þátt í kostnaði vegna tannviðgerða og annarrar heilbrigðisþjónustu | NEI |

**3** Ekki hefur enn náðst fram markmið Framsóknarflokksins um að koma á skólaskyldu á síðasta ári leikskólans. Málið hefur komið til umræðu en aldrei að því marki sem flokkurinn ætlaði sér í upphafi kjörtímabilsins. Björg Bjarnadóttir, formaður félags leikskólakennara, segir forystu kennarasambandsins frekar horfa til fljótandi skólaskila. „Umræðan hefur þróast í þá átt að stuðla að fljótandi skilum skólastiga þannig að börn geti byrjað fyrr eða seinna, en meginreglan verði áfram sú að skólaskyldan verð um sex ára aldur.“



BJÖRG BJARNADÓTTIR

**5** Framsóknarflokkurinn lagði áherslu á að orkulindir hvers byggðarlags væru nýttar í heimahéraði, til eflingar atvinnu og mannlífs. Þetta gekk ekki eftir að öllu leyti. Orkulindir á Suðurlandi, meðal annars í neðri hluta Þjórsár, verða að líkindum nýttar af Landsvirkjun til raforkuskömpunar fyrir álver í Helguvík. Til stóð að nýta orkuna vegna stækkunar álvers Alcan í Straumsvík en tillögu um stækkun var hafnað í íbúakosningu.

**11** Framsóknarflokkurinn náði ekki sínu fram er breytingar voru gerðar á lögum um Ríkisútvarpið. RÚV varð að opinberu hlutafélagi, eftir miklar umræður á Alþingi, en Framsóknarflokkurinn lagði áherslu á það fyrir kosningarnar 2003 að RÚV yrði sjálfseignarstofnun.



**12** Hönnunarvettvangur var stofnaður í maí 2005 en hlutverk vettvangsins er að kynna og efla alla íslenska hönnun og koma á öflugu neti samstarfsaðila. Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs, segir raunverulegri hönnunarmiðstöð ekki enn verið komið á laggirnar. „Tilkoma Hönnunarvettvangs er skref á þeirri leið að koma upp hönnunarmiðstöð. Hönnunarvettvangur er tilraunaverkefni til þriggja ára og við höfum frá upphafi verið að vinna grunnvinnu og stefnumótun sem er nú farin að skila sér.“ Hönnunarvettvangur fær samtals sjö milljónir króna á ári frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Samtökum iðnaðarins, Útflutningsráði, Iðntæknistofnun, Reykjavíkurborg og Form Ísland.

**13** Eitt af fjölmörgum stefnumálum Framsóknarflokksins var að tryggja öllum landsmönnum „jafnan aðgang að ríkisvaldinu.“ Segja má að það hafi tekist með aukinni netvæðingu.

**20** „Ríkisstjórnarflokkarnir virðast ætla að láta reyna á það hvort maðurinn lifi af tannleysi,“ segir Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélagsins Íslands, um þá staðreynd að sjúkratryggingar taki ekki sambærilegan þátt í kostnaði vegna tannviðgerða líkt og í annarri heilbrigðisþjónustu. Framsóknarflokkurinn hafði þetta á stefnuskrá sinni fyrir kosningarnar 2003 en hefur ekki beitt sé að marki fyrir því að breyta þessu.



SIGURJÓN BENEDIKTSSON

## ÁLYKTANIR LANDSFUNDAR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS FYRIR KOSNINGAR 2003

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Að ferðaþjónusta verði meginsvið ráðuneytis eftir endurskoðun verkefna og verkaskiptingar stjórnarráðsins. | NEI |
| 2 | Biðlistar eftir heilbrigðisþjónustu eru óviðunandi og enginn á að bíða eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Sjálfstæðisflokkurinn mun beita sér fyrir löggjöf sem tryggir rétt sjúklinga til tímanlegrar þjónustu. | NEI |
| 3 | Að beita sér fyrir aukinni þátttöku íbúa í ákvörðunartöku um stór og mikilvæg sveitarstjórnarmál. | JÁ |
| 4 | Að almannatryggingakerfið tryggi öllum börnum og unglingum að lágmarki almenna tannskoðun og viðurkenndar forvarnir á kostnað almannatryggingakerfisins. | NEI |
| 5 | Starfsemi íbúðalánasjóðs er gott dæmi um verkefni sem á betur heima hjá einkaaðilum. | NEI |
| 6 | Áréttaðar fyrri samþykktir um þjóðlendumálin. Afstaða Sjálfstæðisflokksins er skýr, þinglýstar eignarheimildir ber að virða. | NEI |
| 7 | Lögð áhersla á að stórlækka fasteignargjöld eldri borgara. | NEI |
| 8 | Lýst yfir stuðningi við þá stefnu að skipa Íslandi í hóp þeirra ríkja sem styðja frelsun Írak. | JÁ |
| 9 | Að byggingu gæsluvarðhalds- og meðferðarfangelsis á höfuðborgarsvæðinu verði flýtt. | NEI |
| 10 | Að ákvarðanir um samfélagsþjónustu í stað afplánunar fangelsisvistar verði teknar af dómstólum í stað fangelsisyfirvalda. | NEI |
| 11 | Hraðað verði uppbyggingu helstu stofnbrauta út frá höfuðborginni (Sundabraut, Vesturlandsvegar, Suðurlandsvegar og Reykjanesbrautar.) | JÁ |
| 12 | Tímabært að hefja hvalveiðar á ný. | JÁ |
| 13 | Beinir skattar á einstaklinga lækkaðir. | JÁ |
| 14 | Eignarskattur afnumin og virðisaukaskattur lækkaður. | JÁ |
| 15 | Afnám tekjutengingar í námslánakerfinu til að námsmönnum sé ekki refsað fyrir vinnu. | NEI |
| 16 | Að Landssíminn hf. verði einkavæddur. | JÁ |
| 17 | Að ÁTVR verði lagt niður þegar í stað og eignir þess seldar. | NEI |
| 18 | Skylduáskrift að fjölmiðlum verði afnumin nú þegar. | NEI |
| 19 | Að einkaréttur á póstdreifingu verði afnumin sem fyrst í því skyni að koma á frjálsri samkeppni í atvinnugreininni. | NEI |
| 20 | Að stimpilgjald á verðbréfum verði afnumið. | NEI |

**3** Nýafstaðin íbúakosning um stækkun álvers Alcan í Straumsvík er til vitnis um aukna þátttöku íbúanna í ákvörðunartöku um stórt og mikilvægt sveitastjórnarmál. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði í Fréttablaðinu á mánudaginn að það væri ánægjulegt hversu góð kosningaþátttakan hefði verið. „Ég hefði kosið meira afgerandi niðurstöðu, sama á hvorn veginn þetta hefði farið, en þetta er niðurstaðan og það ber að fara eftir henni þó þetta hafi verið knappt.“



**6** Guðný Sverrisdóttir, formaður Landssamtaka jarðeigenda, telur þetta loforð alls ekki hafa staðist. „Við getum bara farið yfir Hæstréttardómana sem féllu vegna jarða í Austur-Skaftafellssýslu í fyrra. Þar tel ég að þinglýstar jarðir hafi verið gerðar að þjóðlendum. Þar á ég við jarðirnar Fjall, Breiðarmörk og hluta Staðarfells í lóni.“



**8** Innrás Bandaríkjamanna og bandalagsþjóða inn í Írak vorið 2003 var, og er, mikið hitamál hér á landi. „Sjálfstæðisflokkurinn lýsir yfir stuðningi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að skipa Íslandi í hóp þeirra ríkja sem styðja frelsun Íraks. Harmað er að til átaka hafi þurft að koma í Írak en áréttað að stríðið sem nú geisar í landinu sé á ábyrgð Saddams Husseins,“ segir meðal annars í ályktun frá landsfundi flokksins fyrir kosningarnar 2003.

**17** Guðlaugur Þór Þórðarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir loforðið ekki hafa verið í stjórnarsáttmálanum og því hafi legið fyrir að ríkisstjórnin myndi ekki fylgja því eftir. „En við vorum með þingmannamál sem var í þessa áttina. Það var hins vegar einhver lítill, róttækur flokkur sem stoppaði það á síðustu dögum þingsins líkt og frægt er orðið.“

**19** Einkaréttur á póstdreifingu hefur ekki verið afnumin heldur situr Íslandspóstur hf. einn að þeirri dreifingu. Íslandspóstur er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Fyrirtækið keypti síðan fyrirtækið Samskipti úr alls óskyldum rekstri síðastliðið haust.

**20** Stimpilgjaldið hefur enn ekki verið afnumið. Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði í Fréttablaðinu þann 12. mars síðastliðinn að hann vildi gjarnan losna við stimpilgjaldið, en að „það væri einfaldlega ekki skynsamlegt að gera það nú vegna þess að það er svo mikil þensla á fasteignamarkaðinum. En undir réttum kringumstæðum gæti þetta orðið beinleiðis jákvæð efnahagsleg aðgerð.“

# 25 milljónir!

**Nú er potturinn fjórfaldur og stefnir í 25 milljónir.**

**Góð ástæða til að fá sér miða á lotto.is eða á næsta sölustað!**

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM27077



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
### Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Himinninn**

Himinninn kemur til móts við sjóinn, langt, langt í burtu, teygir sig niður að honum, og milli himins og hafs er aðeins óreglulegt strik, sem guð hefur dregið með blýanti til þess að sjórinn renni ekki inn í himininn.

Jakobína Sigurðardóttir: Lifandi vatnið (1974)

**Sif – Siv**

Nýlega var frá því skýrt að kvenheitinu Siv (svo skrifað) hefði verið hafnað af úrskurðarnefnd um mannanöfn, enda væri rithátturinn norskur. Hjá okkur heitir eiginkona þrumuguðsins SIF og hefur svo verið um aldir og enda upphafleg mynd þessa ágæta nafns. Ekki hefur heilbrigðisráðherra þó verið svipt(ur) heiti sínu, en það er vissulega norskt, enda á hún norska móður. Mér leiðist ósköp að sjá eignarfall hennar ritað Sivjar. Það er ekki í samræmi við íslenskan rithátt. Við skrifum Sifjar, en ritum ekki j á eftir v. Ég segi hiklaust til Siv þegar ég vísa til þeirrar ágætu konu. Á sama hátt fer ég með norska nafnið Liv, sem einnig hefur þekkst hér, en ekki Livjar eða Livs. Vandinn er hins vegar sá að ekki heyrist munur á Sif og Siv í mæltu máli.

**Að framkvæma könnun –**

getur tæplega talist gott mál, og enn eitt dæmið um ofnotkun nafnorða. Dugir ekki að kanna fylgi stjórnmálaflokka? Þarf að framkvæma könnun á fylgi þeirra? Við höfum so. kanna og svo no. könnun, og svo viljum við endilega framkvæma könnun. Þetta er eins og þegar sagt er að framkvæma rannsókn í stað þess að rannsaka, og meira að segja að framkvæma innlögn í banka, sem er þó sýnu verst. Ég segi enn og aftur: íslenska er sagnorðamál. Virðum einfaldleika og forðumst klúðurslegt stofnanamál.

**Það verður bara að koma í ljós –**

er líka tískumálfar þegar menn vita ekkert, og verður hvimleitt þegar það er síendurtekið. Má ekki lengur segja: „Því get ég ekki svarað“ eða „Ég veit það ekki“ eða „Það er óvíst“ eða „Ekki get ég ráðið í það“ eða „Það er á huldu“ – eða eitthvað því um líkt? Þarf ævinlega að tönnlast á því sama? Reynum í öllum bænum að stuðla að auknum og fjölbreytilegum orðaforða. Orðfæðin er skæður óvinur frjórrar hugsunar.

**Helköttaðar hetjur deyja –**

segir í fyrirsögn í Morgunblaðinu 16. mars, og ég verð að játa að ég er ekki betur að mér í móðurmálinu en svo, að ég skil þetta tæpast, þótt ég geti að vísu látið mér detta í hug hvað við er átt. En ljótt er útlitið ef svona orðbragð er orðið hluti móðurmálsins, og ljótt er útlitið ef Morgunblaðinu finnst þetta boðlegt málfar. Hvar endar það?

**Braghenda**

*Djúpt í gljúfrum gufugrárra borga*
*og um velli vetrarþreyttra torga*
*velkjast tötrar örvæntingarsorga.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar:
npn@vortex.is

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR TALAR FRÁ TEHERAN

# Innrás í Íran

Þau undur og stórmerki gerðust í síðustu viku að ég var ekki eini Íslendingurinn í Teheran. Heldur betur ekki. Þegar ég mætti á fimm stjörnu Laleh hótelið í miðri Teheran mætti mín hópur af Íslendingum. Ég verð að viðurkenna að það var hálfgert sjokk að sjá þessa innrás frá Íslandi þarna í lobbíinu. Konurnar með tuskurnar einhvern veginn bundnar á höfðinu og jafnvel spenntar niður. Ekki mjög elegant. Ómáláðar og í víðum mussum. Ég sem var búin að segja vinum mínum að íslenskar konur væru flottari en flestar í heiminum og ávallt smart í nýjustu tísku.



HANNA BJÖRK Í ÍRAN

Það er ákveðin list að bera þessar slæður með stæl og ekki hægt að ætlast til að íslensku konurnar væru búnar að læra þá list klukkutíma eftir að þær lentu í Teheran. Það var reyndar mjög fyndið þegar við fórum út að borða um kvöldið og landar mínir sáu klæðaburðinn á persnesku dömunum. Níðþröngir jakkar rétt niður fyrir rass og háir hælar. Silkislæður látnar hanga á töglunum og lokkarnir sýnilegir við andlitið. Kafmálaðar, vel plokkaðar og varalitaðar. Á meðan íslensku konurnar voru aðeins með glæru glossin sín til að móðga engan og í víðustu fötunum sínum. Svipað og túristarnir sem koma til Íslands væru allir með lopapeysurnar og gúmmítútturnar tilbúnar til að fitta inn á Íslandi. „Þarna koma búlgörsku sveitakonurnar“ sagði einhver og allir hlógu. Ríku vesturlandabúarnir klæddir eins og niðursetningar.

Þetta er auðvitað brjálæðislega fyndið en ég hálfvorkenndi íslensku konunum sem voru að reyna að finna út eftir bestu getu hvernig þær ættu að klæða sig. Tveimur mánuðum áður var ég í nákvæmlega sömu stöðu. Í farangrinum hjá þessum hópi voru einmitt nokkrir toppar sem ég hafði skilið eftir heima, pæjustígvélin mín og auka þröngar gallabuxur af því að ég hafði einmitt sjálf skilið eftir flest djammfötin mín heima, en komst svo að því að ég þurfti mest á þeim að halda.

Þetta er bara byrjunin á þeim ranghugmyndunum sem við höfum um fólk í þessum heimshluta og líf þess. Og hvaðan koma þessar ranghugmyndir? Fjölmiðlar. Við fáum flestar okkar upplýsingar þaðan. Það sem hefur tröllriðið öllum vestrænum fjölmiðlum undanfarna daga er nokkrir aumingjans breskir sjóliðar sem sigldu eitthvað vitlaust og hefur ekkert með fólkið í Íran að gera eða daglegt líf hér. En skapar samt ákveðna spennu gagnvart landinu og ýtir undir ákveðnar ranghugmyndir um hvers konar fólk býr í þessu landi.

Vestrænir fjölmiðlar ýta ekki undir ímyndina um að hér í Teheran býr háskólamenntað fólk í marmaraslegnum háhýsum í flennistórum íbúðum með gervihnattasjónvarpi og risaflatskjám, hlaupabrettum, espresso-vélum og öllum mögulegum og ómögulegum vestrænum heimilistækjum. Fólk sem klæðir sig í Dolce&Gabbana, Chanel og Prada og ekur um á glænýjum LandCruiser jeppum. Þetta er bara ein ímyndin í þessu margslungna samfélagi.



JEPPI Í TEHERAN

Íslendingarnir spurðu mig hvort ég yrði vör við að þessir sjóliðar hefðu skapað eitthvað ástand hér. Satt að segja hef ég ekki heyrt einn einasta Írana minnast á þessa sjóliða. Samt horfa allir á CNN og BBC og vita nákvæmlega hvað er að gerast á þessum fréttastöðum. En það er einmitt málið, þetta er það sem er að gerast á fréttastöðvunum, og hefur ekkert með það að gera sem er að gerast í landinu og í lífi þessa fólks.

Þetta eru sjónarspilin sem fréttirnar búa til og hefur ekkert með raunveruleikann að gera. Íranar hafa séð svona uppákomur og svona fréttaflutning svo oft áður og kippa sér ekkert upp við hann. Þeir vita að það sem gerist í sambandi við þessa Breta er nákvæmlega ekki neitt.

En ég get aftur á móti upplýst ykkur um það að tveimur dögum eftir að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að auka viðskiptaþvinganir á Íran fór ég út í búð að kaupa egg. Þau voru helmingi dýrari en vikuna áður. Matarverð hefur hækkað á einni viku. Og að sjálfsögðu hefur það bein áhrif á líf fólksins hér og bitnar verst á þeim fátækustu. Ef þvinganirnar halda áfram og verðlag heldur áfram að hækka þá er það hugsanleg skelfing í uppsiglingu. Þetta eru raunverulegar áhyggjur fólksins í Íran. Ekki hver siglir í vitlausa átt í Persaflóa og hvað diplómatar og pólitíkusar annars staðar í heiminum hafa um það að segja.

hannabjork@gmail.com
hannabjork.blogspot.com

## HELGARKROSSGÁTAN




| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|  | | | | | 58 MP & BH | STIG | ÞRÁ-STAGLAST | BOR | | FÆÐA | KUSK | INNYFLI |  | | | |
| | | | | | → | | | | | | | | | | | |
| | | | | | FROST-SKEMMD | | | | LAND-SPILDA / TEYGJUDÝR | | | | | | | |
| | | | | | EINNIG / STÍFNI | | | SAMTÖK / 2000 | | | TULDRA | | STEIN-TEGUND | ELDSNEYTI | ↓ | SKEMMA |
| | KYLFA | Á FÆTI | HRÓPA | ARK | | | | | | TRAÐKA / SPIL | | | | | | |
| DRYKKJAR-ÍLÁT | | | | | | SAFNA SAMAN / ENDUR-TEKNING | | | | | | GRUNN-FLÖTUR | | | | |
| FÆÐA | | | | KÆR-LEIKUR / KYNKIRTILL | | 5 | | DUFL / RÍKIS | | 4 | | | | BELTI / SKÁL | | |
| | | SÁ / KATTARDÝR | | | | | DÆLD / Í RÖÐ | | | | | TÍÐ / KOFI | | | | |
| HÁR ALDUR | | | | | UPPHRÓPUN | | | | BLAÐUR / SPARSEMI | | | | HÁTTUR / RÁS | | | |
| ÞUS | | | | | TÆLA / LÍFHVATI | | | | | | KNÆPA / ÚRSKURÐ | | | | PAR | |
| KUSK | | 2 | HELD | | | | FEN / ÓSKIPULAG | | | TVÍSÖNGUR / SAMSINNA | | | | | | NÝLEGA |
| ÚT | | | | | | STJÓRN-LEYSI / TUNNA | | | | 1 | | | | HÆTTA / ERLENDIS | | |
|  | | | | ANDI | | | | LÆRDÓMUR / GUÐ | | | | NÚNA / Í RÖÐ | | | | |
| | | | | | | | | | | | SKÁNA | | | | 3 | |
| | | | | KVIÐ | | | | | Á MÓTI | | | | UTAN | | | |



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

# LAGER SALA

MIKIÐ ÚRVAL

NÝJAR VÖRUR

## XBOX LEIKIR

frá 699




## PC LEIKIR

frá 499




## DVD MYNDIR

frá 299




## PS2 LEIKIR

frá 699




TÓNLIST
TÖLVULEIKIR

S·K·Í·F·A·N

DVD MYNDIR
DVD TÓNLIST

SKEIFUNNI 17

OPIÐ Í DAG 11:00 -19:00



# byko.is leikur

Allir sem skrá sig eða eru skráðir á byko.is, fara í pott. Vinningshafar verða dregnir út 16. apríl.

**1. Vinningur:** 200.000 kr. inneign

Gildir í BYKO, Húsgagnahöllinni, Intersport og ELKO.

**2-11. Vinningur:** Haier 20" sjónvarp með innbyggðum DVD spilara að verðmæti 19.900

**175 kr./lm.**

~~233~~

Vnr. 0058324
**Fura**
Fura, alhefluð 27x95 mm, A-gagnvarin.

Vnr. 0058254
**Fura**
Fura, alhefluð 22x95 mm, A-gagnvarin.
**120** kr./lm
~~160~~ kr./lm

Vnr. 0058504
**Fura**
Fura, alhefluð 45x95 mm, A-gagnvarin.
**217** kr./lm
~~289~~ kr./lm

Vnr. 0059954
**Fura**
Fura, alhefluð 95x95 mm, A-gagnvarin.
**434** kr./lm
~~579~~ kr./lm

Vnr. 0058506
**Fura**
Fura, alhefluð 45x145 mm, A-gagnvarin.
**331** kr./lm
~~441~~ kr./lm

GERÐU BETRI KAUP Í BYKO!

VERÐ VERND

BYKO

## www.byko.is
verslaðu á netinu

## Opið annan í páskum
BYKO Hringbraut frá 11-17



Vnr. 0039490
**Pallaefni**
MASSARANDUBA, 25x145 mm.
**790** kr./lm




5 ltr.

**2.990**

Vnr. 863633050-550
**Pallaolía**
KJÖRVARI 12 pallaolía glær, græn, brún, fura rauðviður, eða rauð fura, 5 ltr.

FRÁBÆRT VERÐ!




**3.990**

~~6.209~~

5 ltr.

Vnr. 89410450-2460
**Viðarvörn**
Pinotex
PINOTEX CLASSIC gagnsæ viðarvörn, allir litir, 5 ltr.

# VORIÐ ER KOMIÐ
*í verslunum BYKO!*



**14.900**

Vnr. 50630100

OUTBACK

## Gasgrill
OUTBACK OMEGA 200 gasgrill. Stærð 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstijafnara, slöngu og grillsteinum.



**39.900**

Vnr. 50632111

## Gasgrill
ELEGANT UNION ryðfrítt gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar. og efri grind, 12.9kW. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.



FRÁBÆRT VERÐ!

**14.900**

Vnr. 41622100

## Garðsett
Fjórir ljósgrænir stálstólar og glerborð, þvermál 85 cm. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.



**27.900**

Vnr. 50632103

## Gasgrill
ELEGANT UNION gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar og efri grind. 12.9kW, Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.



Vnr. 49804024

## Ruggustóll
Ruggustóll úr cedrus viði. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

**9.900**



**27.900**

Vnr. 49804023

## Garðsett
Garðsett úr cedrus viði. Stóll, tveggja sæta bekkur og borð (106x56 cm). Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

ALLT FYRIR VORVERKIN



**2.490**

3.451

Vnr. 68315205

## Hekkklippur
LUX hekkklippur.



**3.990**

5.892

Vnr. 79291069

## Hjólbörur
GINGE hjólbörur, 90 ltr.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI




# STUÐ MILLI STRÍÐA Eðaldúddinn Jesús

**TRYGGVI GUNNARSSON** ER VISS UM AÐ JESÚS GAT FLOGIÐ



Einu sinni var maður sem hét Jesús. Hann var algjör eðalgaur. Hann átti fullt af vinum sem allir elskuðu hann, enda elskaði hann alla á móti. Hann var afskaplega sjarmerandi, svo sjarmerandi reyndar að fimm þúsund manns sættu sig við að borða brauð og fisk í hljóði og hlusta á Jesús babla um pabba sinn (sem enginn hafði nokkurn tímann séð eða hitt).

Jesús var líka einn hæfileikaríkasti maður meginlandsins fyrr og síðar. Fyrir utan það að kunna fjölmörg partýtrix, eins og að ganga á vatni og breyta vatni í vín, gat hann vakið fólk upp frá dauðum. Það er einhver svalasti súper-Jesús-kraftur sem um getur. Ég er líka viss að þótt þess sé ekki getið í Biblíunni hafi hann getað flogið.

Jesús var sem sagt eitthvert viðkunnanlegasta og hæfileikaríkasta ljúfmenni sem jörðin hefur nokkru sinni alið af sér.

Þá vaknar spurningin hvernig í ósköpunum fólk fær það út að ofsækja nokkurn mann í nafni Jesú? Hvernig dettur nokkrum manni í hug að halda því fram að Jesús hefði eitthvað á móti til dæmis múslimum? Eða hommum? „Sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana... nema hún sé múslimi. Ef svo er þá er hún skítug drusla.“ „Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins... nema hann sé hommi því allir hommar eru ógeðslegir.“

Nei, Jesús er tilbúinn að djamma með okkur öllum, burtséð frá því hvoru megin árinnar við tjöldum. Það getur enginn sannfært mig um nokkuð annað en að erkisnillingurinn Jesús bíði í himnaríki með vatnsvínið sitt víðfræga og bjóði öllum nýliðum sopa, líka þeim sem eru með túrban.

Þó svo að einhverjir misgáfaðir prestar hafi rottað sig saman og skrifað ágæta en villandi bók um Jesú verður hver og einn að fylgja sinni eigin sannfæringu. Ef í vafa, spyrjið sjálf ykkur: Hvað myndi Jesús gera með alla súper-Jesús-ofur-ótrúlegu-kraftana sína?

Gleðilega páska.







# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# BT

# FERMINGAGJÖFIN FÆST Í BT

## AUKAHLUTIR

9606581
PS3 WIRELESS CONTROLLER
Þráðlaus stýripinni fyrir Playstation 3.

**6.499**

9689287
PS3 BLU-RAY REMOTE
Fjarstýring fyrir Blu-Ray.

**3.999**




48 BOMBUR FYLGIR 6.999

**69.999**

BT LÁN™

| 6.789* | 3.817** |
|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða |

Alvöru Leikjaskjákort

15,4"

# TOSHIBA

PSAARE-03P00KN5
TOSHIBA SATELLITE A100-051
Intel® Core 2 Duo T7200
15.4" WXGA TrueBrite
NVIDIA® GeForce™ Go 7300
- up to 320MB Hypermemory
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
200GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Harman Kardon® hátalarar
Microsoft® Windows® Vista Premium

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Nýja stýrikerfið frá Microsoft : Windows Vista

NÝTT!



**149.999**

- Core 2 Duo -Fyrir kraftinn
- 200GB harður diskur -Fyrir gögnin
- GeForce 7300 -Fyrir leikina
- 2 GB minni -Fyrir vinnsluna
- DV Ready -Fyrir tökuvélina
- Þráðlaust net -Til þæginda

BT LÁN™

| 14.961* | 8.238** | 5.937*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# CANON EOS 400D

## DRAUMA-FERMINGAPAKKINN

LÆKKAÐ VERÐ

Alvöru Flass

FYLGIR 34.999

Canon Speedlite 430EX flass

# Canon

- 10 megapixlar - Nýtt í 400D
- Nýr fókusbúnaður - Nýtt í 400D
- 9 autófókuspúnktar - Nýtt í 400D
- Rykvörn á myndflögu - Nýtt í 400D
- 18-55mm Canon E-SF linsa - Fylgir
- Canon Speedlite 430EX flass - Fylgir
- Canon taska - Fylgir




**139.999**

FYLGIR 8.999 — 1 GB minniskort

Canon taska — FYLGIR 6.999

FYLGIR 8.999 — iView myndflokkunarhugbúnaður

BT LÁN™

| 13.869* | 7.615** | 5.531 |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 1. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 1. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun. 29. apríl kl. 14.00 & 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA
Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason
Óperukór Hafnarfjarðar og hljómsveit Íslensku óperunnar
CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI
Frumsýning annan í páskum kl. 17
UPPSELT
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17 - NOKKUR SÆTI LAUS
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 15/4 kl.20 Þri 17/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Þri 24/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Mán 16/4 kl. 20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl.20UPPS.
Mið 25/4 kl. 20UPPS. Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 UPPS. Fim 3/5kl.20
Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20 Lau 12/5 kl. 20

OPNUNARTÍMI MIÐASÖLU
Miðasalan er lokuð frá fös 6/4 til lau 14/4.
Miðasala á netinu allan sólarhringinn

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Lau 14/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 29/4 kl. 14:00.
Sýningum lýkur í apríl!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 12/4 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4 örfá sæti laus, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 örfá sæti laus lau. 28/4,fös. 4/4, lau. 5/4.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4, fös. 27/4.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 uppselt, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 uppselt, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus. sun. 13/5, fös. 18/5.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00 örfá sæti laus.
Miðasalan er lokuð um páskana.
Opnum aftur þriðjudaginn 10. apríl kl. 12:30
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

# Af flökti, flæði og síum

**Vegfarendur á Laugavegi órar kannski ekki fyrir því að á annarri hæð, á móts við rótgróna byggingarvöruverslun, er líkt og eitthvað sé í þann mund að bresta. Þar inni er leikið með hörku og mýkt, liti og ljós í krafti listrænnar blekkingar.**



**SMÁ SKEKKJA FÆR FÓLK TIL ÞESS AÐ HORFA Á HEIMINN UPP Á NÝTT** Guðrún Benónýsdóttir og Sirra Sigrún Sigurðardóttir myndlistarmenn sýna í Nýlistasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í baksal Nýlistasafnsins trónir kröftug skipakeðja úr loftinu og ögrar brotakenndum spegli sem um leið framlengir ógnvald sinn út í hið óendanlega. Innsetning Guðrúnar Benónýsdóttur vekur margsvísleg hughrif, efniviðurinn er fenginn að hversdagslegu láni, gler, plast og silfraðar filmur liggja á gólfinu og teygja sig upp veggi. Í fremri salnum iðar gólfið í sólskini og litir lífga við hvítt sýningarrýmið en í einu hornanna er búið að koma fyrir geometrískri tálsýn, eins og truflandi stöplariti. Þar sýnir Sirra Sigrún Sigurðardóttir.

Myndlistarmennirnir kynntust þegar félagsskapurinn Kling & Bang hóf göngu sína og segjast þær lengi hafa ætlað að sýna saman. Sá draumur er orðinn að veruleika í sýningunni Fata Morgana sem var opnuð í Nýlistasafninu við Laugaveg um síðustu helgi en þar má sjá tvær sýningar í einni. Þær taka undir að þetta fyrirkomulag sameini það besta úr formi einka- og samsýninga.

## Einkaparsýning

Stefna Nýlistasafnsins er nú að rýma fyrir fleiri stærri sýningum þar sem einstaklingar fá notið sín. „Mér finnst gott að Nýlistasafnið sé að ná nýju flugi,“ útskýrir Guðrún. „Þetta er gamalt fyrirbæri en nú er líkt og það sé að losna undan einhverjum draug, svolítið eins og að byrja upp á nýtt.“ Sirra tekur undir orð Guðrúnar og áréttar mikilvægi þess að ungir listamenn fái tækifæri til þess að halda einkasýningar og spreyta sig á stærra rými. „Það er mikilvægt að fá þessa reynslu. Maður þarf ekki að vera alveg einn - mér finnst þessi sýning að mörgu leyti vera einkasýning, inni í parsýningunni,“ segir Guðrún.



**HARKAN OG MÝKTIN** Guðrún Benónýsdóttir býr til og byggir úr gleri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þær benda á að þegar samstarfið sé gott eigi sér stað ákveðin samræða sem sé afar gagnleg og dýrmæt fyrir listamenn. „Við grúskuðum til dæmis í alls konar fræðum og hugmyndum saman þó verkin okkar beri þess kannski ekki skýr merki - það er bara einhvers staðar á bak við,“ segir Sirra. „Það var tímabil þar sem við fórum alveg á flug. Svo lentum við aftur og gerðum sýninguna hvor í sínu lagi. Það er mjög mikilvægt að fá speglun á það sem maður er að gera. Að setja eitthvað út og fá eitthvað til baka.... ef það gengur. það er að segja. Það gerist alls ekki alltaf en það er smá galdur þegar það gerist,“ bætir Guðrún við.

## Mikilvægi áhorfenda

Aðdragandi sýninga er afar persónulegt ferli fyrir listamenn og eins og þær stöllur benda á er ekki sjálfgefið að hægt sé að rekja rætur hugmynda eða kortleggja sköpun verkanna. Sirra segist hafa hugsað mikið um staðinn, rýmið og sögu safnsins þegar hún hóf að vinna að sinni innsetningu. „Ég var líka upptekin af þrívíddarhugmyndum og sjónblekkingum þegar ég var að vinna þetta verk. Aðferðum sem voru notaðar á endurreisnartímanum og hugmyndafræði mannsins sem kortleggur og raðar - horfir á heiminn í gegnum kerfi. Það er grunnurinn. Svo er maður vitanlega búinn að byggja eitthvað kerfi sjálfur sem stjórnar því hvað verður eftir, hvað fær að lifa í verkinu.“ Verk Sirru hefur vísanir í myndlistarsöguna, það er nokkurs konar geómetrísk abstraksjón í horni salarins þar sem Sirra varpar einnig myndbandsverki. Hún segist ávallt fagna því þegar gestir safnsins deili hugrenningum sínum með sér og segist hafa heyrt vísanir til tölvuleikja, baðherbergisflísa og Bauhaus-stílsins í tengslum við þetta verk.

Guðrún tekur undir að hughrif áhorfenda skipti máli. „Það er alveg sama hvað manneskjunni finnst. Þó hún sé gjörsamlega ósammála myndlistarmanninum er það samt gefandi.“ Sirra áréttar þó að það sé varasamt að útskýra verkin um of því slíkt geti takmarkað þau. „Maður getur alveg slátrað þeim með því að segja of mikið. Þá er ekkert pláss fyrir áhorfandann að upplifa eða eiga eitthvað persónulegt samband við þau.“

## Andi í efninu

Þegar Guðrúnu er stillt upp við sama vegg og hún beðin um að útskýra bakland sinnar innsetningar nefnir hún norska málarann Lars Hertervig. „Ég hugsaði mikið um hann þegar ég var að vinna fyrir þessa sýningu en bókin hans hefur fylgt mér í nokkur ár. Veistu, einstaka sinnum rekst maður á myndlistarmenn sem komast svona undir húðina. Ég trúi því að maður geti lagt álög á hluti og að myndlistin fjalli svolítið um það.“ „Að setja andann í efnið,“ bætir Sirra við. „Já að setja andann í efnið. Hann var skínandi dæmi um það. Hann er að mála mýrar og himin í kringum aldamótin 1900 eins og samtímamenn hans voru að gera en hans list er einhvern veginn þyngri.“

Guðrún útskýrir að nálægðin við hversdagsleikann og þetta venjulega sé henni hugleikið í verkinu en einnig þessi litla skekkja sem leiðir áhorfandann út á allt aðrar brautir.

Talið berst að samstarfi og samkennd myndlistarmannanna og þá benda þær á þriðja verkið á sýningunni sem ekki fer mikið fyrir. Á borðinu liggur kort með mynd af kvenhöfðum í ölduróti en aftan á því er kynningartexti um sýninguna. Við nánari athugun kemur í ljós að höfuðin eru býsna kunnugleg og útlit spjaldsins minnir töluvert á spil úr stokki. „Já þetta er drottningarspil,“ útskýrir Guðrún sposk. „Þetta verk er kannski skýrasta dæmið um flæðið sem er á milli okkar,“ bætir Sirra við.

Nýlistasafnið er opið miðvikudaga til sunnudaga milli kl. 13 og 17 en í dag kl. 15 verður Guðrún á staðnum og veitir gestum stutta leiðsögn. Sýningin stendur síðan út aprílmánuð.

kristrun@frettabladid.is

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
Hjúkrunarfræðingar
Fulltrúaþing Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga verður haldið 7.- 8. maí n.k. á Grand Hótel Reykjavík.
Allir félagsmenn eiga rétt til setu á fulltrúaþingi með málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisrétt hafa fulltrúar í stjórn og kjörnir fulltrúar svæðisdeilda.
Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

# Prýða Potter

Ímyndunarafl ungra lesenda fer vafalítið á flug og tilhlökkunin eykst nú þegar búið er að afhjúpa kápumyndir af sjöundu og síðustu bókinni um galdraunglinginn Harry Potter.

Erlendir fréttavefir hafa þegar birt myndir af kápunum sem munu prýða bókina „Harry Potter and the Deathly Hollows“ í Bretlandi og Bandaríkjunum. Kappinn er víst töluvert fullorðinslegri og betur klipptur á bresku kápunni, en á þeirri bandarísku sést hann teygja sig angistarfullur til himins á meðan lúmskar klær seilast upp bakhlið bókarinnar. Þegar bókin er opnuð birtast síðan glyrnur Þess-sem-ekki-má-nefna, ógnvaldarins Voldemort sem sumir telja að muni stúta hinum ástsæla Potter í sögulok og reka þannig varanlegt smiðshögg á ævintýrið. Æstir aðdáendur sagnanna hafa þegar merkt við dagsetninguna 21. júlí en þá er síðasta bókin væntanleg í verslanir. Þegar hafa verið seldar 325 milljónir eintaka af fyrri bókunum sex. - khh



**BETUR KLIPPTUR Á BRETLANDI**
Kápan á síðustu Harry Potter-bókinni lítur svona út í Ameríku.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

4 5 6 **7** 8 9 10

### Laugardagur

### SAMKOMUR

☐ 17.00 **Listvinafélag Seltjarnarneskirkju** skipuleggur menningardagskrá í kirkjunni. **Gunnar Kvaran** sellóleikari leikur tónlist eftir Bach, **Rakel Pétursdóttir** safnafræðingur ræðir um myndlist **Kristínar Gunnlaugsdóttur** en verk hennar verða til sýnis í krikjunni og félagarnir **Bjarni Thor Kristinsson** og **Jónas Ingimundarson** flytja íslensk og erlend lög.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **Pétur Pétursson** hefur opnaði málverkasýninguna **Ásjóna** á kaffihúsinu **Energia** í **Smáralind**. Sýningin stendur út aprílmánuð. Til sýnis eru tíu myndir, allar unnar með akríllitum á striga á árunum 2005 til 2007.

☐ 14.00 Páskasýning í **Jónas Viðar** gallerý á **Akureyri**. Á sýningunni **Mosalandið** eru meðal annars ljósmyndir sem listamaðurinn tók í nágrenni **Straumsvíkur**.

☐ 14.00 **Rósa Sigrún Jónsdóttir** sýnir í **galleriBOXi** í Listagilinu á Akureyri. Rósa Sigrún hefur tekið þátt í ýmsum sýningum innan lands og utan. Síðustu þrjú ár hefur hún verið formaður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Sýningin stendur til 22. apríl. Opið er á laugardögum og sunnudögum frá 14-17.

### KVIKMYNDASÝNINGAR

☐ 16.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir mynd **Romans Polanski**, **Rosemary's Baby**, með **Miu Farrow** í aðahlutverki. Miðasala opnar hálftíma fyrir sýningu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason

14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Frá Landnámssetri - opið alla páskana
Næstu sýningar á Söguloft

SVONA ERU MENN - KK og Einar:
4. apríl kl. 20, 9. apríl kl. 16, 12. apríl kl. 20

MÝRAMAÐURINN:
5 apríl kl. 20, 7. apríl kl. 20, 19. apríl kl. 20

MR. SKALLAGRÍMSSON:
13. apríl kl. 20, uppselt - lau 14. apríl kl. 20, uppselt , 15. apríl kl. 16, uppselt , 18. apríl kl. 20, uppselt
Ógreiddir miðar seldir viku fyrir sýningardag.

Landnámssýning og Egilssýning afþreying fyrir alla fjöldskylduna.
Veitingahúsið opið kl. 11 - 17 og lengur þegar leiksýningar eru í húsinu.

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánari upplýsingar á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Höfum lokað yfir páskana.
Opnum aftur 10. apríl.
Gleðilega páska.
KRINGLUKRÁIN

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is


CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI

ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR
JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
HÖRN HRAFNSDÓTTIR
ÞÓRUNN STEFÁNSDÓTTIR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: KURT KOPECKY
LEIKSTJÓRI: INGÓLFUR NÍELS ÁRNASON

ÓPERUKÓR HAFNARFJARÐAR
HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM, 9. APRÍL – UPPSELT

MIÐ. 11. APRÍL KL. 20 – LAU. 14. APRÍL KL. 20
SUN. 15. APRÍL KL. 17 (LOKASÝNING)
MIÐASALA S. 511 4200 – WWW.OPERA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN

SAMSTARFSVERKEFNI
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG
ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

Norræna húsið og sænska sendiráðið efna til málþings og pallborðsumræðna í tilefni aldarafmælis Astrid Lindgren


“Réttur barna til foreldra”
Norræna húsið fimmtudag 12. april kl 14:00

Dagskrá og frummælendur

*Inngangsorð:*
*Madeleine Ströje Wilkens sendiherra Svíþjóðar*

*Frummælendur:*
*Frú Vigdís Finnbogadóttir*
*Lena Nyberg umboðsmaður barna í Svíþjóð*
*Ingibjörg Rafnar umboðsmaður barna á Íslandi*

*Kaffihlé*
*Vigdís Erlendsdóttir forstöðumaður Barnahúss*
*Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur*

*Pallborðsumræður:*
*Lena Nyberg, Ingibjörg Rafnar, Vigdís Erlendsdóttir, Madeleine Ströje Wilkens og Kristín Helga Gunnarsdóttir.*

*Fundarstjóri: Valgeir Guðjónsson*

*Léttar veitingar að fundi loknum*

*Enginn aðgangseyrir*


Astrid Lindgren

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



OPIÐ
SEINASTI SÉNS AÐ TRYGG
Packard Bell
Strax
TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
RISA
Opið alla helgina
TILBOÐ TIL PÁSKA
GLÆSILEG TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI TIL PÁSKA
PACKARD BELL FERÐATÖLVA Á KYNNINGARTILBOÐI
119.900
9.992
79.900
iP4300
9.990
320GB
SPECIAL EDITION
23.900
4.990
2.990
MEDIA ELITE
Logitech
TRITON # 2
UPPFÆRSLA 3
24.900
29.900
GIGABYTE
GIGATURN 1
29.900
Strax
RISA
ACER 5684
144.900
8.990
119.900
GIGABYTE
NEC
2.990
5.990
1.990
22.900
26.900
OPIÐ Í DAG 10-18
2.990
CREATIVE WEBCAM
9.990
TÖLVUTEK
18.900
1.990
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík

# ÍDAG

## GJA SÉR PÁSKATILBOÐIN




TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### ACER 5102

1.6GHz Amd Turion64 X2, 1GB minni, 120GB diskur, DVD skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár, 128MB ATI skjákort, VISTA Home Premium

**79.900**

EV10 7.990 Á MÁN • ENGIR VEXTIR í 10 MÁN



TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### iP4300

Canon iP4300 er mest seldi prentari á Íslandi 5 stök hylki, prentar beint á geisladiska

**9.990**

Hvergi betra verð! - Aðeins 1 stk. á mann



250GB ATHUGIÐ AÐEINS 50 STK

WD Western Digital

### HARÐDISKUR

250GB Western Digital ATA 7200RPM hljóðlátur og hraðvirkur með 8MB buffer

**4.990**

ATHUGIÐ AÐEINS 50 STK • 1 STK Á MANN




TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### VÍRUSVÖRN

Öflug vírusvörn sem varnar vírusum, spyware og upplýsingaþjófnaði, leyfi fyrir 3 tölvur

**2.990**

Bæði Windows XP og VISTA geisladiskar fylgja




TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### SPIRE HÝSING

Glæsileg hljóðlát og áræðanleg USB2 ál harðdiskhýsing frá Spire á ótrúlegu tilboði

**1.990**

Spire USB2 ál harðdiskhýsing fyrir 3.5" harðdiska



1GB ATHUGIÐ AÐEINS 50 STK

### 1GB VINNSLUMINNI

1GB DDR2 667MHz hágæða vinnsluminni frá Samsung, aldrei nóg minni. Ótrúlegt verð

**4.990**

Aldrei nóg minni • Samsung 1GB vinnsluminni

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Birt með fyrirvara um breytingar og villur • EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Af óupplýstum ástæðum** hefur ofurhönnuðurinn Hedi Slimane verið rekinn frá Christian Dior. Ekki er vitað hvert Slimane fer eða hver mætir í hans stað. Spekúlantar veðja á Karl Lagerfeld sem grenntist um þrjátíu kíló til að komast í jakkaföt hönnuð af Slimane...

**Valentino** mun halda upp á 45 ára afmæli merkisins í júlí og hátíðarhöldin verða svo stórfengleg að tískusýningardagsetningar í París og Mílanó hafa færst til. Valentino hefur einnig farið í samstarf við Wolford um að gera sokkabuxur og undirföt í svörtu, hvítu og rauðu...

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Plötu með nouvelle vague.** Dinner-tónlist gerist ekki svalari og þau spila hér um miðjan mánuðinn.

**marc jacobs sólgleraugu.** Fást á eluxury.com



## OKKUR LANGAR Í ...

**Undurfagra skartið** frá Wouters-&hendrix, fæst í trilogiu.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Því styttra því betra*

Flestar konur finna sér eina flík um ævina sem þær tileinka sér algjörlega og líður alltaf best í. Sumar fara aldrei úr gallabuxunum og aðrar hafa fundið sjötíu leiðir til að nota svartar síðbuxur. Hjá mér eru það pils, og þá er ég að meina stutt pils, sem alltaf hafa átt hug minn og hjarta. Ég fagna endurkomu ör-pilsanna í sumar, en persónulega fór aldrei úr þeim. Ég man ennþá eftir því þegar ég mætti sem lítið kríli fyrsta skóladaginn í stuttu skotapilsi, þegar krakkarnir spurðu mig í þaula: „Af hverju ertu svona fín?“ Mér fannst athyglin óþægileg þá, en þetta er samt athyglin sem maður fær í pilsi. Maður er nefnilega dálítið „fínn“. Þegar ég seinna gekk svo í breskan stúlknaskóla vorum við svo „heppnar“ að þurfa að ganga í skólabúningi. Að sjálfsögðu var alltaf pils við. Maður vandist þarna á það að nota pils sem hversdagsklæðnað. Þá var ákveðin list hjá elstu stúlkunum að breyta alltaf pilsinu eftir tilfallandi tísku, hvort sem það var að kaupa þau í yfirstærðum og síkka þau eftir getu, eða stytta þau upp í hæstu hæðir og verða sendar heim af skólastýru þegar meira en góðu hófi gegndi. Pilsfaldar eru nefnilega sá hlutur sem alltaf vill breytast með ógnarhraða í heimi tískunnar: annaðhvort eru þau rétt fyrir neðan rass, í settlegri hnésídd eða niður að hælum og allt þar á milli. Sjálf er ég forfallinn aðdáandi mínipilsanna sem eins og svo margt annað voru snilldaruppfinning á sjöunda áratugnum Stutt pils eru án efa þægilegasti fatnaður sem nokkur kona getur átt, og orðin jafn greypt í persónuleika minn og óreiða, óþolinmæði og írónía. Hvenær ég hætti að ganga í þeim er góð spurning. Ætli það sé einhver ákveðinn aldursmörk á mínipilsum? Vogue blaðakonan Elizabeth Saltzman sagði fyrir löngu að maður ætti að hætta að ganga í mínipilsum þegar lærin á manni væru farin að snertast efst. Þangað til ætla ég að halda ótrauð áfram...



**Aldrei** vera bæði í stuttu pilsi og flegnum topp.
**Háir hælar og ballerínuskór** eru hvorutveggja sætir kostir við mínipils.
**Fegraðu fótleggina** með styrkjandi og lengjandi jóga og pilates æfingum.



**HVÍTUR SMÓKING** Ný útfærsla af „le smoking“ eftir hönnuðinn Stefano Pilati í haustlínu YSL 2007.



**KLASSÍSK DRAGT** Hér sést önnur útfærsla af frægri smóking buxnadragt Saint Laurent, hönnuð af Pilati.



**NÝ FORM** Pilati leikur sér með umfangsmikil snið.



**BELLE DU JOUR** Yves Saint Laurent hannaði fatnað fyrir margar af kvikmyndum spænska snillingsins Louis Buñuel.



**DULARFULL** Stór svört gleraugu fanga YSL-andann frá vinstri bakka Parísar á sjöunda áratugnum.



**FRÖNSK KLASSÍK** Svartur rykfrakki frá Jain&Marc, fæst í Liborius

**DÖMULEGUR** Svartur kjóll með slaufu í anda Deneuve frá Jain&Marc, fæst í Liborius

**ELEGANT** Gyllt kvöldveski frá Marios, fæst í Liborius.

# MAÐURINN SEM BREYTTI ÚTLITI TÍSKUHEIMSINS

**Yves Saint Laurent var kornungur, aðeins 21 árs gamall, er hann tók við rekstri Dior-tískuhússins árið 1958. Þar hófst hann þegar í stað handa við að þróa sinn einstaka stíl þar sem hann sameinaði hinn víðfræga og hefðbundna Dior-elegans og svo sinn eigin raunsærri, eða öllu heldur veraldarvanari, stíl.**

Eftir að hafa starfað í tískuheiminum í yfir fjörutíu ár er hann talinn einn af upphafshönnuðum nútímatísku. „Tískubylgjur koma og fara, stíll varir að eilífu“ er haft eftir honum en fötin hans hafa öðlast sanna merkingu orðsins klassík. Áður en hann kom til sögunnar þótti skandall að sjá konur í buxum. Hann skapaði sér frægð fyrir að rugla saman tveimur ólíkum heimum, dömu- og herratísku og hámenningu og poppmenningu. Hið kynlausa lúkk, smókinginn, kvenjakkafötin og fleiri tegundir byltingarkennds klæðnaðar fyrir dömur sem hann hannaði á sjötta áratugnum hafa síðasta áratuginn rutt sér leið inn í fleiri tískuhús á borð við Gucci, Prada og nú síðast Balenciaga. Takmark herra Saint Laurent með fatahönnun sinni var ekki aðeins að gera konur fallegri heldur einnig að gefa þeim sjálfsöryggi og trú á sjálfri sér.

Yves Saint Laurent var einnig búningahönnuður fyrir margar kvikmyndir sem í dag þykja klassík og ber þar hæst Belle de Jour eftir Luis Buñuel með Catherine Deneuve í aðalhlutverki en hún var einmitt tískugyðja og innblástur Yves á tímabili, þ.e. klæddist eingöngu fötum eftir hann opinberlega og var efst á gestalista í öll partí, sýningar og þar fram eftir götum.

Hann breytti einnig tískukreddum með því að nýta poppmenninguna í hönnun sína. Frægt er Mondrian-dressið með litríkum abstrakt- og rúmfræðimunstrum.

Vegna síns klassíska tímalausa stíls sem gerði út á áhrifamátt konunnar heldur alþjóðleg tíska áfram að endurspegla útlit sem Yves Saint Laurent hannaði á sjötta áratugnum. Hönnuðurinn Stefano Pilati hefur verið aðalhönnuður YSL undanfarin tvö ár og í haustlínunni 2007 heldur hann fast í klassísku hlutina sem fyrst komu merkinu á tískukortið: karlmannlega jakka, svartar hettur og dökk sólgleraugu. Pilati vakti einnig athygli fyrir viðleitni sína til að breyta kvenlegum formum, með víðum sniðum sem samt voru afar „chic“. **- amb**



**UPPHAFSHÖNNUÐUR NÚTÍMATÍSKUNNAR** Franski hönnuðurinn Yves Saint Laurent árið 1972.

### 5 leiðir að YSL lúkkinu

1. Svartur kvöldjakki/dragt – helst með smóking eða kjólfatasniði
2. Dökk sólgleraugu
3. Dömulegur hnésíður kjóll, gjarnan með slaufum eða púffermum
4. „Túlipana“ sniðið pils
5. Karlmannlegur „blazer“ jakki





**HERRAMENN HJÁ HERMES** Haustlína Hermes 2007 einkenndist af leðri: krókódíl, lambskinni og kálfskinni.

# Hreinræktaður lúxus hjá Hermes

Súkkulaðilitaður frakki í mjúku Barenia kálfaskinni, hettuúlpa í gljáandi brúnu lambskinni, leðurjakki úr möttu krókódílaskinni.. línan frá þessu hágæða franska merki fyrir herra haustið 2007 var eins og uppskrift að munaði. Það er ekkert skrýtið að Hermes er eitt söluhæsta merki í lúxusvöru um heim allan og að röð myndist yfir hálfa Parísarborg þegar útsölur hefjast. Lúxusinn stoppar ekki heldur við dýraskinnin heldur voru allar peysur og treflar úr dásamlega mjúkri kasmír og vicuna ull í fallegum daufum litum. Svartar rifflaðar flauelsbuxur gljáðu fallega eins og satín, og smóking jakkaföt voru hrein snilld, ofin úr gljáandi ull. Hermes var sem fyrr, látlaust og glæsilegt í senn.

- amb



**KÚREKI STÓRBORGARINNAR** Mjúkur kamellitur kálfaskinnsjakki og Hermes silkiklútur um hálsinn.


PÓSTURINN
allur pakkinn




## Sendu skeyti

Skeytaþjónusta Póstsins er á **www.postur.is** eða í síma **1446**

Skeyti standa alltaf fyrir sínu og bæði er ljúft að senda þau og taka við þeim. Hvert sem tilefnið er: skírn, **ferming**, brúðkaup, útskrift, ástarjátning, frábær árangur, þakklæti eða jólakveðja. Samúðarskeyti sýna í verki hlýhug sem oft er erfitt að koma orðum að.

Á www.postur.is velurðu hvaða mynd á að vera á skeytinu og skrifar textann. Þú getur pantað skeyti fram í tímann svo það gleymist ekki á stóra deginum!

Pósturinn býður einnig upp á:
- Hugskeyti
- Almenn skeyti
- Gjafaskeyti
- Hraðskeyti




Pöntunarsíminn er 1446
eða á www.postur.is














# Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti
fyrir alla fjölskylduna

## Sjávarréttasúpa

*(fyrir 8)*

| | |
|---|---|
| 900 g | fiskur, t.d. humar, rækjur, ýsa, lúða, skötuselur, roð- og beinlaus |
| 2 l | vatn |
| 2 | lárviðarlauf |
| 2 | grænmetisteningar |
| 3 | laukar, saxaðir |
| 2 | paprikur, saxaðar |
| 3 | sellerístilkar, saxaðir |
| 5 | hvítlauksrif, söxuð |
| 8 | kartöflur, skornar í teninga |
| 1 dós | tómatar (411 g), brytjaðir |
| 1 msk. | basilika, þurrkað |
| 2-3 msk. | sítrónu- og eða límónusafi |

Sjóðið vatn, lárviðarlauf og teninga í stórum potti þar til teningarnir eru uppleystir. (Gott er að skipta út hluta af vatninu og nota mysu í staðinn.)
Bætið grænmeti, kartöflum og lauk út í soðið og sjóðið í 10 mínútur eða þar til kartöflurnar eru nánast soðnar. Ef vill má áður láta grænmeti og lauk krauma saman í 2 msk. af matarolíu.
Skerið fiskinn í hæfilega bita, látið út í súpuna og sjóðið í 3-5 mínútur.
Bætið að síðustu rækjum og eða humri, basiliku og sítrónusafa út í. Ef vill má bæta út í 1-2 dl af matreiðslurjóma til hátíðarbrigða.

*Berið fram með nýbökuðu brauði.*

**Fleiri uppskriftir á lydheilsustod.is**

LÝÐHEILSUSTÖÐ
LANDSSAMBAND smábátaeigenda

P&O






*Hugur og líkami endist betur ef vel er um hirt*

Yoga byrjar 16. april



Kristín Björg, kennari

Kristín Björg hefur lært yoga hjá Guðjóni Bergmann.

Hún lærði hjá Guðna Gunnarsyni **Rope yoga**.

Kristín hefur setið námskeið hjá Þorbjörgu Hafsteinsdóttur í **næringarfræði.**

Kristín lagði stund á **Blómadropa-þerapistanám** hjá Kristjörgu Elínu Kristmundsdóttur.

Einnig lagði hún stund á **5Rhythms,** eða tæknina: ***Að hreyfast til meðvitundar*** hjá Alain Allard.

Kristín Björg er einnig lærður snyrtifræðingur og nuddari.

**Sími: 691 0381**

TECHNOSPORT

Minni á Rope-Yoga tímana, kl. 18.30




**JOHN GOODMAN** Þýskt fyrirtæki hefur höfðað mál gegn Goodman.

# Goodman í vandræðum

Þýskt kvikmyndafyrirtæki hefur höfðað mál gegn bandaríska leikaranum John Goodman fyrir að hætta við að leika í kvikmynd á vegum þess. Goodman hafði gert samning um að fá rúmar 30 milljónir króna fyrir að leika í Pope Joan og áttu tökur að hefjast í maí. Krefst fyrirtækið tæplega 200 milljóna króna í skaðabætur.

Hinn 54 ára Goodman er þekktastur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþættinum Rosanne. Hann sést næst á hvíta tjaldinu í gamanmyndinni Evan Almighty.



**NOUVELLE VAGUE** Franska hljómsveitin heldur tónleika í Hafnarhúsinu 27. apríl.

# Hugljúfir Frakkar

Franska bandið Nouvelle Vague spilar í Hafnarhúsinu föstudagskvöldið 27. apríl í tilefni af frönsku menningarhátíðinni Pourquoi Pas? Hljómsveitin, sem gaf út sína fyrstu plötu árið 2004, er fræg fyrir hugljúfar bossanova-útgáfur af þekktum lögum áttunda áratugarins ásamt ýmsum pönklögum. Meðal þekktra laga eru Love Will Tear Us Apart með Joy Division, Guns of Brixton með Clash, Too Drunk to Fuck með Dead Kennedys, Ever Fallen in Love með Buzzcocks, Dancing With Myself með Billy Idol og Heart of Glass með Blondie.

Miðaverð á tónleikana er 3.900 krónur. Miðasala fer fram í Skífunni og á midi.is.


FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gleðilega Páska SAMBÍÓIN ERU OPIN ALLA PÁSKANA! - Leitið upplýsinga um sýningartíma á SAMbio.is -

PÁSKAMYNDIN Í ÁR

ANNAR ÞESSARA TVEGGJA HEFUR HEILA.... ...Á STÆRÐ VIÐ HNETU !

ROWAN ATKINSON MR. BEAN'S HOLIDAY

OG ÞÚ SEM HÉLST AÐ ÞÍN FJÖLSKYLDA VÆRI SKRÍTIN...

MEET THE ROBINSONS 3D

SÝND Í DIGITAL ÞRÍVÍDD Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

„FYNDNASTA SPENNUMYND ÁRSINS" - GQ

HOT FUZZ

NÝ GRÍNMYND FRÁ SÖMU OG GERÐU SHAUN OF THE DEAD.

25 SAMBÍÓIN

BESTA MAMMA Í HEIMI GETUR LÍKA VERIÐ ÓÞOLANDI

DIANE KEATON MANDY MOORE

BECAUSE I SAID SO

RÓMANTÍSK GAMANMYND

music and lyrics

Sýnd í Háskólabíói

Sýnd í Háskólabíói

Háskólabíó 7.Apríl

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | Leyfð | THE GOOD GERMAN | kl. 8 | B.i.16 |
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | TELL NO ONE | kl. 5:40 | |
| WILD HOGS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | b.i 7 | LADY CHATTERLEY | kl. 8 | |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | HORS DE PRIX | kl. 5:50 | |

5-9.Apríl SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | WILD HOGS | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| MR. BEAN VIP | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | | 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| HOT FUZZ | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 1-1:30-3-3:40-5:50 | Leyfð | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |

SPARBÍÓ 450kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu

5-9.Apríl SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROBINSON ... M/- ÍSL TAL | kl. 1:50 - 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE .. M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð | |
| VEFURINN... M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 | Leyfð | DIGITAL |

7.Apríl SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| HAPPILY NEVER AFTER | kl. 2 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 | Leyfð |
| THE HITCHER | kl. 10:10 | B.i. 16 |

7.Apríl SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 1:30 - 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSSON | kl. 1:30 - 4 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 6 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

# Á leið til Bretlands

Hljómsveitin Our Lives fer í tónleikaferð til Bretlands hinn 12. apríl. Ferðin er farin í tilefni af útgáfu smáskífunnar Sandra sem kemur út þar í landi 7. maí á vegum plötufyrirtækisins ORG Records.

Sveitin mun á ferðalaginu hita upp fyrir Louie, Oceansize og Malpractise, sem hefur að geyma meðlimi úr Killing Joke og A. Verða tónleikarnir tíu talsins.

„Við erum mjög spenntir og það verður gaman að spila með þessum góðu böndum," segir Jón Björn Árnason. Bætir hann því við að þegar sé uppselt á helminginn af tónleikunum, sem eru vitaskuld mjög góð tíðindi. Þetta er fjórða tónleikaferð Our Lives til útlanda. Síðast spilaði sveitin í Englandi og Skotlandi fyrir fjórum mánuðum við góðar undirtektir. „Þetta er búið að vera stigvaxandi hjá okkur. Við erum alltaf að fá meiri og meiri athygli," segir Jón Björn.

Til að hita upp fyrir tónleikaferðina spilar Our Lives á Dillon í kvöld klukkan 23.00. Myndband við lagið Sandra er komið í spilun á Skjá einum og einnig er hægt að hlusta á lagið á X-inu og Rás 2. Fleiri upplýsingar um Our Lives má finna á www.myspace.com/ourlives. - fb



**OUR LIVES** Hljómsveitin Our Lives ætlar í tónleikaferð til Bretlands.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **John Travolta** lenti í honum kröppum þegar hann þurfti að nauðlenda einkaþotu sinni á Írlandi. Vegna tæknilegra örðugleika neyddist Travolta til að lenda á Shannon-flugvellinum. Lét hann þó ekki vandann á sig fá heldur leigði hann aðra flugvél til að komast á áfangastað.

KVIKMYNDAKLÚBBURINN FJALA KÖTTURINN

MÁNUDAGUR ANNAR Í PÁSKUM 9. APRÍL TJARNARBÍÓI FILMFEST.IS

KLUKKAN 15.00
BRÓÐIR MINN LJÓNSHJARTA
(SWE), Olle Helborn, 1977.

KLUKKAN 17.00
ÁSTARINNAR KRÓKALEIÐ
(*Twisted Path of Love*)
(JAP), Tatsumi Kumashiro, 1973.

KLUKKAN 19.00
KYRRMYND
(*Still Life*)
(CHI), Jia Zhang-Ke, 2006.

KLUKKAN 21.15
DONG
(CHI), Jia Zhang-Ke, 2006.

OG ÞÚ SEM HÉLST AÐ ÞÍN FJÖLSKYLDA VÆRI SKRÍTIN...

MEET THE ROBINSONS 3D

SÝND Í DIGITAL ÞRÍVÍDD Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

Disaster is a small step away

ROWAN ATKINSON MR. BEAN'S HOLIDAY

20% AFSLÁTTUR

Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af almennu miðaverði ef greitt er með greiðslukorti Glitnis

GLITNIR

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð

SPARbíó SAMBÍÓIN

SparBíó* — 450kr

ANNAR ÞESSARA TVEGGJA HEFUR HEILA.... ...Á STÆRÐ VIÐ HNETU !

ROWAN ATKINSON MR. BEAN'S HOLIDAY

MR BEAN KL. 2 Í ÁLFABAKKA

MEET THE ROBINSONS

KL. 1 Í ÁLFABAKKA / KEF KL 3:40 - 5 OG 6. APR. / 1:30 - 7. APR / 3:40 - 8 OG 9. APR / 5:50 - 10. APR

JOHN TRAVOLTA TIM ALLEN MARTIN LAWRENCE WILLIAM H. MACY

WILD HOGS

WILD HOGS KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

STÆRSTA OPNUN Á FJÖLSKYLDUMYND Í BANDARÍKJUNUM Í ÁR

★★★★ S.V. MBL

BRIDGE TO TERABITHIA

BRIDGE TO TERABITHIA KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

## > Theódór Elmar í hópnum

Theódór Elmar Bjarnason er í 18 manna leikmannahópi Celtic sem mætir Motherwell í skosku úrvalsdeildinni í dag. Hann hefur staðið sig vel með varaliði félagsins í vetur en liðið er þegar búið að tryggja sér sigur í varaliðsdeildinni. Kjartan Henry Finnbogason er einnig á mála hjá Celtic en samningur þeirra beggja við félagið rennur út í sumar. Þeim stendur til boða nýr tveggja ára samningur.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON MISSTI AF TVEIMUR LEIKJUM BURNLEY VEGNA VEIKINDA

# *Hingað erum við komin til að vera*

Jóhannes Karl Guðjónsson var ekki í leikmannahópi Burnley í vikunni er liðið vann góðan sigur á Plymouth, 4-0. Þar með batt liðið enda á hreint arfaslakt gengi liðsins eftir nítján leiki í röð án sigurs.

„Það var nokkuð ljóst að ef við hefðum ekki unnið þennan leik hefði stjórinn verið látinn fara,“ sagði Jóhannes Karl við Fréttablaðið. Hann átti við veikindi að stríða og gat því ekki spilað með liðinu. „Þetta var leikur sem við áttum inni enda vorum víst búnir að setja met með þessum nítján leikjum í röð án sigurs.“

Jóhannes Karl kom til Burnley í janúar eftir stutt stopp hjá AZ Alkmaar í Hollandi. Honum líkar vistin vel en fjölskyldan býr rétt norðan af Manchester. Kona Jóhannesar Karls átti þeirra þriðja barn fyrir skömmu en það var ástæðan fyrir því að hann gat ekki spilað með íslenska landsliðinu gegn Spáni í síðustu viku.

„Okkur líkar mjög vel hér. Elsti strákurinn er kominn í skóla og annar í leikskóla. Ég er alveg á því að við munum ekki flytja héðan í bráð enda varla hægt að bjóða börnunum upp á það eftir að þau byrja í skóla,“ sagði Jóhannes. „Það er svo sem ekkert að því að skipta um lið hér á svæðinu,“ sagði hann svo aðspurður hvað hann myndi gera ef Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefði samband við hann.

Jóhannes Karl er yngri bróðir þeirra Bjarna og Þórðar en allir eru þeir þekktir knattspyrnumenn. Samanlagt eiga þeir átta börn, fjóra stráka og fjórar stelpur. Jóhannes Karl á þrjá stráka, Þórður þrjár stelpur og Bjarni eitt af hvoru kyni.

„Ég var nú reyndar búinn að spá þessu þegar Þórður eignaðist sitt annað barn,“ sagði Bjarni er Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ég sagði að Þórður myndi bara eignast stelpur, ég fengi bæði og Jói Kalli bara stráka. Það hefur hingað til fullkomlega gengið eftir,“ sagði hann og hló. „Það styttist í að við getum farið að stilla upp í tvö lið – stelpur á móti strákum.“

Hálfbróðir þeirra bræðra, Björn Bergmann, æfir og spilar með meistaraflokki ÍA þrátt fyrir að vera einungis 16 ára gamall.





**SIGURÐUR JÓNSSON** Stýrði Grindvíkingum lengst af á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ

Sænski boltinn af stað:

## Tap í fyrsta leik hjá Sigurði

**FÓTBOLTI** Sigurður Jónsson og lærisveinar hans í Djurgården töpuðu í gær fyrsta leik liðsins á nýju tímabili í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Nýliðar og grannlið Djurgården, Brommapojkarna, skoruðu eftir einungis 69 sekúndur og reyndist það sigurmark leiksins.

„Þetta er aðeins einn leikur af 26 en sannarlega ekki sú byrjun sem við óskuðum okkur,“ sagði Sigurður eftir leik en lét úrslit leiksins ekki slá sig út af laginu. „Það koma tímar þar sem við fáum meðvind en mótvind líka.“

Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson voru báðir í byrjunarliði IFK Gautaborg sem gerði 1-1 jafntefli við Trelleborg.

Einn leikur verður í sænsku deildinni í dag þegar meistarar Elfsborg taka á móti Malmö sem hefur verið spáð titlinum í ár. - esá

# Alfreð óánægður með tap

**Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari í handbolta var allt annað en sáttur við sína menn eftir tap gegn Pólverjum á æfingamóti í Frakklandi í gær, 36-32. Vörn og markvarsla hafi langt frá því verið ásættanleg. Liðið mætir Frökkum í dag.**

**HANDBOLTI** Ísland tapaði í gær sínum fyrsta leik á æfingamóti í París fyrir Póllandi, 36-32. Íslenska liðið komst aldrei í takt við það pólska og var allan tímann að elta það. Marga lykilmenn vantaði í bæði lið og fengu ungir og óreyndir leikmenn að spreyta sig í íslenska landsliðinu. Staðan í hálfleik var 17-13.

„Ég er mjög óánægður með þennan leik,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari eftir leikinn. „Við vorum jú með fullt af nýjum mönnum en það á ekki að koma svo mikið að sök. Það vantaði miklu meiri hreyfingu í mannskapinn og barátta leikmanna var langt frá því að vera eðlileg. Þá vantaði allt hungur til að klára leikinn almennilega. Þetta er vissulega æfingamót en fyrr má nú vera.“

Hann segir að markvarsla og varnarleikur íslenska liðsins hafi langt frá verið ásættanleg. Sóknarleikurinn var ekkert til að hrópa húrra fyrir en Alfreð prófaði fjóra menn í stöðu vinstri skyttu.

„Hver þeirra fékk korter, nákvæmlega eftir klukkunni. Ég er að vonast til að einhver þeirra geti leyst þessa stöðu sómasamlega. Ég var reyndar ekki ánægður með nýju leikmennina en ekki verulega óánægður heldur,“ sagði Alfreð.



**SNORRI STEINN** Hér í leik gegn Pólverjum á HM í Þýskalandi. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Íslenska liðið átti í raun bara einn góðan leikkafla í leiknum, þegar því tókst að minnka muninn í eitt mark snemma í síðari hálfleik. Þá tóku Pólverjarnir hins vegar við sér, skoruðu fjögur mörk í röð á örskotsstundu og gerðu út um leikinn.

Í dag mætir íslenska liðið því franska og verður við ramman reip að draga. „Það verður mun erfiðari leikur en gegn Póllandi og menn þurfa að gefa mun meira af sér ætli þeir sér að komast almennilega frá þeim leik.“ eirikur@frettabladid.is

**ÍSLAND-PÓLLAND 32-36**

**Mörk Íslands (skot)**: Guðjón Valur Sigurðsson 8 (10), Ólafur Stefánsson 8/4 (11/5), Bjarni Fritzson 3 (4), Vignir Svavarsson 3 (5), Ragnar Óskarsson 3 (5/1), Róbert Gunnarsson 2 (2), Andri Stefan 2 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Jóhann Gunnar Einarsson (1), Vilhjálmur Halldórsson (1), Valdimar Þórsson (1), Hannes Jón Jónsson (2).

**Varin skot**: Hreiðar Guðmundsson 9, Björgvin Gústavsson 2.



**EKKERT GEKK** Emile Mpenza var ekki á skotskónum fyrir City í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í gær:

## Charlton úr fallsæti

**FÓTBOLTI Charlton komst í gær úr fallsæti í ensku úrvalsdeildinni með því að ná markalausu jafntefli gegn Manchester City á útivelli. Leikurinn var annars afar bragðdaufur en Hermann Hreiðarsson spilaði allan leikinn fyrir Charlton.**

**Charlton hafði sætaskipti við Sheffield United sem er reyndar með jafn mörg stig og á leik til góða.**

**Síðar um daginn slátraði Everton liði Fulham, 4-1, eftir að hafa lent marki undir. Carlos Bocanegra skoraði á 22. mínútu fyrir Fulham en Lee Carsley jafnaði metin tveimur mínútum síðar. Alan Stubbs og James Vaughan bættu svo tveimur við fyrir leikhlé en varamaðurinn Victor Anichebe skoraði síðasta mark leiksins á 80. mínútu.**

**Heiðar Helguson lék síðustu 20 mínúturnar í liði Fulham.** - esá






Oddaleikir undanúrslita Iceland Express deildar karla á fimmtudagskvöld:

# Njarðvík og KR spila um titilinn

**KÖRFUBOLTI** Heimaliðin höfðu betur í oddaleikjum undanúrslitaeinvígja Iceland Express deildar karla í körfubolta sem fóru fram á fimmtudagskvöldið. Njarðvík vann 93-70 sigur á Grindavík en KR vann Snæfell 76-74 eftir framlengingu og mikla dramatík. Fyrsti leikurinn í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn fer fram í Njarðvík klukkan 20.00 á mánudagskvöldið.

Íslandsmeistarar Njarðvíkur eru komnir í lokaúrslitin í fjórtánda sinn. Grindvíkingar sprungu hreinlega á móti einbeittu og samheldnu Njarðvíkurliði. Grindavíkurliðið keyrði upp hraðann og var búið að skora 32 hraðaupphlaupstig fyrstu 27 mínútur leiksins þegar liðið minnkaði muninn í tvö stig, 55-53. Þá tóku Njarðvíkingar öll völd á vellinum með fyrirliðann Friðrik Stefánsson í broddi fylkingar og unnu lokamínútur leiksins 38-17. Brenton Birmingham hélt Páli Axeli Vilbergssyni í 2 stigum á 35 mínútum en Páll var búinn að skora mest allra í einvíginu fyrir leikinn eða 21,8 að meðaltali í leik.

KR-ingar eru komnir í lokaúrslitin í fimmta sinn. Það voru ungu strákarnir í KR-liðinu sem sáu um mikilvægustu körfur liðsins í 76-74 sigri á Snæfelli í spennuþrungnum og dramatískum framlengdum leik. Brynjar Þór Björnsson tryggði KR framlenginu með magnaðri þriggja stiga körfu tæpum þremur sekúndum fyrir leikslok og Darri Hilmarsson skoraði síðan sigurkörfuna í framlengingunni. Snæfellingar virtust vera með unninn leik tíu stigum yfir (56-66) þegar 4 og hálf mínúta var eftir af leiknum. KR-ingar hafa sýnt mikinn karakter alla þessa úrslitakeppni og komu til baka og unnu í fjórða sinn leik þar sem tap hefur þýtt sumarfrí.



**Í ÚRSLITUM** Fannar Ólafsson og félagar í KR eru komnir í úrslit Iceland Express deildar karla þar sem þeir mæta Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Njarðvíkingar og KR-ingar mætast nú í ellefta sinn í úrslitakeppninni. Njarðvíkurliðið hefur slegið KR út í síðustu fjórum einvígjum eða allt frá því að KR-ingar slógu þá út úr undanúrslitunum 2000. Síðan þá hefur Njarðvík unnið 11 af 13 leikjum liðanna í úrslitakeppninni. Liðin hafa mæst þrisvar sinnum í vetur, Njarðvík vann undanúrslitaleik Powerade-bikarsins 102-95 og deildarleik liðanna í Ljónagryfjunni í lok febrúar, 83-73, en KR vann leik liðanna í DHL-höllinni í nóvember 75-69. KR-ingurinn Tyson Patterson var með hæsta framlagið í þessum leikjum en í þeim var hann með 24,7 stig og 8,7 stoðsendingar að meðaltali. - óój



**GEOF KOTILA** Náði góðum árangri með lið Snæfells í vetur og verður áfram í Hólminum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Körfuboltalið Snæfells:

## Enginn flótti úr Hólminum

**KÖRFUBOLTI** Allt útlit er fyrir að Snæfell muni halda öllum sínum sterkustu leikmönnum fyrir næsta tímabil. Þetta sagði Daði Sigurþórsson, formaður meistaraflokks karla, við Fréttablaðið í gær.

„Það er ekki búið að skrifa undir samninga en þeir hafa allir gefið það út að þeir vilji halda áfram. Við gerum því ráð fyrir óbreyttu liði," sagði Daði og átti hér við þá Hlyn Bæringsson, Sigurð Þorvaldsson, Magna Hafsteinsson, Jón Ólaf Jónsson og Helga Guðmundsson. Óvíst er hvort Justin Shouse heldur áfram en hann vill einnig vera um kyrrt í Hólminum. „Það hefur verið mikil ánægja með Justin í vetur en það á eftir að taka ákvörðun varðandi erlenda leikmenn."

Bandaríkjamaðurinn Geof Kotila verður áfram þjálfari liðsins en hann gerði tveggja ára samning við liðið síðastliðið sumar. - esá

Formúla 1 í Malasíu:

## Massa fljótastur á æfingum

**FORMÚLA** **Brasilíumaðurinn Felipe Massa var fljótastur á báðum æfingum fyrir Malasíukappaksturinn í gær. Tímatökurnar fara fram snemma dags í dag og sjálfur kappaksturinn á morgun.**

**Félagi hans hjá Ferrari, Kimi Raikkönen, var næstfljótastur en þeir Giancarlo Fisichella og Heikki Kovalainen hjá Renault komu næstir á síðari æfingunni. Í þeirri fyrri voru Fernando Alonso og Lewis Hamilton hjá McLaren næstir á eftir Massa.** - esá







## GAEL GARCIA BERNAL

Gael fæddist í Mexíkó árið 1978. Gael byrjaði feril sinn mjög ungur og lék í sápuóperum á unglingsárum. Nítján ára hætti hann í sápuóperum þrátt fyrir miklar vinsældir og komst inn í leiklistarskólann Central School of Speech and Drama í London. Hann vakti fyrst athygli í Hollywood eftir myndina Amores Perros. Árið 2003 túlkaði hann Che Guevara í myndinni Motorcycle Diaries sem er sýnd í Sjónvarpinu kl. 21.25.



# dagskrá

SUNNUDAGUR 8. APRÍL

## SJÓNVARPIÐ Á PÁSKADAG HEIMILISTÓNAR Í AMERÍKU

# Afrakstur níu ára samstarfs

Sjónvarpið sýnir leiknu heimildarmyndina Heimilistónar í Ameríku annað kvöld, en hún fjallar um tónleikaferðalag hljómsveitarinnar Heimilistóna til Pittsburgh. „Þetta er svona „mockumentary“, eins og það er kallað,“ útskýrði Elva Ósk Ólafsdóttir, sem leikur í myndinni ásamt Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Ragnhildi Gísladóttur og Vigdísi Gunnarsdóttur. „Við fórum til Ameríku og héldum þessa tónleika í alvöru, bara til að búa til þessa mynd. Við erum allar í karakter. Við vorum með grind sem við byggðum utan á, og svo var þetta eiginlega svolítið eftir dagsforminu,“ sagði hún.

Hljómsveitin Heimilistónar hefur verið starfrækt frá árinu 1998, en tónleikaferðalagið var farið á páskunum árið 2005. „Þetta er búið að vera langt ferli. En í kjölfar þessa gefa Sögur út disk með Heimilistónum núna í apríl og við ætlum að gera jóladisk líka,“ sagði Elva. Heimilistónar munu jafnframt leggjast í tónleikaferð um landið í sumar, og Elva útilokar því ekki að framhaldsmyndar gæti verið að vænta.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Matti morgunn 08.13 Hopp og hí Sessamí 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Suðandi stuð 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Alvöru dreki 09.54 Tobbi tvisvar 10.17 Allt um dýrin 10.42 Ævintýri úr Stundinni okkar
**10.55 Páskamót í handbolta** (3:3) Bein útsending frá leik karlalandsliða Íslands og Túnis í Bercyhöllinni í París.
**12.30 Formúla 1** e.
**15.00 Maó** (3:4)
**16.00 Tónlist er lífið** (6:9) e.
**16.30 Skriðdýrin í París**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Hænsnakofinn**
**18.38 Óli Alexander fílibomm bomm**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veður**
**19.25 Heimilistónar í Ameríku** Leikin heimildarmynd um tónleikaferð kvennahljómsveitarinnar Heimilistóna til Bandaríkjanna.
**20.05 Tónlist er lífið** (9:9) Sýndar eru svipmyndir frá Jazzhátíðinni í Reykjavík haustið 2006 og rætt við Tómas R. Einarsson og Árna Scheving.
**20.35 Gasolin'** Heimildarmynd um vinsælustu rokkhljómsveit Dana, Gasolin'.
**22.05 Ekki einum færra** Kínversk verðlaunamynd frá 1999.
**23.50 Brúðkaup besta vinar míns** (My Best Friends Wedding) e.
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The School of Rock**
**08.00 Moonlight Mile**
**10.00 The Big Bounce**
**12.00 Seabiscuit**
**14.15 The School of Rock**
**16.00 Moonlight Mile**
**18.00 The Big Bounce**
**20.00 Seabiscuit** Sannsöguleg stórmynd sem var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Tobey Maguire, Chris Cooper. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.15 Layer Cake**
**00.05 Ripley's Game**
**02.00 City of Ghosts**
**04.00 Layer Cake**

## STÖÐ 2

**07.00 Myrkfælnu draugarnir**
**07.15 Barney**
**07.40 Addi Panda**
**07.45 Pocoyo**
**07.55 Stubbarnir**
**08.20 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.30 Könnuðurinn Dóra**
**08.55 Kalli og Lóla**
**09.05 Grallararnir**
**09.25 Oddur önd og páskaævintýrið**
**09.50 Kalli litli kanína og vinir**
**10.10 Litlu Tommi og Jenni**
**10.35 Stóri draumurinn**
**10.55 Ævintýri Jonna Quests**
**11.15 Sabrina - Unglingsnornin**
**11.40 W.I.T.C.H.**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.50 Along Came Polly**
**15.15 Björgvin og Sinfónían**
**16.50 Meistarinn** (8:15) Katrín Jakobsdóttir, íslenskufræðingur og fyrrverandi stigavörður í Gettur betur, mætir Karli Pétri Jónssyni stjórnmálafræðingi í sjónvarpssal. 2007.
**17.45 Oprah** (What's Playing on Your iPod, Concert With Carrie Underwood,)
**18.30 Fréttir**
**19.10 Sjálfstætt fólk**
**20.00 Walk the Line** Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd með þeim Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í aðalhlutverkum. Hér er sagt frá lífsbaráttu söngvarans Johnny Cash og ástarsambandi hans við June Carter. Bönnuð börnum.
**22.15 Twenty Four** (12:24) Jack heimsækir rússneska konsúlinn á meðan settur forseti Bandaríkjanna ákveður að herða til muna öryggisreglur landsins. Stranglega bönnuð börnum.
**23.00 Sideways** Margrómuð verðlaunamynd um vínelskandi einmana sálir í leit að hamingjunni; hinni einu sönnu ást og hinu eina sanna rauðvíni. Aðalhlutverk. Virginia Madsen, Thomas Haden Church, Paul Giamatti. Bönnuð börnum.
**01.05 Courage under Fire** (e)
**02.55 Along Came Polly**
**04.25 Twenty Four** (12:24)
**05.10 Meistarinn**
**06.00 Fréttir**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.15 Da Ali G Show** (e)
**16.45 Dirty Dancing**
**17.40 Trading Spouses** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 KF Nörd** (12:15) Rómantíkin knýr dyra í þessum þætti um KF Nörd. Sýn verður brugðið á einkalíf þeirra og sérstaklega verður fylgst með Gulla í þessum þætti sem býður stúlku á stefnumót. Hann fær alla hugsanlega aðstoð sem hann getur fengið við undirbúning stefnumótsins og við fáum að fylgjast með því hvernig honum vegnar á stefnumótinu með fullt farteski af góðum ráðum.
**19.45 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinsælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**20.15 The Nine** (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem enginn nema þau sem voru í haldi í bankanum skilja.
**21.05 Dr. Vegas** (e)
**22.00 Monkeybone** Ævintýramynd um höfund teiknimyndasögu sem af ókunnum ástæðum lendir í öðrum heimi. Kvöldið sem Stu Miley ætlar að biðja kærustunnar lendir hann í slysi. Hann er fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahús og á meðan unnustan telur Stu í dái er hann í raun kominn á vit ævintýra í nýjum heimkynnum. Þá vaknar sú spurning hvort Stu kemst aftur heim til elskunnar sinnar. Aðalhlutverk: Brendan Fraser, Bridget Fonda, Chris Kattan. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.30 Sirkus Rvk** (e)
**00.00 Da Ali G Show** (e)
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.40 Vörutorg**
**11.40 According to Jim** (e)
**12.10 Eggert á Upton Park** (e)
**13.00 Archipelago Raid 2006 - Siglingakeppni**
**13.30 Snocross** (e)
**14.00 High School Reunion** (e)
**15.00 Skólahreysti** (e)
**16.00 Britain's Next Top Model** (e)
**17.00 Innlit / útlit** (e)
**18.00 The O.C.** (e)
**18.55 Hack** (e)
**19.45 Top Gear** (8:23) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands.
**20.40 Psych** (9:15) Bandarísk gamansería um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Þegar gleyminn fjölskylduvinur segist hafa leyst gamla morðgátu sem gæti tengst nýlegu morði fer Shawn á stúfana og rannsakar málið.
**21.30 Boston Legal** (14:22) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Alan, Denny og Bethany hjálpa dómara sem er óánægður með kynhneigð sína og Denise fær óvænt tíðindi.
**22.30 Dexter** (8:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Dexter heimsækir sálfræðing sem hann grunar að sé kaldrifjaður morðingi.
**23.20 C.S.I.** (e)
**00.10 Heroes**(e)
**01.10 Jericho** (e)
**02.00 Vörutorg**
**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**10.00 Að leikslokum** (e)
**11.00 Sheff. Utd.- Newcastle**(frá 7.apríl)
**13.00 Ítalski boltinn** (frá 7. apríl)
**15.00 Portsmouth - Man. Utd.** (frá 7. apríl)
**17.00 Reading - Liverpool** (frá 7. apríl)
**19.00 Chelsea - Tottenham** (frá 7.apríl)
**21.00 Arsenal - West Ham** (frá 7. apríl)
**23.00 Wigan - Bolton** (frá 7. apríl)
**01.00 Dagskrárlok**

## SÝN

**07.00 Sporðaköst II** (Laxá í Aðaldal)
**07.35 Iceland Expressdeildin 2007** (KR - Snæfell / Njarðvík - Grindavík)
**08.50 Golf - 2007 US Masters** Útsending frá þriðja keppnisdegi.
**11.50 Joe Calzaghe - Peter Manfredo**
**12.50 Meistaradeild Evrópu - endurs**
**14.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**14.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Sevilla og Racing í spænska boltanum. Leikmenn Sevilla verða að vinna heimaleiki sem þennan ætli liðið sér að tryggja sér titilinn.
**16.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Real Madrid og Osasuna í spænska boltanum. Ýmsar stórstjörnur eru að kveðja Madrid eins og Carlos og Beckham. Þeir vilja væntanlega kveðja með góðum endaspretti en Madrídingar eiga enn veika von um titilinn.
**18.50 Golf - 2007 US Masters** Bein útsending frá lokadeginum á Masters mótinu í golfi.
**23.00 Spænski boltinn** (Real Madrid - Osasuna)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.





**LCD SJÓNVARP** · 10 Bita litvinnsla · 6,4 milljarðir lita · Kontrast 3000:1 · Upplausn: 1366x768 · Textavarp 1000 bls. · Game Mode · 170° sjónarhorn · Tækin koma á borðstandi og eru fáanleg í 27", 32" og 40" stærðum · Auðvelt er að festa tækin á vegg · Þyngd aðeins 10 kg, 13,5 kg og 20.7 kg

**27" SAMSUNG LCD** LE27S71BX · **Verð: 99.900.-**
**32" SAMSUNG LCD** LE32S71BX · **Verð: 129.900.-**
**40" SAMSUNG LCD** LE40S71BX · **Verð: 219.900.-**




**PLASMA SJÓNVARP**
Kemur á borðstandi · 13 Bita litvinnsla · 549 milljarðir lita · Kontrast: 10.000: 1 · Upplausn: 1366x 768 · Textavarp 1000 bls. · Mjög vel búið tengjum: HDMI, 2 x SCART og PC inngangur · Hægt að fá 42" með eða án digital móttakara (PS42C7HDX)

**42" SAMSUNG PLASMA** PS42C7HX · **Verð: 219.900.-**
**42" SAMSUNG PLASMA** PS42C7HDX · **Verð: 249.900.-**
**50" SAMSUNG PLASMA** PS50C7HX · **Verð: 349.900.-**

Þegar vanda skal valið kemur SAMSUNG strax upp í hugann

NÚ ER ÞAÐ SAMSUNG SEM SKARAR FRAM ÚR

ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

– og umboðsmenn um land allt

## REESE WITHERSPOON

Reese fæddist í New Orleans árið 1976. Hún talar vel um æsku sína og segir að amma sín, sem bjó á heimilinu, hafi haft mikil áhrif á sig og hvatt til að lesa mikið af bókum. Reese byrjaði ferilinn sem sundfatafyrirsæta en þegar hún var fimmtán ára fékk hún hlutverk í sjónvarpsmynd sem Diane Keaton leikstýrði. Eftir það fóru hjólin að snúast og í dag er Reese vinsæl Hollywood-leikkona. Árið 2005 lék hún í myndinni Walk the Line sem sýnd er á Stöð 2 kl. 20.00 en Reese hlaut Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína.



# dagskrá

MÁNUDAGUR 9. APRÍL

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Grey's Anatomy

Vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir Grey's Anatomy-æði. Þættirnir gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg en þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að flækjast fyrir þeim og gera lífið ennþá erfiðara. Í þætti kvöldsins hittir George hinn nýja tengdaföður sinn en eins og áhorfendur vita hefur George ýmislegt á samviskunni er varðar hjónabandið. Á sama tíma stendur yfir viðtalsferli vegna stöðu yfirmanns skurðlæknadeildarinnar.



## ▶ MRS. HARRIS

### Stöð 2 kl. 22.00

Sannsöguleg mynd með þeim Ben Kingsley og Annette Benning í aðalhlutverkum. Jean Harris (Benning) leikur konu sem sökuð er um morð á frægum megrunarlækni (Kingsley) sem hún hafði átt í ástarsambandi við í fjórtán ár. Aðalhlutverk leika Ben Kingsley, Annette Benning, Frances Fisher. Phyllis Nagy leikstýrir.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**08.01 Gurra grís**
**08.05 Bú**
**08.15 Lubbi læknir**
**08.28 Brum**
**08.38 Fæturnar á Fanney**
**08.50 Konráð og Baldur**
**09.17 Ævintýri úr Stundinni okkarti.**
**09.23 Gló magnaða**
**10.30 Mógli II** (Jungle Book 2)
**11.40 Ævintýri HC Andersen**
**12.10 Lífið er dásamlegt** Söngvamynd.
**15.00 Stúlkurnar frá Tsjernobyl**
**16.10 Ensku mörkin**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**18.06 Lítil prinsessa**
**18.16 Halli og risaeðlufatan**
**18.30 Vinkonur**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós – Leiðtogaumræður**
**20.40 Hekluskógar**
**21.20 Lífsháski**
**22.05 Stefnumót við Mandela** Þáttur um þátttöku Earth Affair, í 46664 tónleikunum í Tromsö 16. júní 2005.
**22.35 Ensku mörkin**
**23.30 Taggart – Friðþæging** e.
**00.40 Kastljós – Leiðtogaumræður**
**01.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Envy**
**08.00 Spider-Man 2**
**10.05 Bride & Prejudice**
**12.00 Stolen Summer**
**14.00 Envy**
**16.00 Spider-Man 2**
**18.05 Bride & Prejudice**
**20.00 Stolen Summer**
**22.00 The Island** Bandarískur vísindatryllir eftir Michael Bay (Armageddon).
**00.15 Chain Reaction** (e)
**02.00 Point Blank**
**04.00 The Island**

## STÖÐ 2

**07.00 Véla-Villi**
**07.10 Myrkfælnu draugarnir**
**07.35 Töfravagninn**
**08.20 Tasmanía**
**08.45 Sullukollar**
**08.55 Grallararnir**
**09.15 Skrímslaspilið**
**09.35 Tvíburasysturnar** (17:22)
**10.00 Galdrastelpurnar** (2:26)
**10.25 Ný skammarstrik Emils**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Another Pretty Face**
**14.20 Sisters**
**15.10 Punk'd** (13:16)
**15.35 The Comeback** (11:13)
**16.05 Amazing Race** (14:14)
**16.55 Arrested Development**
**17.20 Listen Up** (20:22)
**17.45 Oprah**
**18.30 Fréttir**
**19.10 Kosningar 2007 – nærmynd**
**19.35 Jamie Oliver – með sínu nefi** (25:26) Jamie heimsækir ostabúð og lærir að búa til rjómaost. Að lokum býr hann til gimilegan ostabakka.
**20.00 Grey's Anatomy** (19:25) Vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir Grey's Anatomy æði.
**20.50 American Idol** (26:41)
**21.35 American Idol** (27:41)
**22.00 Mrs. Harris** Sannsöguleg mynd með þeim Ben Kingsley og Annette Bening í aðalhlutverkum. Jean Harris (Bening) leikur konu sem sökuð er um morð á frægum megrunarlækni (Kingsley) sem hún hafði átt í ástarsambandi við í fjórtán ár. 2005. Bönnuð börnum.
**23.35 X-Factor** (20:20) Jógvan og Hara munu stíga á svið og verður það íslenska þjóðin sem velur sigurvegara. Því er mikilvægara en nokkru sinni að kjósa uppáhalds keppandann.
**00.40 X-Factor – úrslit símakosninga**
**01.15 Prison Break** (21:22)
**02.00 Blind Justice** (8:13)
**02.45 Balls of Steel** (5:6)
**03.25 Medium** (5:22)
**04.10 Grey's Anatomy** (19:25)
**04.55 Oprah**
**05.40 Fréttir**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (13:24) (e)
**19.55 Entertainment Tonight** (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.20 Dirty Dancing**
**21.15 Trading Spouses** Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf. Fyrir suma er þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.
**22.00 Twenty Four** (12:24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin. Í sjöttu þáttaröðinni hefst enn einn örlagaríkur sólarhringurinn í lífi mikilvægasta leyniþjónustumanns og hryðjuverkasérfræðings heimsins. Jack heimsækir rússneska konsúlinn á meðan settur forseti Bandaríkjanna ákveður að herða til muna öryggisreglur landsins. Stranglega bönnuð börnum.
**22.45 Seinfeld** (13:24) (e) Jerry gagnrýnir leikkonu harðlega við upphaf ferils hennar, Elaine fær hugmyndir eftir að hafa séð dularfulla teiknimynd.
**23.10 Entertainment Tonight** (e)
**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**13.15 Blue Lagoon**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Game tíví** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Malcolm in the Middle** (e) Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans
**20.00 The O.C.** (12:16) Bandarísk unglingasería.
**21.00 Heroes** (14:23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.
**22.00 C.S.I.** (13:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Catherine notar óhefðbundna aðferð til að hafa hendur í hári morðingja. Hún blekkir félaga sína í rannsóknardeildinni sem komast fljótt að því að ekki er allt með felldu.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Robert byrjar með 22 ára gamalli stúlku. Marie og Debru líst ákaflega illa á það og reyna að binda enda á sambandið enda daðra Frank og Ray stanslaust við hana.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Boston Legal** (e)
**01.05 Psych** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**11.35 Watford - Portsmouth** (beint)
**13.50 Newcastle - Arsenal** (beint)
**16.00 Fulham - Man. Utd.** (frá 9. apríl)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**18.50 Charlton - Reading** (beint)
**21.00 Þrumuskot** (e)
**22.00 Eggert á Upton Park** (e)
**22.30 Ítölsku mörkin**
**23.30 Þrumuskot** (e) 00.30 Dagskrárlok

## SÝN

**08.10 Spænski boltinn** (Real Madrid - Osasuna)
**09.50 Meistaradeild Evrópu** (Roma - Man. Utd.)
**11.30 Golf - 2007 US Masters**
**15.40 Coca Cola mörkin**
**16.10 Coca Cola deildin** (Southampton - Sunderland)
**18.10 Spænski boltinn** (Sevilla - Racing)
**19.50 Iceland Expressdeildin 2007**
**21.45 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
**22.30 Football and Poker Legends** Í heimsmótaröðinni í póker eru sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Þar er keppt um stórar upphæðir og gjarnan eru þar atvinnumenn á ferð. Við og við eru svo haldin óhefðbundin mót þar sem stórstjörnur úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spilaborðinu.
**00.10 Iceland Expressdeildin 2007**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.




## EWAN MCGREGOR

Ewan fæddist í skoska bænum Crieff árið 1971. Foreldrar hans hvöttu hann til að hætta í skóla og fara í leiklist fremur en vera vansæll og flutti hann því frá Crieff sextán ára. Hann hóf fljótlega nám í London Guildhall-leiklistarskólanum en meðal skólafélaga hans voru Daniel Craig og Alistair McGowan. Ewan hætti námi rétt fyrir útskrift til að geta leikið í sjónvarpsseríu eftir Dennis Potter. Árið 1996 lék hann eftirminnilega í Trainspotting og kom sér þannig á stjörnukortið. Ewan er giftur frönskum kvikmyndahönnuði sem hann kynntist við gerð þáttanna Kavanagh QC árið 1995 og eiga þau saman tvær dætur. Ewan leikur í myndinni The Island á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR SPÁIR Í SPURNINGAKEPPNI FJÖLMIÐLANNA

# Ævar Örn eldist og orðinn hægrisinnaður

Áður hefur verið vikið að því hér að spurningakeppnir séu efni sem svínvirka á ljósvakanum. Nú er Ævar Örn Jósepsson búinn að hrinda einni slíkri úr vör. Spurningakeppni fjölmiðlanna er hefðbundin á RÚV um páska. Sem er gott mál.

Ég hlustaði á 1. umferðina í gær og fékk ekki varist þeirri hugsun að spurningarnar séu talsvert léttari en verið hefur. Sem er varhugaverð þróun. Auglýsingasölumenn vilja gjarnan hafa spurningar átakanlega léttar í markaðs/spurningaleikjum útvarpsstöðvanna í örvæntingarfullri tilraun til að höfða til allra. Höfða þá náttúrlega ekki til neinna nema þeirra allra óskammfeilnustu sem vilja krækja sér í fría pizzu með engri fyrirhöfn. En miklu meiri tilhöfðun hefur það fyrir hlustendur að fást við þungar spurningar, finna til stolts ef svarið finnst fremur en spila inn á að hlæja megi að mönnum sem geta ekki svarað einföldustu spurningum.

Ævar Örn var, þegar hann tók við umsjá keppninnar, með níðþungar spurningar, leiðinlegar ártals- og póstnúmeraspurningar, en nú virðist sem hann vilji höfða til fleiri með of léttum spurningum. Kannski er Ævar Örn að eldast og er að ganga markaðsöflunum á hönd? Sagt er að sá sem ekki sé vinstrisinnaður ungur sé hjartalaus og sá sem enn sé rauður á efri árum sé kjáni. Ævar ætti ekki að taka þennan frasa of bókstaflega.



En í keppninna eru mættir valinkunnir kappar sem gaman er að hlusta á. Ég hef að sjálfsögðu fulla trú á mínum mönnum þeim Bergsteini og Svavari. Óneitanlega eru Gettu-betur kapparnir Oddur og Sveinn sigurstranglegir og ættu að hugsa sinn gang ef þeir vinna ekki núna en þeir voru teknir í bakaríið síðast af Dr. Gunna. Þá gæti sigurvegarinn úr Popppunkti, Freyr Eyjólfsson, komið á óvart sem og auðvitað hægrisinnaða gáfumennið Andrés Magnússon af Viðskiptablaðinu. Þröstur Helgason á Lesbókinni er líklega of djúpur fyrir þessa keppni sem og Sigurður G. Tómasson. Hlýtur að koma stórkostlega á óvart að sá vísi maður sé enn og aftur dottinn úr spurningakeppni í 1. umferð. Sem segir örugglega meira um keppnina en hann.

## EKKI MISSA AF



▶ 19.40 Ástríkur og Steinríkur SJÓNVARPIÐ



▶ 22.35 Seven Years in Tibet STÖÐ 2



▶ 22.00 Mr. and Mrs. Smith STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 23.05 Punk´d SIRKUS



▶ 22.40 Blow SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Fyndin og furðuleg dýr 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Trillurnar 09.18 Tígurinn Karrí 09.25 Leyniþátturinn 09.38 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.04 Heimskautalíf 10.30 Stundin okkar

**11.00 Formúla 1 - Tímataka** e.

**12.25 Veröld H.G. Wells** (3:3)

**13.55 Páskamót í handbolta** (2:3) Bein útsending frá leik karlalandsliða Íslands og Frakklands í Bercyhöllinni í París.

**16.00 EM í frjálsum íþróttum**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Vesturálman** (9:22)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

▶**19.40 Ástríkur og Steinríkur** Frönsk bíómynd frá 2002. Meðal leikenda eru Gérard Depardieu, Christian Clavier og Monica Bellucci.

**21.25 Mótorhjóladagbækurnar** Verðlaunamynd eftir Walter Salles frá 2004. Meðal leikenda eru Gael García Bernal og Rodrigo De la Serna.

**23.30 Arfurinn** (Arven) Dönsk verðlaunamynd frá 2003 um mann sem stendur frammi fyrir erfiðum spurningum þegar pabbi hans deyr og ætlast er til þess að hann taki við fjölskyldufyrirtækinu. Meðal leikenda eru Ulrich Thomsen, Lisa Werlinder og Ghita Nørby. e.

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

**06.30 Formúla 1** Bein útsending frá Malasíu.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Pretty Woman** (e)

**08.05 50 First Dates**

**10.00 Bridget Jones – The Edge of...**

**12.00 Must Love Dogs**

**14.00 Pretty Woman** (e)

**16.00 50 First Dates**

**18.00 Bridget Jones – The Edge of Reason**

**20.00 Must Love Dogs** Gamanmynd sem segir frá konu sem á í vandræðum með að jafna sig eftir skilnað.

▶**22.00 Mr. and Mrs. Smith**

**00.00 Broken Arrow** (e)

**02.00 The Fan**

**04.00 Mr. and Mrs. Smith**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff´s Patch**

**07.10 Barney**

**07.35 Myrkfælnu draugarnir (7:11)**

**08.00 Engie Benjy**

**08.10 Gordon the Garden Gnome**

**08.40 Grallararnir**

**09.00 Kalli kanína og félagar**

**09.40 Bratz**

**10.00 A.T.O.M.**

**10.25 Ice Princess**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**13.50 X-Factor** (20:20)

**14.55 X-Factor - úrslit símakosninga**

**15.30 Hot Properties** (6:13)

**16.05 Atlantis** Vönduð heimildarmynd um leyndardóm og goðsögnina um hina týndu borg, Atlantis.

**17.00 Sjálfstætt fólk**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mother**

**19.35 Joey** (10:22)

**20.00 Stelpurnar** (14:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.

**20.25 In Her Shoes** Rómantísk gamanmynd með þeim Cameron Diaz og Toni Collette í aðalhlutverkum. 2005.

▶**22.35 Seven Years in Tibet** Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar leggur Austurríkismaðurinn Heinrich Harrer upp í ferð um Himalajafjöllin ásamt vini sínum og leiðsögumanni. Félagarnir lenda í ótrúlegum hrakningum og koma að lokum til hinnar dularfullu borgar Lasa í Tíbet. Heinrich gerist trúnaðarvinur andlegs leiðtoga Tíbeta, Dalai Lama, og eiga kynni hans af leiðtoganum eftir að breyta lífssýn Heinrichs um alla framtíð. Aðalhlutverk. Brad Pitt, David Thewlis, B.D. Wong. Leikstjóri. Jean-Jacques Annaud. 1998. Leyfð öllum aldurshópum.

**00.50 The Matrix Reloaded**

**03.05 Rules of Attraction**

**04.50 How I Met Your Mother**

**05.10 Joey** (10.22)

**05.30 Stelpurnar** (14.20)

**05.55 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.00 Trading Spouses** (e)

**16.45 KF Nörd** (12:15) Rómantíkin knýr dyra í þessum þætti um KF Nörd. Sýn verður brugðið á einkalíf þeirra og sérstaklega verður fylgjst með Gulla í þessum þætti sem býður stúlku á stefnumót. Hann fær alla hugsanlega aðstoð sem hann getur fengið við undirbúning stefnumótsins og við fáum að fylgjast með því hvernig honum vegnar á stefnumótinu með fullt farteski af góðum ráðum.

**17.25 Britney and Kevin. Chaotic**

**18.30 Fréttir**

**19.10 Dr. Vegas** (e)

**19.55 American Inventor**

**22.00 X-Factor** (20:20) Nú kemur í ljós hver hefur hinn eftirsótta X-Factor og stendur uppi sem sigurvegari. Jógvan og Hara munu stíga á svið og verður það íslenska þjóðin sem velur sigurvegara og því er mikilvægara en nokkru sinni að kjósa uppáhaldskeppandann. Hver verður fyrir valinu sem næsta poppstjarna Íslands og hvaða dómari getur stært sig af því að hafa þjálfað næstu stjörnu landsins?

▶**23.05 Punk´d** (11:16) Elisha Cuthbert úr 24 fær að kenna á því í þætti kvöldsins en hún lendir í vandræðum með óhæfa móður.

**23.30 X-Factor – úrslit símakosninga**

**00.00 Gene Simmons – Family Jewels**

**00.25 Supernatural** (8.22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**01.15 Twenty Four - 2** (23:24) (e) Áætlanir Jacks klikka og hann leitar á ólíklegar slóðir eftir aðstoð, en Tony og Michele lenda í klemmu fyrir að aðstoða Jack. Þá hjálpar Palmer varaforsetanum að undirbúa stríð. Stranglega bönnuð börnum.

**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.20 Vörutorg**

**11.20 Rachael Ray** (e)

**12.50 Rachael Ray** (e)

**15.05 Top Gear** (e)

**16.00 Psych** (e)

**16.50 World's Most Amazing Videos** (2:26) (e)

**17.40 Fyrstu skrefin** (e)

**18.10 Survivor. Fiji** (e)

**19.10 Game tíví** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (3:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu.

**21.00 High School Reunion** (5:6) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

**21.50 Hack** (3:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse, á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.

▶**22.40 Blow** Johnny Depp og Penélope Cruz í magnaðri mynd sem byggð er á sannri sögu. George Jung varð ríkur af kókaínsmygli frá Kólumbíu og var stærsti kókaínbarón Bandaríkjanna. En lífið var ekki bara dans á rósum og hætturnar á hverju strái.

**00.40 Dexter** (e)

**01.30 The Silvia Night Show** (e)

**02.25 Vörutorg**

**03.25 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**05.05 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**10.45 Upphitun** (e)

**11.15 Chelsea - Tottenham** (beint)

**13.50 Reading - Liverpool** (beint)

**16.05 Portsmouth - Man. Utd.** (beint)

**18.20 Ítalski boltinn** Bein útsending.

**20.30 Arsenal - West Ham** (frá í dag)

**22.30 Middlesbrough - Watford** (frá í dag)

**00.30 Blackburn - Aston Villa**(frá í dag)

**02.30 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

**In Her Shoes**



Rómantísk gamanmynd með þeim Cameron Diaz og Toni Collette í aðalhlutverkum. Maggie er stjórnlaus partístelpa sem veldur eldri systur sinni stöðugum vandræðum. Rose er framakona sem alltaf er pottþétt en á í stökustu vandræðum með hitt kynið. Þegar Maggie flytur inn á Rose líður ekki á löngu þar til allt fer í háaloft. Systurnar fara í sitt hvora áttina og reyna að koma undir sig fótunum í skugga reiði og særinda. Þær eiga þó eftir að komast að því að blóð er þykkara en vatn og engin getur komið í stað fjölskyldunnar.

## ▶ MÓTORHJÓLADAGBÆKURNAR

### Sjónvarpið kl. 21.25



Mótorhjóladagbækurnar (Diarios de motocicleta) er margverðlaunuð mynd eftir Walter Salles frá 2004 sem byggð er á dagbókum byltingarforingjans Che Guevara. Þar segir frá vélhjólaferðalagi sem Che fór í ásamt besta vini sínum, Alberto Granado, um Suður-Ameríku upp úr 1950. Þeir voru dæmigerðir háskólastúdentar sem langaði að skemmta sér og lenda í ævintýrum áður en þeir lykju námi. Þeir fóru um Argentínu, Chile, Perú, Kólumbíu og Venesúela. Í upphafi ferðar höfðu þeir svipuð markmið og væntingar en í lokin er ljóst að þeirra bíður ólík framtíð. Meðal leikenda eru Gael García Bernal og Rodrigo De la Serna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Bíótónar: Páskar
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.15** Skíðavikan á Ísafirði
**21.00** ... það er í skáldinu sem allir aðrir menn eiga bágt
**22.15** Lestri Passíusálma lýkur
**22.25** .....og sólin dansar af gleði
**23.10** Danslög
**00.10** Heimurinn fagni
**01.10** Samtenging við Rondó til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.40 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**08.05 Pro bull riding** (Reno, NV - Reno Invitational)
**09.00 World Supercross GP 2006-2007**
**09.50 Meistaradeild Evrópu - endurs.**
**11.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**11.50 Augusta Masters Official Film**
**12.50 Golf - 2007 US Masters**
**15.50 Iceland Express-deildin 2007** (KR - Snæfell / Njarðvík - Grindavík) Útsending frá oddaleikjunum í undanúrslitum.
**17.20 Spænski boltinn - upphitun**
**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Real Zaragoza og Barcelona í spænska boltanum. Erfiður útileikur hjá meisturunum og nú verður Messi að galdra einhverjar kanínur upp úr hattinum.
**19.50 Golf - 2007 US Masters** Bein útsending frá þriðja keppnisdegi á Masters mótinu í golfi.
**23.00 Joe Calzaghe - Peter Manfredo** Bein útsending.
**01.00 Iceland Express-deildin 2007** (KR - Snæfell / Njarðvík - Grindavík)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Til dans, til vands og i luften 7.15 Dudley Dydsmønster 8.35 Lucky Luke 9.00 Børneblæksprutten 9.15 Ungdomsprogram 9.30 Viften 10.00 TV Avisen 10.05 Forestillinger 11.05 Dig og mig 11.35 Nationen 11.55 Babe - den kække gris kommer til byen 13.30 Casper 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Kaj og Andrea 16.00 Nana 16.30 TV Avisen med vejret 17.00 Elefantungen Hannibal 17.30 Danni 18.00 Grand Danois 19.30 The Tuxedo 21.05 Det vilde vagtværn 22.30 Bad Boy 5.30 Morten 6.00 Det, der med børn

## NRK 1

**6.05** Mikkes klubbhus 6.30 Harry med bøtta full av dinosaurer 6.45 Lille Prinsesse 7.00 Småspøkelsene 7.10 Hønsehuset 7.25 Sauen Shaun 7.35 Hubert 7.50 Mini-kryp 8.00 Den dårligste heksa i klassen 8.20 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.35 Sinbad - Legenden på de sju hav 10.00 Luftkrig 10.55 Prinsesse Astrid 75 år 11.35 Perspektiv: "Tango for to" i 50 år 12.05 Fjols til fjells 13.40 Rosenkavaleren 14.50 Amandus 16.00 Skrimmel Skrammel 16.25 En gul en og en grønn en 16.30 Brødrene Løvehjerte 17.00 Dagsrevyen 17.30 Påskenøtter 17.45 Lotto-trekning 17.55 En samba for Helsingfors 18.25 På kongelig varieté 19.25 Med hjartet på rette staden 20.10 Bergtatt av Everest 21.05 Løsning påskenøtter 21.10 Kveldsnytt 21.25 The Shape of Things 23.00 Eva Cassidy - sangfugl av en annen verden 5.30 Påskemorgen 5.32 Mekke-Mikkel 5.45 Postmann Pat

## SVT 1

**6.00** BoliBompa 6.01 Prop och Berta 7.20 Karamelli 7.50 Sagoträdet 8.05 Klister 8.20 Rea 8.45 Amigo 9.10 Hjärnkontoret 10.00 Mitt i naturen 10.30 Packat & klart 11.00 Plus 11.30 Saras kök 12.00 Svenska slag 12.30 Playa del Sol 13.00 Uppdrag Granskning 14.00 Bror och syster 15.00 Så ska det låta 16.00 Disneydags 17.00 Bröderna Lejonhjärta 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Stina! 19.00 Lögnens pris 20.00 Blue, Karma, Tiger 20.15 Bingo Royale 21.00 Rapport 21.05 Judasevangeliet 22.00 1900 0.35 Sändningar från SVT24 6.00 BoliBompa



## PERSÓNAN



*Elínborg Halldórsdóttir*

**Aldur:** 45 eftir nokkra daga.
**Starf:** Listamaður og dómari í X-Factor.
**Fjölskylda:** Á spriklandi lausu, fjögur börn.
**Foreldrar:** Halldór Friðriksson, látinn, og Erna Sveinbjörnsdóttir kaupmenn.
**Búseta:** Akranes.
**Stjörnumerki:** Hrútur.

Ellý var í sviðsljósinu sem einn af dómurum X-Factor sem lauk í gær.

## HIN HLIÐIN GUÐMUNDUR GUNNLAUGSSON TROMMULEIKARI KENTÁR

# *Dúfa er uppáhaldsmatur sælkerans*




**Hvað er að frétta?**
Það er bara brjálað að gera í múrverkinu og músíkinni.
**Augnlitur:**
Blár.
**Starf:**
Ég er múrari og tónlistarmaður.
**Fjölskylduhagir:**
Giftur og á tvö börn.
**Hvaðan ertu?**
Ég er hreinræktaður Breiðhyltingur.
**Ertu hjátrúarfullur?**
Nei, ekki neitt.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:**
Það eru bresku sakamálaþættirnir eins og þeir leggja sig. Spooks eru til dæmis mjög skemmtilegir.
**Uppáhaldsmatur:**
Ég er mikill matmaður, borða allt og finnst allt gott. En það er væntanlega dúfa. Ég hef fengið hana nokkrum sinnum og finnst hún rosalega góð.
**Fallegasti staður:**
Það er Álftanesið.
**iPod eða geislaspilari:**
iPod, alveg hiklaust.
**Hvað er skemmtilegast?**
Þegar maður á stund með fjölskyldunni, sem er allt of sjaldan.
**Hvað er leiðinlegast?**
Að vera lokaður inni í litlu rými við flísalagnir mjög lengi.
**Helsti veikleiki:**
Ég er sælkeri, finnst alveg svakalega gott að borða.
**Helsti kostur:**
Ég er vinnusamur.
**Helsta afrek:**
Að hafa eignast þessi börn sem ég á.
**Mestu vonbrigðin:**
Að geta ekki verið atvinnutónlistarmaður á Íslandi.
**Hver er draumurinn?**
Að vegna vel í lífinu.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?**
Konan mín er fyndnust.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?**
Óstundvísi og þegar menn vita ekki hvað þeir eru að gera.
**Hvað er mikilvægast?**
Góð heilsa og almenn hamingja.



**LÁRÉTT 2** hvetja **6** komast **8** segi upp **9** espa **11** guð **12** erfiði **14** skyggnast um **16** halló **17** frostskemmd **18** einkar **20** til dæmis **21** stór, breiður fjörður.
**LÓÐRÉTT 1** hvæs **3** tveir eins **4** verðgildi **5** keyra **7** vinsæll **10** struns **13** trjátegund **15** bára **16** sær **19** kusk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** örva, **6** ná, **8** rek, **9** æsa, **11** ra, **12** streð, **14** skima, **16** hæ, **17** kal, **18** all, **20** td, **21** flói.
**LÓÐRÉTT: 1** fnæs, **3** rr, **4** verðmat, **5** aka, **7** ástsæll, **10** ark, **13** eik, **15** alda, **16** haf, **19** ló.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

ANNA BRYNJA BALDURSDÓTTIR: MEÐ VÍNÞÁTT Á NÝRRI NETSTÖÐ

# Wave TV í loftið í maí

Ný íslensk netsjónvarpsstöð, Wavetv.is, fer í loftið í næsta mánuði. Hún verður eingöngu á netinu og mun einbeita sér að íslensku efni. „Að stærstum hluta verður þetta efni sem er framleitt af þeim sem búa í landinu," útskýrði Garðar Örn Hinriksson, sem vinnur nú hörðum höndum að því að framleiða efni fyrir stöðina ásamt þeim Sigurði Kr. Jenssyni, Sigurði Inga Sigurðssyni og Önnu Brynju Baldursdóttur. „Við setjum stefnuna á opnun í maí, en það veltur á því hvernig gengur að búa til efni og fá fólk til að framleiða efni," sagði Garðar.

Wave TV er með ýmiss konar skemmtiefni í burðarliðnum. „Við framleiðum sjálf langstærstan hluta af þessu, svona til að byrja með. Við erum með viðtalsþætti, menningartengda þætti, gamanþætti, raunveruleikaþætti og svo erum við komin með einhverjar stuttmyndir," sagði Garðar. Hugsjónin er þó jafnframt sú að gefa ungu fólki tækifæri til að koma verkum sínum á framfæri. „Við viljum gefa fólki tækifæri til að sýna sitt efni. Það getur verið erfitt að fá það í gegn á stóru sjónvarpsstöðvunum hérna heima," sagði hann. Wave TV mun auglýsa eftir fólki og efni á næstunni og vonast Garðar eftir góðum undirtektum. „En við vitum í rauninni ekki ennþá hvort fólkið í landinu er spennt fyrir þessu, þó að flestir séu hrifnir af hugmyndinni sem slíkri," sagði Garðar. Þó að aðaláherslan sé á íslenskt efni nýtur Wave TV líka stuðnings að utan, í formi bandaríska rithöfundarins Mac Maloney. „Hann skrifaði meðal annars handrit fyrir Seinfeld. Mac er að vinna í þessu með okkur og mun koma með hugmyndir og eitthvert efni inn á stöðina," sagði Garðar.

Á meðal þáttanna sem verða í boði á Wave TV er vínþáttur í umsjón Önnu Brynju Baldursdóttur. Anna Brynja er lærð leikkona frá Rose Bruford College og útskrifast sem leiklistarkennari frá LHÍ í vor. „Við ætlum svona að taka snobbið úr vínmenningunni. Hugmyndin er komin frá mér og kærastanum mínum. Hann er vínsérfræðingur og ég er oft dálítið týnd í þessu," sagði Anna og hló. „Ég kem með spurningarnar sem enginn þorir að spyrja. Þetta verður fræðsla í svona léttgeggjuðum dúr. Svo ætlum við líka að skoða hvernig vín er gert, ræða við alþingismenn um léttvínsfrumvarpið og heimsækja vínskólann, svo eitthvað sé nefnt," útskýrði hún. Anna segir þáttinn því verða tilvalinn fyrir fólk sem vill kynna sér grundvallarreglur í vínsmökkun og öðru, án þess að þurfa að fara alveg á kaf. „Þetta verður á mannamáli, sem vill nú oft á tíðum vanta í vínþætti. En þeir sem halda að þeir viti allt um vín munu líka hafa gaman af þessu," sagði hún.

sunna@frettabladid.is



**VÍNMENNING AFSNOBBUÐ** Anna Brynja Baldursdóttir mun fjalla um vín á mannamáli í þætti sínum á Wave TV.



**TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK** Garðar Örn Hinriksson og samstarfsmenn hans í Wave TV vilja veita ungu fólki tækifæri á að koma verkum sínum á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hreimur Örn Heimisson** og félagar hans í hinni ágætu hljómsveit Land og synir eru hvergi nærri dauðir úr öllum æðum þó að lítið hafi farið fyrir þeim að undanförnu. Fréttablaðið spyr að nú séu þeir staddir í Nashville, mekka kántrísins, og séu þar að taka upp plötu.



**Jón Ársæll Þórðarsson** heldur sínu striki og um páskana er viðhafnarþáttur. Jón fer að Gardavatninu og finnur **Kristján Jóhannsson** hetjutenór þar fyrir. Jón Ársæll hefur áður byggt þátt á Kristjáni enda af nægu að taka þegar tenórinn er annars vegar. En Jón fer meðal annars í saumana á því þegar Kristján lenti upp á kant við þjóð sína síðast þegar hann var hér við söng og skemmtan á stuðningstónleikum. Og ættu áhorfendur ekki að láta þáttinn fram hjá sér fara en gleðigjafinn Kristján mun fara býsna nálægt því að biðja þjóðina afsökunar.

Annar sonur Íslands er heldur betur að gera það gott úti í hinum stóra heimi. Söngvarinn **Garðar Thor Cortes** fær alveg rífandi dóma í tímaritinu Music Week fyrir nýjustu plötu sína og er talinn brúa bil milli klassískrar tónlistar og popptónlistar. Á plötunni syngur hann gamla A-ha lagið Hunting High and Low og nýtur aðstoðar **Katherine Jenkins** og gerir skríbent Music Week því skóna að þarna geti verið kominn frumherji í alveg nýrri tegund klassísks popps.



**Einar Bárðarson** ætlar svo greinilega alla leið með skjólstæðing sinn því hann keypti forsíðuauglýsingu á þetta eitt stærsta tónlistartímarit heims. - jbg



VANTAR ÞIG VANA VERKAMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

# Fékk aðstoð frá Rúna Júl

Sigurður Laufdal vakti mikla athygli á síðasta ári þegar lagið Í frelsarans nafni fékk þó nokkra spilun á öldum ljósvakans. Sigurður sendir frá sér nýtt lag eftir páska sem er ögn hógværara en fyrra lagið og ber heitið Vogur. „Þetta fjallar bara um lífið og tilveruna og meðferðarheimilið á Vogi kemur þarna eitthvað við sögu. Annars lýsir textinn sér bara sjálfur í laginu," segir Sigurður, sem tók lagið upp hjá Rúnari Júlíussyni í Reykjanesbæ og spilaði gamli Hljómameðlimurinn undir á bassa. Auk þess spilaði Tryggvi Hubner á sólógítar og Mr. Handsome söng bakraddir. Sigurður reiknar með að lagið fái fyrst að hljóma í útvarpsþættinum Capone 16. apríl en sjálfur segist hann vera að leita að útgáfufyrirtæki sem vilji gefa tónlistina hans út.

Sigurður er sonur Guðlaugs Laufdals, predikarans sívinsæla á Omega, sem er ekki síður liðtækur gítarleikari en sonurinn. Og Sigurður útilokar ekki að hann kunni að fá pabba sinn til að syngja með sér dúett á plötu. „Þetta væri auðvitað tromp sem væri gulls ígildi og gott að hafa uppi í erminni," segir Sigurður, sem telur pabba sinn vera sáttan við feril sinn í rokktónlist, stefnu sem hin kristna trú hefur löngum hafa ímugust á. „Enda ekki annað hægt," bætir hann við og skellir upp úr. - fgg

**GUÐLAUGUR LAUFDAL** „Dúett með pabba væri tromp sem væri gulls ígildi og gott að hafa uppi í erminni," segir Sigurður.



**SIGURÐUR LAUFDAL** Gefur út lagið Vogur 16. apríl og stefnir ótrauður á útgáfu stórrar plötu.

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14

STÓR HUMAR



www.icelandexpress.is/afangastadir

# Þrettán fínar línur!

» Iceland Express býður ódýrt flug til þrettán áfangastaða í Evrópu og núna er rétti tíminn til að bóka, hvort sem þú vilt skella þér út á morgun, í maí eða bara hvenær sem er.

» Kynntu þér áfangastaðina og bókaðu svo á www.icelandexpress.is




## 1. Ósló

Karl Johan, Akershus-höllin og Akersbryggjan með allar sínar fínu verslanir. Holmenkollen, Munch-safnið, Grieg, síld og glæný rækja.

## 2. Stokkhólmur

Gamli Stan, djass, Sturebadet, Gallerian verslunarmiðstöðin, veitingahús eins og KB, Prinsen og Beluga. Svo er Skerjagarðurinn skammt undan.

## 3. Gautaborg

Vinaleg og sívinsæl meðal Íslendinga. Nordstan, Arkaden og Kompassen geyma allt sem hugurinn girnist. Lisebjerg skemmtigarðurinn og hugguleg sumarhús í næsta nágrenni. Heimsborg með smábæjarsjarma.

## 4. Billund

Sannkallað ævintýraland fyrir alla fjölskylduna. Lególand með sitt Taj Mahal og Frelsisstyttu. Safarí- og dýragarðurinn Løveparken rétt hjá. Frábær staður til að leigja sumarhús.

## 5. Kaupmannahöfn

Besti vinur íslenska ferðamannsins. Strikið, Tívolíið, Louisiana, óperan, klúbbar, Glyptoteket. Við elskum Køben og Køben elskar okkur.

## 6. Berlín

Hér mætast gamlir tímar og nýir. Kudamm, Friedrichstraße og KaDeWe fyrir þá sem vilja versla. Pergamon-safnið, Checkpoint Charlie, Altes Museum, Gemäldegalerie. Barir, vínstofur og veitingahús af ýmsum gerðum, út um alla borg.

## 7. Friedrichshafen

Bodensee, ævintýraeyjan Mainau og Svartiskógur eru í næsta nágrenni við Friedrichshafen og því erfitt að fara lengra. En það er líka tilvalið að leigja bíl og láta hug ráða för á þessu fagra svæði enda stutt til Sviss, Austurríkis og Ítalíu.

## 8. Basel

Framsækin nútímalist í Kunsthalle, tískuverslunin Trois Pommes Donna þar sem þú færð Prada, Gucci, Jil Sander og aðra góðkunningja tískulöggunnar, Basler Papiermühle-safnið, Münster dómkirkjan, næturklúbburinn Atlantis og forngripaverslanir. Svo er örstutt yfir í einn kaldan í Þýskalandi eða eitt rautt í Frakklandi.

## 9. Frankfurt Hahn

Sívinsæll áfangastaður íslenskra ferðalanga. Hinir fögru dalir Mósel, Rínar og Nahe eru nálægt með sín eðalhvítvín sem fá bragðlaukana til jóðla. Svo er stutt fyrir þá sem vilja lengra til Lúxemborgar, Belgíu, Frakklands og Hollands.

## 10. París

Borg sem aðrar borgir bera sig saman við. Eiffel-turninn, Louvre, Signa, Montmarte, Les Halles, Pompidou, ostar, rauðvín, saga og menning.

## 11. London

Ensk kurteisi en menning frá öllum heimshornum. Fjölbreytt úrval af veitingahúsum, pöbbum, vínbörum og klúbbum um alla borg. British Museum, Tate söfnin, Imperial War Museum og svo náttúrulega Madame Toussaud's fyrir alvöru fólk. Viltu versla? Kíktu þá á Oxford Street, Regent Street, Carnaby Street, Bond Street eða í Covent Garden.

## 12. Eindhoven

Falleg og fjölskylduvæn borg í hjarta Evrópu. Í Eindhoven er að finna hið kunna Evoluon ráðstefnusetur og söfnin Van Abbemuseum og Museum Kempenland. Ef þú vilt hreyfa þig, þá er borgin og nágrenni hennar paradís hjólreiðamannsins. Svo er stutt í allar áttir, t.d. aðeins 107 km til Amsterdam.

## 13. Alicante

Nú er hárréttur tími til að skella sér í sólina. Alicante þarf ekki að kynna fyrir sóldýrkendum. Strendur svo langt sem augað eygir, afþreying fyrir alla fjölskylduna, sundlaugar, golf, skemmtigarðar, barir, klúbbar og verslunarhverfi. Stuð allan sólarhringinn.

» VERÐ FRÁ:
**7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA F118659

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Helgidagar*

Um hverja einustu páska, einkum á föstudaginn langa, kemur upp ákveðin deila milli þeirra sem vilja virða helgidaga og þeirra sem vilja gera það sem þeim sýnist. Mér hefur alltaf fundist þetta dálítið furðuleg deila. Ég hef aldrei skilið þá almennilega sem vilja gera veður út af þessum helgidögum við þjóðkirkjuna eða aðra. Mér er spurn: Eru menn ekki bara almennt sáttir við það að fá frí? Þurfa menn endilega að gera eitthvað?

**SEM** krakki kunni ég illa að meta föstudaginn langa. Hann var alltof langur. Ekkert um að vera. Í námi leit ég yfirleitt á föstudaginn langa og páskana alla eins og hvert annað upplestrarfrí sem var brotið upp með gómsætu páskalambi, á milli þess sem maður grúfði sig yfir skruddurnar. Á fullorðinsárum hef ég hins vegar lært að meta páskana miklu betur. Þeir eru frábærir, í einu orði sagt. Hér er boðið upp á frí án sérstaks tilstands. Þetta eru bara helgidagar. Ekkert tré inni í stofu. Bara bók í hönd. Sumarbústaðarferð kannski. Eða skreppa á skíði. Semsagt: Þetta eru dagar til að slappa af, færðir manni á silfurfati í boði þjóðkirkjunnar. Og ég segi bara eins og Idolstjarnan: „Takk fyrir það“.

**ÉG** skal glaður nota þessa daga til íhugunar, í tilefni af píslargöngu eða öðru. Þó það nú væri. Ef fólk getur ekki verið sátt við þessi bíti er eitthvað mikið að. Hér gefst okkur kostur á fríi gegn því að við slökum á. Hversu langt er vinnugeðveikin farin með mann, hversu víðtæk er hin þjóðfélagslega manía orðin, ef samfélagið getur ekki sætt sig við svona kostaboð? Hvers vegna þurfa menn að nöldra út af þessu og rjúka til og bjóða upp á eitthvað bingó á Lækjartorgi, eins og trúleysingjar gerðu í gær, til þess að mótmæla?

**MÉR** leiðist þetta. Einu sinni var hljómsveitin mín beðin um að spila á föstudaginn langa. Við vorum fátækir námsmenn í þá daga, þannig að við ákváðum að taka boðinu. Þetta var á kaffihúsi. Staðarhaldari var staðráðinn í að hafa opið. Hann ætlaði sko ekki að láta brjóta á rétti sínum með einhverju helgidagavæli. „Ég ætla að hafa opið og bjóða upp á mitt kökuhlaðborð,“ sagði hann, í sínum síða leðurfrakka. „Löggan mun þurfa að draga mig út í hlekkjum.“

**AÐDÁUNARVERÐ** stefnufesta þarna á ferð, en ég varð óneitanlega hugsi. Að sjálfsögðu kom löggan ekki. Það var bara opið. Fólk fékk sér köku. En ég velti fyrir mér: Af hverju verða sumir svona æstir yfir því þegar frídagar koma og þeir mega helst ekki vinna? Af hverju vilja þeir ekki slaka á? Hvað er málið? Hið alvarlega í þessu er það, að þeir sem vilja helst vinna draga aðra með sér í vinnu og smám saman verða frídagarnir engir. Og þá er þjóðfélagið hætt að geta slappað af yfir höfuð, sem er afskaplega vont. Grundvallaratriðið er nefnilega þetta: Öll þjóðfélög þurfa helgidaga. Og ef einhverjir þurfa að slappa af endrum og eins eru það Íslendingar. Njótum þess. Gleðilega páska!


